FRÉTTABLAÐIÐ

143. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 27. JÚNÍ 2020

Í feluleik á Íslandi

Björk hefur undanfarið notið sín með fjölskyldunni og blæs til tónleika með íslensku tónlistarfólki. ➔ 22



FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Emmsjé Gauti myndi engu breyta

Tónlistarmaðurinn segir nauðsynlegt að gera mistök til að mótast. ➔ 24



Leikur móður Rachel McAdams

Elín Petersdóttir fer með hlutverk í Eurovision-kvikmynd Wills Ferrell. ➔ 28



Sól, stuð og bjartari tímar

Hildur Yeoman fagnar sól, sumri og bjartari tímum með nýrri línu. ➔ 46



Veður



Norðaustan 5-13, skýjað og smá væta sums staðar í dag, en þykknar upp og fer að rigna á sunnanverðu landinu í kvöld. Hiti 8 til 17 stig, hlýjast sunnan til. SJÁ SÍÐU 38



Halldóra Mogensen, þingflokksformaður Pírata. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Samningar um þinglok í höfn

STJÓRNMÁL Þingflokkar hafa loksins náð saman um þinglok og stefnt er að því að þingstörfum ljúki snemma í næstu viku. Þetta staðfestir Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær strandaði eingöngu á þingmannamáli Pírata um afnám refsinga fyrir vörslu neysluskammta fíkniefna, en samningar höfðu náðst við bæði Miðflokkinn og aðra flokka stjórnarandstöðunnar.

Meirihlutinn vildi ekki að frumvarp Pírata færi í atkvæðagreiðslu á Alþingi en vildi vísa málinu til ríkisstjórnarinnar. Það vildu Píratar ekki sættast á.

Stjórnarmeirihlutinn gaf sig hins vegar síðdegis í gær og mál Pírata fer væntanlega til atkvæðagreiðslu í þinginu á mánudag.

Þegar Píratar hófu málþóf vegna fíkniefnamálsins í gær höfðu Miðflokksmenn verið í málþófi í nokkra daga vegna frumvarps um stofnun opinbers hlutafélags um samgönguinnviði á höfuðborgarsvæðinu. Samkomulag náðist um málið sem afgreitt verður með framhaldsnefndaráliti frá fjárlaganefnd.

Enn á eftir að afgreiða fjölda mála á þingi og stóð þingfundur fram eftir kvöldi í gær. Gert verður hlé á þingfundum um helgina en þingstörfum svo lokið með atkvæðagreiðslum eftir helgi. **– aá**

Aldarafmæli fagnað



Rannveig Sigríður Sigurðardóttir fagnaði 100 ára afmæli í gær. Henni til heiðurs var farið í skrúðgöngu frá Sundlaug Kópavogs þar sem hún stundar enn sundleikfimi. Skrúðgangan endaði í afmælisveislunni þar sem Rannveig beið og tók á móti gestum með bros á vör. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Lýsir miklum vonbrigðum með sakfellingu

DÓMSMÁL „Þetta eru gríðarleg vonbrigði, að það sé sakfellt í þessu máli," segir Óttar Pálsson, verjandi Lárusar Welding sem sakfelldur var fyrir umboðssvik í Stím-málinu í Landsrétti í gær.

Fimm ára fangelsisdómur yfir Lárusi var staðfestur en refsingin skilorðsbundin vegna þess hve mjög málsmeðferðin hefur dregist á langinn en Fjármálaeftirlitið kærði hátt-semina til sérstaks saksóknara fyrir rúmum áratug.

Óttar segir ekki hafa verið tekna ákvörðun um hvort óskað verður eftir leyfi til að áfrýja málinu til Hæstaréttar.

Jóhannes Baldursson og Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson voru einnig sakfelldir í málinu og fengu einnig skilorðsbundna fangelsisdóma. Jóhannes í átján mánuði en Þorvaldur tólf. **– aá**



Voffar landsins boðnir velkomnir í ferðalagið

Sjö hótel Íslandshótela hafa fengið undanþágu frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu og eru hundar nú leyfilegir á ákveðnum svæðum hótelanna. Framkvæmdastjórinn segir Íslendinga áhugasama um að taka hundinn með.

FERÐAÞJÓNUSTA Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur veitt tímabundna undanþágu á reglugerð um hollustuhætti sem kveður á um bann hunda á gististöðum til sjö hótela Íslandshótela. Hundar eru nú leyfðir á hótelum keðjunnar í Reykholti, Stykkishólmi, Patreksfirði, Húsavík, Fáskrúðsfirði, Öræfasveit og á Grand Hóteli í Reykjavík. Undanþágan gildir til 1. október á þessu ári.

Í beiðni um undanþágu sem send var ráðuneytinu 12. maí síðastliðinn kemur fram að ástæður beiðninnar séu fordæmalausar aðstæður í þjóðfélaginu vegna COVID-19, fækkun erlendra ferðamanna og aukin hundaeign landsmanna. „Hundaeign landsmanna hefur aukist undanfarin ár og teljum við að með því að bjóða gistingu þar sem hundar eru leyfðir þá náum við að koma til móts við og uppfylla þarfir hundaeigenda."

Undanþágan er bundin ýmsum skilyrðum sem lúta til dæmis að þrifum, hreinlæti og ábyrgð. Hundar skulu vera í búrum á herbergjum hótelanna, þeir skulu ekki valda ónæði, aðrir gestir hótelsins skulu vera upplýstir um að hundar séu leyfilegir og þeir eru aðeins leyfilegir á ákveðnum svæðum hótelanna. Þá skal áætlun um þrif vera í samræmi við að hundar dvelji á hótelunum.

Davíð Torfi Ólafsson, framkvæmdastjóri Íslandshótela, segir íslenskt ferðafólk afar áhugasamt um að taka hundinn með í ferðalagið og að breytingarnar fari vel af stað. „Áhuginn er mikill og við sjáum að það verður töluvert um þetta þegar fjölskyldur fara í ferðalög í júli," segir hann.



Hundar eru velkomnir á sjö hótel Íslandshótela í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> **Þeir sem hafa komið með hunda til okkar eru mjög ánægðir og þetta hefur gefist mjög vel.**
>
> Davíð Torfi Ólafsson, framkvæmdastjóri Íslandshótela



„Þeir sem hafa komið með hunda til okkar eru mjög ánægðir og þetta hefur gefist mjög vel. Það eru auðvitað strangar reglur og við förum eftir þeim, hundar mega til dæmis ekki koma nálægt veitingasal," segir Davíð.

Þá segir hann Ísland að mörgu leyti aftarlega á merinni hvað varðar reglur um gæludýr. „Í mörgum öðrum löndum hafa gæludýr verið boðin velkomin á hinum ýmsu stöðum en ekki eins mikið hér. Þetta er þó að breytast og við erum farin að sjá meira af því að gæludýr séu boðin velkomin á kaffihús til dæmis," segir hann.

„En auðvitað eru tvær hliðar á þessu og það þarf að fara varlega. Það er fólk með bráðaofnæmi og annað slíkt svo það þarf að gæta allra reglna en í heildina litið er þetta jákvæð þróun myndi ég segja," bætir Davíð við.

birnadrofn@frettabladid.is

HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

TAX FREE

Garðplöntur • Sumarblóm • Viðarvörn
Pallaolía • LADY málning • Reiðhjól

TAX FREE
Reiðhjól

Gildir ekki af rafmagnshjólum

Ný sending af reiðhjólum



TAX FREE
Viðarvörn, pallaolía og Lady málning



TAX FREE
Sumarblóm og garðplöntur

blómaval



Gefum ÍS
í Skútuvogi alla helgina **kl. 12-17**

Kaupauki
Kassi af Sumar Kristal fylgir öllum grillum í Skútuvogi





Tax free tilboð jafngildir 19,35% afslætti

TÖLUR VIKUNNAR 21.06.2020 TIL 27.06.2020

57
prósent Íslendinga telja kynþáttafordóma algenga á Íslandi.

73
einstaklingar eru með skráð lögheimili á Bræðraborgarstíg 1 sem brann í vikunni.

310
milljóna króna bónus mun renna til stjórnarmanna Klakka, vegna árangurs við sölu.

195
milljónir króna vantar upp á að Ríkisútvarpið standi við skuldbindingar sínar í þjónustusamningi.

2,3
prósenta lækkun var á verði sjávarafurða í erlendri mynt, í maímánuði síðastliðnum.

Þrjú í fréttum

Kærunefnd, hvatning og kvikmyndir

Sigurður Ingi Jóhannsson
samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra



sendi bréf með hvatningu til sveitarfélaga um að lækka álagningarprósentu, til að koma til móts við hækkun fasteignamats. Er þá fyrst og fremst horft til atvinnuhúsnæðis. „Ljóst er að tekjur sveitarfélaga af fasteignaskatti hafa hækkað verulega á umliðnum árum og því mikilvægt að halda aftur af frekari hækkunum á tímum sem þessum," segir í bréfinu.

Lilja Dögg Alfreðsdóttir
mennta- og menningarmálaráðherra



ætlar að höfða mál gegn Hafdísi Helgu Ólafsdóttur, skrifstofustjóra í forsætisráðuneytinu, sem kærunefnd jafnréttismála taldi að ráðherrann hefði brotið á þegar gengið var fram hjá henni við ráðningu í embætti ráðuneytisstjóra.

Kristinn Þórðarson
formaður Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda



sagði að rannsaka þyrfti greiðslur Ríkisútvarpsins til sjálfstæðra framleiðenda. Segir hann að ef greiðslurnar séu löglegar, þá séu þær ekki í anda þjónustusamningsins. Ríkisútvarpið hafi forskot á markaðnum og ætti að fara fram með góðu fordæmi.

Annað högg á Landsvirkjun

Þrátt fyrir að kísilmálmbræðsla PCC á Bakka muni stöðvast, mun fyrirtækið enn þurfa að standa skil á lágmarksgreiðslum til Landsvirkjunar, sem hefur engar ákvarðanir tekið vegna stöðvunar PCC.

STÓRIÐJA Fyrirhuguð framleiðslustöðvun kísilmálmframleiðandans PCC á Bakka gæti kostað Landsvirkjun yfir 300 milljónir króna á ársgrundvelli, ef miðað er við raforkuverð upp á 25 dollara á megavattstund og 80 prósenta lágmarkskaupskyldu PCC. Tilkynnt var í vikunni að PCC myndi hætta starfsemi tímabundið í lok júlímánaðar, aðeins fjórum mánuðum eftir að tilkynnt var um endurfjármögnun fyrirtækisins. Engar ákvarðanir hafa verið teknar innan Landsvirkjunar vegna stöðvunar PCC, segir talsmaður Landsvirkjunar.

Orkuþörf PCC á Bakka á fullum afköstum er um 456 þúsund megavattstundir á ári. PCC er skuldbundið til að standa skil á greiðslum til Landsvirkjunar þrátt fyrir að starfsemin stöðvist, en í orkusölusamningum sem þessum (e. take or pay) er algengt að kaupskylda hvíli á kaupandanum, um að minnsta kosti 80 prósent af umsaminni orku, óháð því hvort rafmagnið er notað eða ekki. Rúnar Sigurpálsson, framkvæmdastjóri PCC á Íslandi, vildi ekki upplýsa hver lágmarkskaupskylda PCC gagnvart Landsvirkjun væri.

„Það hefur engin ákvörðun verið tekin innan Landsvirkjunar vegna boðaðrar, tímabundinnar stöðvunar PCC Bakka. Sú stöðvun á að koma til framkvæmda síðar í sumar og þá munu mál eflaust hafa skýrst," segir Ragnhildur Sverrisdóttir, talsmaður Landsvirkjunar. „PCC Bakki er mikilvægur viðskiptavinur Landsvirkjunar og mikilvægur atvinnuveitandi og við vonum sannarlega að markaðsaðstæður breytist til hins betra sem fyrst," bætir Ragnhildur við.

Hugsanlegt tekjutap af minni raforkukaupum Bakka, miðað við ofangreindar forsendur, er ekki stórt í samhengi rekstrar Landsvirkjunar, en tekjur fyrirtækisins á síðasta ári námu yfir 70 milljörðum króna. Þó að smátt sé, eru tíðindin þó enn eitt höggið á rekstur fyrirtækisins. Landsvirkjun lækkaði nýlega verð til stórnotenda um allt að 25 prósent vegna erfiðrar stöðu á mörkuðum um heim allan. Áætlað er að þær verðlækkanir muni kosta einn og hálfan milljarð á þessu ári.

Öllu stærra áhyggjuefni Landsvirkjunar er að raforkuverð í Evrópu hefur hrunið á undanförnum mánuðum. Nýr orkusölusamningur Landsvirkjunar og Norðuráls, sem rekur álverið á Grundartanga, tók gildi í nóvember síðastliðnum og er tengdur við Nord Pool-raforkuverðið í Evrópu. Meðalverð á Nord Pool stóð í 42 evrum að meðaltali í nóvember síðastliðnum, en í lok þessarar viku stóð sama verð í 1,59 evrum á megavattstund og því væntanlega glatt á hjalla á Grundartanga um þessar mundir.

Um er að ræða meira en 96 prósenta lækkun og því einsýnt að Norðurál er væntanlega sá viðskiptavinur Landsvirkjunar sem borgar lægsta verðið um þessar mundir. Fram kom í ársskýrslu Landsvirkjunar fyrir síðasta ár, að áhættuvarnir gegn sveiflum á Nord Pool-raforkumarkaðnum séu ekki fyrir hendi. Norðurál kaupir alla jafna um 10 prósent af því rafmagni sem Landsvirkjun framleiðir.

thg@frettabladid.is



Önnur af tveimur túrbínum við Kröflu er nú stopp en það er ekki sagt tengjast stöðvun PCC. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Endurfjármögnun nýlokið

Tilkynnt var í apríl á þessu ári að rekstur PCC á Bakka hefði verið fjárhagslega endurskipulagður. Samkvæmt samkomulaginu var kísilverinu veittur frestur á greiðslu vaxta og afborgana og þá mun þýska fyrirtækið PCC SE, sem á 86,5 prósenta hlut á móti 13,5 prósenta hlut Bakkastakks, leggja fram 40 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði 5,6 milljarða króna, í reksturinn í formi hlutafaláns. Bakkastakkur er félag í eigu íslenskra lífeyrissjóða og Íslandsbanka. Framlag Bakkastakks var víkjandi og breytanlegt skuldabréfalán, með 8,5 prósenta vöxtum. Árlegar vaxtagreiðslur af bréfinu áttu að nema 800 milljónum króna.



íslenska

TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

SUMARSÝNING
TOYOTA KAUPTÚNI

í dag, laugardaginn 27. júní frá 12 – 16



Dráttarbeisli fyrir ævintýri sumarsins
fylgir með nýjum RAV4

Land Cruiser



AYGO **Yaris** **Corolla** **Toyota C-HR** **Camry Hybrid**

Söluráðgjafar okkar verða í sannkölluðum sumargír og taka vel á móti þér með einstökum tilboðum á sérvöldum bílum.

Nú er rétti tíminn til að undirbúa ferðasumarið mikla.
Komdu í Kauptúnið og leggðu drög að ævintýralegu sumri.

GLÆSILEGT
GJAFABRÉF
að andvirði
100.000 - 400.000 kr.
hjá einni af eftirtöldum verslunum fylgir nýjum AYGO, Yaris, Corolla, Toyota C-HR, Camry Hybrid, RAV4 og Land Cruiser

ELLINGSEN LÍFLAND VEIÐIHORNIÐ

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070

Gjafabréfið fylgir ekki með öðrum tilboðum. Bílarnir í þessari auglýsingu endurspegla ekki endilega þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Fólkið velur sér forseta

FORSETAKOSNINGAR Íslendingar kjósa sér í dag forseta til næstu fjögurra ára.

Í stærstu sveitarfélögum landsins eru kjörstaðir opnir frá klukkan 9 til 22 en opnunartími getur verið mismunandi í minni sveitarfélögunum. Allar upplýsingar um kjörstaði er að finna á vefnum kosning.is.

Kosningarnar í dag eru níundu almennu forsetakosningarnar í sögu lýðveldisins. Tveir eru í framboði, þeir Guðni Th. Jóhannesson, sitjandi forseti, og Guðmundur Franklín Jónsson.

Samkvæmt skoðanakönnunum bendir allt til öruggs sigurs Guðna sem hefur mælst með rúmlega 90 prósenta fylgi.

Síðdegis í gær höfðu um 52 þúsund manns kosið utankjörfundar sem er umtalsvert meira en fyrir fjórum árum. Víðir Reynisson yfirlögregluþjónn greindi frá því á blaðamannafundi í gær að ekki hefðu fundist leiðir til þess að einstaklingar í sóttkví gætu kosið.

Kjörsóknin fyrir fjórum árum var tæp 76 prósent en hún fór undir 70 prósent bæði 2012 og 2004. Sögulega séð hefur kjörsókn í forsetakosningum verið mikil ef undan eru skildar kosningarnar 1988. Þá var í fyrsta framboð gegn sitjandi forseta en Vigdís Finnbogadóttir hlaut yfirburðakosningu.

Á kjörskrá eru 252.217 einstaklingar sem eru rúmlega sjö þúsund fleiri en í kosningunum 2016.

Hlutfallslega flestir kjósendur búa í Suðvesturkjördæmi eða 28,8 prósent. Í Reykjavíkurkjördæmi norður búa 18,3 prósent og 17,8 prósent í Reykjavík suður. Þá eru 14,8 prósent í Suðurkjördæmi, 11,8 prósent í Norðausturkjördæmi og 8,5 prósent í Norðvesturkjördæmi. **– sar**

Kosningaþátttaka

1952	**82,0%**
1968	**92,2%**
1980	**90,5%**
1988	**72,8%**
1996	**85,9%**
2004	**62,9%**
2012	**69,3%**
2016	**75,7%**





Guðni Th. Jóhannesson

Hvernig hefur kosningabaráttan gengið?

Hún hefur gengið vonum framar. Hvarvetna hef ég fundið fyrir stuðningi, velvild og hlýhug. Fyrir það þakka ég innilega. Mér þykir líka vænt um að Íslendingar virðast sammála mér um að forseta beri að stuðla að samhug í samfélaginu, fagna fjölbreytni og frelsi, hampa því sem vel gekk fyrr á tíð, benda líka á það sem miður fór en horfa um leið björtum og raunsæjum augum fram á veg.

Hér í heimi er ekki sjálfgefið að geta haldið á kjörstað og kosið sér fulltrúa á þing eða þjóðhöfðingja.

Hvað kom mest á óvart í kosningabaráttunni?

Í þessu embætti lærist manni fljótt að láta fátt koma sér í opna skjöldu, vera viðbúinn hinu óvænta, vera fastur fyrir þegar á þarf að halda en sýna stillingu, sama á hverju gengur. Í kosningabaráttunni hefur margt verið fyrirsjáanlegt og ekkert komið á óvart. Blessunarlega hef ég fundið sama meðbyr og fyrr á forsetastóli, og það fæ ég seint fullþakkað.

Hvað tekur við náir þú ekki kosningu?

Ný ævintýri, nýjar áskoranir. Hvern einasta dag í nær fjögur ár hef ég fundið hversu einstakur heiður það er að gegna embætti forseta Íslands. Um leið veit ég að hamingja mín og lífsgleði ræðst ekki af því hvaða stöðu ég gegni í samfélaginu heldur því að eiga góða að, njóta góðrar heilsu og því að geta sagt við sjálfan sig að kvöldi: Þetta var góður dagur, nú hlakka ég til næsta dags.

Lokaskilaboð til kjósenda

Við skulum fagna þessari lýðræðishátíð saman. Hér í heimi er ekki sjálfgefið að geta haldið á kjörstað og kosið sér fulltrúa á þing eða þjóðhöfðingja. Við skulum nýta þennan rétt saman og minnast þess um leið að þrátt fyrir öll þau ólíku sjónarmið og ólíku hagsmuni sem eiga að ríkja í öflugu samfélagi er það mun meira sem sameinar okkar en það sem sundrar okkur. Og eitt af því sem við eigum að geta sameinast um er embætti forseta Íslands.



Guðmundur Franklín Jónsson

Hvernig hefur kosningabaráttan gengið?

Hún hefur gengið alveg glimrandi vel. Það er búið að vera alveg frábært að ferðast í kringum landið og hitta allt þetta góða og duglega fólk sem býr á Íslandi.

Hvað kom mest á óvart í kosningabaráttunni?

Hvað ráðamenn hafa leyft sér að ganga nærri þjóðinni með skattheimtu, skerðingum og lítilli hjálp við erfiðar aðstæður.

Það er búið að vera alveg frábært að ferðast í kringum landið og hitta allt þetta góða og duglega fólk sem býr á Íslandi.

Það er hægt að gera svo miklu betur og þetta þarf alls ekki að vera svona.

Hvað tekur við náir þú ekki kosningu?

Ég bara hreinlega veit það ekki. Ekkert ákveðið enn.

Lokaskilaboð til kjósenda

Mætum öll á kjörstað í dag og kjósum eftir eigin sannfæringu.

Þín skoðun skiptir máli.

Í dag mótar þín skoðun framtíðina.

GALLUP
TIL AÐ VERA VISS

Heimilislausir fá heimili í Grafarvogi

Íbúar í Grafarvogi eru klofnir í afstöðu sinni gagnvart smáhýsum fyrir heimilislausa. Sumir fagna og bjóða nýja gesti velkomna en aðrir segja það galið hjá borginni að koma óreglufólki fyrir við gönguleið nálægt sjó. Borgin hefur samþykkt að húsin muni rísa.

REYKJAVÍK Borgarráð samþykkti á fundi sínum á fimmtudag að setja upp svokölluð smáhýsi fyrir heimilislausa á Stórhöfða. Líkt og venjulega þegar húsin eru rædd eru íbúar klofnir í afstöðu sinni. Segja hugmyndina góða en vilja alls ekki fá þá sem þurfa að nýta sér þetta úrræði inn í sitt hverfi.

Meirihluti borgarráðs sagði í bókun sinni á borgarráðsfundinum að hann myndi halda áfram að leggja áherslu á skaðaminnkandi nálgun og hugmyndafræði um „húsnæði fyrst“ í þjónustu við heimilislaust fólk með miklar og flóknar þjónustuþarfir. Einnig að borgin myndi halda áfram að fjölga íbúðum og húsum til leigu fyrir heimilislaust fólk.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins bentu á að val á staðsetningu fyrir smáhýsi hefði gengið mjög brösuglega og telja það mikilvægt að kynna valkosti betur fyrir íbúum þeirra hverfa í Reykjavík þar sem fyrirhugað er að koma fyrir smáhýsum.

Aðeins ein jákvæð umsögn um smáhýsin barst Reykjavíkurborg. Þar segir að á Facebook-síðunni Íbúar í Grafarvogi hafi heyrst nokkrar mótbárur en langflestum þótt þetta jákvæð og góð aðgerð. „Bréfritari vonar að skipulaginu verði ekki breytt vegna örfárra en hárra radda og telur flesta íbúa Grafarvogs fagna því að gefa heimilislausum heimili,“ segir í umsögn sem Kristján Lindberg Björnsson skrifar undir. Aðrar eru ekki eins jákvæðar eins og Fréttablaðið greindi frá um miðjan mánuðinn.



Lóðin austur af Stórhöfða 17. Þar ætlar borgin að byggja smáhýsi fyrir heimilislausa. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Forstöðumaður yfir öllum smáhýsunum

Forstöðumaður verður yfir öllum smáhýsum og veitir íbúum viðeigandi stuðning ásamt starfsmönnum Vettvangs- og ráðgjafarteymis borgarinnar.

Íbúar hafa félagsráðgjafa hjá Þjónustumiðstöð sem aðstoðar þá eftir bestu getu, auk þess sem þeir fá stuðning teymisins. Eftir að einstaklingur fær úthlutað í smáhýsi skrifar hann undir þjónustusamning og fylgjandi húsreglur. Forstöðumaður mun tryggja hreinlæti og þrifnað við smáhýsin, segir í bréfi umhverfis- og skipulagssviðs borgarinnar.

Nokkrir íbúar Grafarvogs sendu umsögn þar sem þeir lýsa þeir sig mjög mótfallna hugmyndinni. Benda þeir á að smáhýsin „séu fyrirhuguð í nokkurra metra fjarlægð frá vinsælu útivistarsvæði og göngustíg með fram voginum og Stórhöfða“. Stígurinn sé nýttur í tómstundir barna og íþróttastarf og smáhýsin myndu „skemma“ fallega gönguleið.

„Smáhýsin og íbúar þeirra eigi ekki góða samleið með þessu útivistarsvæði. Galið sé að setja upp smáhýsi fyrir óreglufólk inn á mitt svæðið,“ segir í umsögn íbúa.

Þetta kvittar borgin ekki upp á og segir að ekki sé tekið undir að tillagan hafi veruleg áhrif á gönguleiðina meðfram voginum. Hún verði áfram til staðar í óbreyttri mynd.

Staðsetning smáhýsanna hefur heldur ekki í för með sér útsýnisskerðingu frá öðrum byggingum í grenndinni en íbúar smáhýsanna fá hins vegar fallegt útsýni yfir voginn. Ekki er tekið undir að smáhýsi við Stórhöfða eyðileggi útsýni frá íbúðabyggðinni hinum megin við voginn, segir enn fremur í útskýringum borgarinnar.

Eigendur nokkurra fyrirtækja við Stórhöfða lýsa sig andvíga smáhýsunum. Kaffitár gerir alvarlega athugasemd við tillöguna þar sem hún gæti rýrt verðgildi eignarinnar og haft truflandi áhrif á starfsemina. Flísabúðin á Stórhöfða 21, lýsir sig alfarið mótfallna smáhýsunum, sem gætu haft áhrif á rekstur verslunarinnar og veitingastaðurinn Nings mun trúlega ekki endurnýja leigusamning ef af þessu verður.

benediktboas@frettabladid.is





Leikarinn Atli Rafn og lögmaður hans, Einar Þór. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Réttaráhrif dóms gegn Persónuvernd óljós

DÓMSMÁL Leikarinn Atli Rafn Sigurðsson vann í gær mál sitt gegn Persónuvernd fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Var úrskurður stofnunarinnar frá 16. október árið 2018 felldur úr gildi. En samkvæmt honum bar Borgarleikhúsinu ekki að afhenda Atla gögn um nöfn og efni ásakana sem ollu því að honum var sagt upp störfum.

Taldi dómari verulega ágalla á úrskurði Persónuverndar, meðal annars að hann hefði verið byggður á nýjum lögum sem hefðu ekki tekið gildi, og að lög um persónuvernd takmarki ekki rétt sem viðkomandi kunni að eiga samkvæmt öðrum lögum, svo sem upplýsingalögum og stjórnsýslulögum. Var Persónuvernd einnig gert að greiða Atla Rafni 900 þúsund krónur í málskostnað.

„Það er ánægjulegt að hafa unnið þetta. Við töldum að þessi úrskurður væri ekki í lagi og þess vegna fórum við í þetta mál,“ segir Einar Þór Sverrisson, lögmaður Atla. Óvíst er hvað gerist næst, enda málið án fordæma og ekki er búið að úrskurða beint um afhendingu gagnanna. Segir Einar að það eigi eftir að koma í ljós hvaða réttaráhrif málið hafi.

> **Við töldum að þessi úrskurður væri ekki í lagi og þess vegna fórum við í þetta mál.**
>
> Einar Þór Sverrisson lögmaður

Samkvæmt Einari Karli Hallvarðssyni ríkislögmanni, sem flutti málið fyrir hönd Persónuverndar, hefur ekki verið tekin ákvörðun um hvort að því verði áfrýjað til Landsréttar. „Dómurinn verður tilkynntur viðeigandi stofnun, Persónuvernd í þessu tilviki, og svo kemur ákvörðun,“ segir hann.

Fresturinn til áfrýjunar eru fjórar vikur. **– khg**



ÚTILEGUDAGAR

20%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ÚTILEGUVÖRUM

24.–28. JÚNÍ



COLEMAN SPRUCE FALLS 4 PLUS
~~74.995 KR~~
59.996 KR



EUROM RAFMAGNSHITARI
~~8.995 KR~~
7.196 KR



BARDANI UNICORN STÓLL
~~6.995 KR~~
5.596 KR



COLEMAN KOBUK VALLEY 2
~~22.995 KR~~
18.396 KR



CAMPINGAZ POTTASETT
~~6.995 KR~~
5.596 KR



COLEMAN DECK STÓLL
~~16.995 KR~~
13.596 KR



PRIMUS LOKE TJALDHITARI
~~15.995 KR~~
12.796 KR



COLEMAN FRISCO SVEFNPOKI
~~8.995 KR~~
7.196 KR



BARDANI MUSICA BORÐ
~~17.995 KR~~
14.396 KR



COLEMAN SILVERTON 250 SVEFNPOKI
~~14.995 KR~~
11.996 KR

CAMPINGAZ XTRA SINGLE LOFTDÝNA
~~6.995 KR~~
5.596 KR





CAMPINGAZ PLUS KÆLIBOX 28L
~~28.995 KR~~
23.196 KR



CAMPINGAZ CAMP BISTRO 300
~~10.995 KR~~
8.796 KR

Ferðumst **innanlands** í sumar

ELLINGSEN

FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVABRAUT 1–3 AKUREYRI / 580 8500 / SÍÐAN 1916 / WWW.ELLINGSEN.IS

*Verð eru birt með fyrirvara um innsláttarvillur

Stöðvunin á Bakka áminning um nauðsyn fjölbreytni atvinnulífs

BYGGÐAMÁL „Það getur verið tvíeggjað sverð fyrir lítil og meðalstór byggðarlög þegar eitt fyrirtæki er burðarásinn í atvinnulífinu," segir Þóroddur Bjarnason, prófessor við Háskólann á Akureyri og einn helsti sérfræðingur landsins í byggðamálum. „Við þekkjum þetta vel úr til dæmis sjávarútveginum þar sem tiltekin byggðarlög nánast standa og falla með útkomunni úr excel-skjali útgerðarinnar á staðnum."

Á fimmtudag var tilkynnt að framleiðsla kísilverksmiðjunnar PCC á Bakka við Húsavík yrði stöðvuð og á níunda tug starfsmanna sagt upp. Bæði stjórnarformaður fyrirtækisins og sveitarstjóri Norðurþings hafa sagt að um tímabundna stöðvun sé að ræða og vonast sé til þess að framleiðsla geti hafist á ný um áramót.

Þóroddur segir fjölbreytni í atvinnulífinu einn mikilvægasta þáttinn í að styrkja byggðir landsins. Að sjávarútvegur, ferðaþjónusta, stóriðja, fiskeldi og opinber starfsemi séu ekki töfralausnir hver um sig en geti saman skapað traustar undirstöður lítilla samfélaga.

> **Tiltekin byggðarlög nánast standa og falla með útkomunni úr excel- skjali útgerðarinnar á staðnum.**
>
> Þóroddur Bjarnason, prófessor við HA



„Uppbygging iðnaðarsvæðisins á Bakka hefur þannig styrkt atvinnulífið í Suður-Þingeyjarsýslu, bæði með þeim störfum sem hafa skapast og með aukinni fjölbreytni í atvinnulífi," segir Þóroddur. „Það hefur hins vegar verið ákveðinn veikleiki að kísilverið hefur staðið að mestu undir starfseminni á svæðinu eins og sést á því að breytingar í excel-skjali stjórnenda PCC hefur í för með sér umtalsvert högg fyrir samfélagið."

Líkt og stjórnendur PCC telur Þóroddur víst að um skammtímaaðgerð sé að ræða. Hún sé þó áminning til fólks um að fyrirtæki komi og fari en innviðaáhrifin ráðist af innviðum og seiglu samfélagsins. Óttast hann ekki um framtíð Húsavíkur í þessu samhengi.

– khg

Stefnir í sögulegar kosningar hjá SÁÁ

Á aðalfundi SÁÁ munu tvær fylkingar keppa um formann og 16 stjórnarstöður. Stuðningsmaður Einars Hermannssonar óttast fjöldauppsagnir á spítalanum en stuðningsmaður Þórarins Tyrfingssonar óttast að Vogur verði að annarri geðdeild Landspítalans.

HEILBRIGÐISMÁL Búist er við spennandi kosningum á aðalfundi SÁÁ á þriðjudag en þar verður kjörinn nýr formaður og 16 stjórnarmenn í 48 manna stjórn samtakanna. Tveir hafa boðað framboð til formennsku, Þórarinn Tyrfingsson, fyrrverandi formaður og yfirlæknir til áratuga, og Einar Hermannsson, sem sagði sig úr stjórn SÁÁ í vor eftir hatrammar deilur milli meðferðarsviðsins og framkvæmdastjórnar. Núverandi formaður, Arnþór Jónsson, hefur ákveðið að stíga til hliðar eftir aðalfund.

Vill efla grasrótarstarf og verja faglega meðferð

Frosti Logason útvarpsmaður ákvað að bjóða sig fram til stjórnar eftir að hafa fylgst með átökunum í vor. Hann hefur verið meðlimur í nokkur ár en ekki komið beint að starfinu fyrr.

„Ég fór að hafa áhyggjur af stöðunni þegar ég sá að framkvæmdastjórnin hafði sagt upp fjölda starfsmanna og Valgerður Rúnarsdóttir yfirlæknir sagt sínu starfi lausu til að mótmæla því," segir Frosti. „Eftir að hafa skoðað þessi mál komst ég að þeirri niðurstöðu að framtíð SÁÁ væri best borgið undir stjórn Einars Hermannssonar."

Segir hann Einar tala fyrir heilbrigðustu sýninni, það er að efla grasrótarstarf samtakanna og standa vörð um faglega hluta meðferðarstarfsins þannig að framkvæmdastjórnin sé ekki að hlutast til um það.

Nýlega skrifuðu 57 starfsmenn undir yfirlýsingu til stuðnings Einari og gegn framboði Þórarins. Þar á meðal Víðir Sigrúnarson yfirlæknir og Ingunn Hansdóttir yfirsálfræðingur. Frosti segist ekki geta neitað því að óttast um starfsemina ef framboð Þórarins og fylgismanna hans verður ofan á, það er að stór hluti starfsfólksins myndi einfaldlega segja upp.



Hart er deilt um framtíð SÁÁ og spítalans að Vogi og vonast er til að aðalfundur skeri á hnútinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Það yrði algjört stórslys ef allt færi á hliðina og það þyrfti að endurráða í allar stöður og þjálfa fólk upp á nýtt.**
>
> Frosti Logason útvarpsmaður



„Það yrði algjört stórslys ef allt færi á hliðina og það þyrfti að endurráða í allar stöður og þjálfa fólk upp á nýtt," segir hann. „Undir stjórn Valgerðar hefur verið mikil starfsánægja og miklu minni starfsmannavelta en á árum áður." Segist hann þó vera bjartsýnn á að sigur vinnist á aðalfundi.

Verið að slíta Vog frá SÁÁ

„Ég er búinn að starfa með Þórarni frá upphafi og hann hefur búið til þessa meðferð í raun," segir Hendrik Berndsen blómaskreytingamaður, eða Binni í Blómaverkstæðinu. Binni var einn af þeim sem stofnuðu SÁÁ árið 1977 eftir að hafa lært af meðferðarstarfi í Freeport í Bandaríkjunum. Hann býður sig nú fram í 48 manna stjórnina.

Þrátt fyrir yfirlýsingu starfsfólks telur Binni að eina leiðin til að ná sátt innan samtakanna sé að Þórarinn verði kjörinn formaður. Spyr hann sig hvað sé að gerast í starfsmannahópnum. „Það er ekki hægt að lækna okkur fyllibytturnar, ekki frekar en fyrir 40 árum síðan. En það er hægt að kenna okkur leið til að lifa lífinu lifandi þegar við komum út úr meðferð," segir hann. „Frá því að ég var 18 til 32 ára var ég búinn að fara 28 sinnum inn á Kleppsspítala, því það var eina meðferðin á sínum tíma. Færustu geðlæknar og sálfræðingar gátu ekki læknað mig þá frekar en í dag. Þess vegna stofnuðum við SÁÁ."

> **Ég veit ekkert hvernig þetta fer. En ef þetta fer á hinn veginn þá er 40 ára starf runnið út í sandinn og eftir nokkur ár verður þetta orðin önnur geðdeild Landspítalans.**
>
> Hendrik Berndsen, blómaskreytingamaður



Telur Binni að þeir sem skrifi gegn núverandi stjórn og framboði Þórarins séu að reyna að slíta spítalann á Vogi frá samtökunum sjálfum. Einnig efast hann um að full heilindi séu að baki öllum 57 undirskriftunum og telur starfsfólk hafa verið beitt þrýstingi.

„Ég veit ekkert hvernig þetta fer. En ef þetta fer á hinn veginn þá er 40 ára starf runnið út í sandinn og eftir nokkur ár verður þetta orðin önnur geðdeild Landspítalans."

kristinnhaukur@frettabladid.is



Engum tollverði hefur verið sagt upp

SEYÐISFJÖRÐUR Á bæjarráðsfundi Seyðisfjarðar var málefni tollvarða tekið upp að nýju. Í byrjun mánaðarins gagnrýndi bæjarráð uppsagnir hjá tollinum og að útsvarstekjur Seyðisfjarðarkaupstaðar væru rýrðar með því að leggja niður störf og færa þau til Reykjavíkur.

Líneik Anna Sævarsdóttir spurði Bjarna Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, út í stöðuna á Alþingi en samkvæmt svörum frá ráðuneytinu hefur engum tollverði á Austurlandi verið sagt upp. Fjórir tollverðir starfi þar. Ef senda þurfi tollverði frá Reykjavík austur á land kosti dagurinn 61 þúsund í flug, 15-20 þúsund í bílaleigubíla sem og gistingu en uppihald er í kringum fjögur þúsund krónur. Það fer þó eftir því hvort morgunmatur er innifalinn í gistingu.

Þetta þykir bæjarráði Seyðisfjarðar furðuleg skýring og segir: „Ljóst er að hér er á ferðinni grafalvarlegt mál," og skorar á stjórnvöld að gera rannsókn á ferli þessa máls er snýr að fækkun aðstoðarmanna tollembættisins á Seyðisfirði og varðar tollskoðun við móttöku farþega- og bílaferjunnar Norrænu. „Það er ekki einungis höggvið skarð í opinbera starfsmannaflóru kaupstaðarins heldur er um rangfærslur að ræða í þeim upplýsingum sem okkur hafa verið sendar varðandi málið sem fást ekki staðist." **– bb**



Enginn virðist vita hvort tollurum hafi verið sagt upp störfum eða ekki. Stórt sé spurt og nóg um svör en þau eru öll þvers og kruss. MYND/TOLLURINN

KRÓNAN

Fáðu töfra innblástur á kronan.is/töfrar

Simsala-bimm-bamm ...

BANANA SPLITT Í FERÐALAGIÐ!

TÖFRABRAGÐ HNETUR YFIR EFTIRRÉTTINN

Ódýrt

Oatburst hafragrautur
110 kr. pk.

Bananar
266 kr. kg

Ódýrt

Nordthy musli bar
49 kr. stk.

Bland í poka

5 stk. á 220 kr.

Ódýrt

First Price saltstangir
99 kr. pk.

First Price pistasíuhnetur
599 kr. pk.

First Price salthnetur
179 kr. pk.

Afgreiðslutímar á www.kronan.is Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

BRUNI Í VESTURBÆNUM

Harmleikur af mannavöldum

Lögreglan telur rökstuddan grun leika á því að eldurinn sem kom upp í húsi á horni Bræðraborgarstígs og Vesturgötu á fimmtudaginn hafi kviknað af mannavöldum. Þrír létust í brunanum og liggja tveir til viðbótar á sjúkrahúsi en einn hefur verið útskrifaður.

Maður á sjötugsaldri sem var íbúi í húsinu hefur verið úrskurðaður í vikulangt gæsluvarðhald en hann var handtekinn við rússneska sendiráðið skömmu eftir að eldurinn kom upp.

Á blaðamannafundi í gær kom fram að lögreglan hafi verið kölluð að húsinu nóttina áður en eldurinn kviknaði.

Upptök eldsins virðast hafa verið í eða við vistarverur mannsins en rannsókn lögreglunnar miðast við að eldurinn hafi verið kveiktur af mannavöldum og er málið rannsakað sem sakamál.



Aðstæður voru erfiðar á vettvangi brunans. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Frá blaðamannafundi lögreglunnar og slökkviliðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Maður á sjötugsaldri sem bjó í húsinu var úrskurðaður í vikulangt gæsluvarðhald í Héraðsdómi Reykjavíkur. Hann var handtekinn við rússneska sendiráðið skömmu eftir að eldurinn kom upp í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Tveir köstuðu sér út af þriðju hæð hússins en einum var bjargað með stiga. Lík tveggja einstaklinga fundust í húsinu en ekki hefur tekist að bera kennsl á þau. Einn var úrskurðaður látinn á sjúkrahúsi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Eins og sjá má er húsið gjörónýtt eftir brunann en tilkynnt var um eldinn klukkan 15.15 og komu fyrstu viðbragðsaðilar á vettvang fimm mínútum síðar. Slökkvistarfi lauk ekki fyrr en klukkan hálf fjögur aðfaranótt föstudags. Rannsókn á tildrögum brunans stendur yfir en lögreglan hefur rökstuddan grun um að eldurinn hafi kviknað af mannavöldum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

MARAÞON

Úrval afþreyingar fyrir alla í sumar

NÝTT EFNI DAGLEGA

á aðeins **3.990** kr./mán.



KVIKMYNDIR
900+
TITLAR

BARNAEFNI
160+
TITLAR

ÞÁTTARAÐIR
400+
TITLAR



Eigðu skemmtilegt sumar með
Stöð 2 Maraþon, heima eða á ferðinni.
Tryggðu þér áskrift í dag á **stod2.is.**



MARAÞON

GARÐHÚSGÖGN



20% AFSLÁTTUR



ENN MEIRA ÚRVAL ÚTIHÚSGAGNA OG FYLGIHLUTA Í SÉR-BÆKLINGI OKKAR UM GARÐHÚSGÖGN. Þú finnur hann á husgagnahollin.is

MALMÖ

Hornsófi úr Malmö línunni. Handofin húsgögn úr sterku nælon fléttuefni og álgrind. Fyrsta flokks svampur og áklæði með góða endingu. Stærð: 249 x 249 x 66 cm

149.592 kr. ~~186.990 kr.~~

ASHFIELD

Hornsófi (2sæti-horn-2sæti) í Ashfield línunni sem inniheldur m.a. borð, 3ja sæta sófa og armstól. Grind úr ryðfríu áli, utan um er handofið fléttuefni sem endist og heldur sér vel. Í sessu er fyrsta flokks svampur og utan um er vandað Olifin áklæði.
Stærð: 202 x 202 x 93 cm

191.992 kr. ~~239.990 kr.~~



20% AFSLÁTTUR



20% AFSLÁTTUR

CIRCLE

Circle garðborðin vinsælu er komin aftur. Grind úr endingargóðu og sterku húðuðu áli. Platan úr bambus viði með granít kjarna í miðju.
Stærð: Ø 110 x 74,5 cm

79.992 kr. ~~99.990 kr.~~



20% AFSLÁTTUR

CLICK

Tvær gerðir Click garðstóla, frá danska fyrirtækinu HOUE, úr plastblöndu, húðuðu áli og bambus sem er ein sterkasta viðartengundin. Styður mjög vel við bakið í öllum setstöðum en gefur einnig vel eftir svo hann er mjúkur og þægilegur. Fæst með háu og lágu baki. Dökkgrár.

Lágt bak: D: 55 B: 60 H: 82 cm

22.392 kr. ~~27.990 kr.~~

Hátt bak: D: 55 B: 60 H: 106 cm

25.592 kr. ~~31.990 kr.~~

MIKIÐ ÚRVAL AF SMÁVÖRUM MEÐ 20–60% AFSLÆTTI!



VALIN MATARSTELL
40%
AFSLÁTTUR



ÖLL GÓLFTEPPI OG -MOTTUR
50%
AFSLÁTTUR

Reykjavík Bíldshöfði 20
12 – 18 virka daga
12 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri Dalsbraut 1
12 – 18 virka daga
12 – 16 laugardaga

Ísafjörður Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru. Afsláttarverð gilda til 12. júlí eða á meðan birgðir endast



20%
AFSLÁTTUR



CANNES
Hægindastóll með skemli. Svart, brúnt eða grátt leður á slitflötum.

115.992 kr. ~~144.990 kr.~~



20%
AFSLÁTTUR

RETINA
Skemmtileg skammel með geymslu. Skammelin koma í fjórum litum í sléttflaueli. Grá, gul, koparrauð, dökkblá og bleik. Stærð: 60 x 60 x 35 cm

15.992 kr. ~~19.990 kr.~~

KIRUNA
Vandaður hornsófi í sterku, dökkgráu áklæði með massíva olíuborna eikarfætur. Fæst með hægri eða vinstri tungu/horni. Falleg og stílhrein skandinavísk hönnun sem passar við húsgögnin þín. Stærð: 236 x 200 x 78 cm

151.992 kr.
~~189.990 kr.~~

CUBO
Sérlega vandaður og veglegur ítalskur svefnsófi. Bak er dregið fram á einfaldan hátt til að opna fjaðrandi stálgrind. Þar liggur heil (laus) 194×140x13 cm svampdýna sem fylgir. Svefnsófi sem fer vel með gestina. Fæst blágrænn og ljós- eða dökkgrár.

20%
AFSLÁTTUR



151.920 kr. ~~189.990 kr.~~



CRAY
Borðstofustóll. Svart, bleikt, brons eða grátt sléttflauel.Svartir fætur.



20%
AFSLÁTTUR

26.392 kr. ~~32.990 kr.~~





60%
AFSLÁTTUR

VILE
Einbreiður svefnsófi. Paprikkurautt eða dökkgrátt áklæði. Bogadregið bakstykki sem gefur sóanum sértakt útlit. Tveir samlitir bakpúðar. Stærð: 211 x 87 x 77 cm.

79.996 kr.
~~199.990 kr.~~

ALEXA
Vandaður borðstofustóll. Svart, brúnt eða hvítt ekta leður. Fætur úr burstuðu stáli.



20%
AFSLÁTTUR

27.992 kr. ~~34.990 kr.~~

Þú finnur bæklinginn
husgagnahollin.is

HÚSGAGNA HÖLLIN

Erindi



Jón Þórisson
jon@frettabladid.is

Veturinn að baki var svo sannarlega óvæginn og harðdrægur. Stjórnmálin hafa ekki farið varhluta af því. Eins og hendi væri veifað lokaðist landið og fólk lokaði sig inni. Nær allur einkarekstur í uppnámi og tugir þúsunda misstu vinnuna að hluta, eða öllu leyti.

Viðbrögð ríkisstjórnarinnar létu á sér standa í fyrstu, en svo litu aðgerðapakkar dagsins ljós, einn af öðrum. Kynntar aðgerðir voru misgagnlegar, en settar fram í þeim tilgangi að deyfa höggið og reyna að koma í veg fyrir varanlegt tjón. Ýmislegt sem kynnt var sem bráðaaðgerðir hefur þó ekki komið til framkvæmda. Brúarlán, stuðningslán, lokunarstyrkir og einskiptis fjárstuðningur við fjölmiðla eru þar á meðal.

Í þessum darraðardansi hefur ráðherra menntamála skorið sig úr í hópi ráðherra, fyrir klaufaskap og úrræðaleysi á viðkvæmum tímum. Sumt af því sem á borði ráðherrans var þennan vetur hefur ekki komist í verk, á meðan annað hefur verið framkvæmt þannig að eftirmál verða.

Ráðherrann skipaði í stöðu ráðuneytisstjóra og niðurstaðan var brot á jafnréttislögum.

Ráðherrann grófst fyrir um það hjá fjölmiðlum í vetur hvaða áhrif tugaprósenta samdráttur á auglýsingamarkaði hefði haft á rekstur þeirra. Niðurstaða þess var að kynna einskiptis stuðning við fjölmiðla, í því skyni að í landinu héldist upplýstur og fjölbreyttur fréttaflutningur. Þetta var í mars. Ekkert bólar á þeim stuðningi. Og úr því það er nefnt, þá bólar heldur ekkert á fjölmiðlafrumvarpinu sem um hefur verið rætt í mörg misseri.

Ráðherrann ákvað fjárstuðning við sumarnám í háskólum. Í framhaldi benti Félag atvinnurekenda á að útfærsla niðurgreiðslunnar væri ólögmæt og samkeppnishamlandi og bryti gegn samningi um EES.

Ráðherrann ákvað að einn helsti ráðgjafi hennar skyldi taka forsæti í fjölmiðlanefnd, en þó lá fyrir að annar kandídat, sem hafði verið boðið sætið, væri til þess hæfari. Ráðherrann hefur svo haldið áfram að nýta sér þjónustu þessa ráðgjafa og hefur Fréttablaðið upplýst að hann hafi þegið hátt á annan tug milljóna frá ráðuneytinu á starfstíma ráðherrans.

Ráðherrann kynnti nýjan þjónustusamning við Ríkisútvarpið í ríkisstjórn í desember síðastliðnum. Þjónustusamningurinn kveður meðal annars á um tekjur stofnunarinnar og ráðstöfun þeirra til verkefna hennar. Samt hefur ekki verið undir hann ritað, svo vitað sé.

Fréttablaðið hefur fjallað um kaup Ríkisútvarpsins á verkum sjálfstæðra framleiðenda. Ekki ber á öðru en að sá þáttur fullnægi ekki skilyrðum sem sett eru í gildandi þjónustusamningi. Þetta hefur ráðherrann ekki fengist til að ræða við blaðið.

Verkleysið er þó ekki algert. Ráðherrann ætlar að stefna umsækjanda sem kærði skipan ráðuneytisstjórans til kærunefndar jafnréttismála, til ógildingar úrskurðar nefndarinnar um að ráðherrann sjálfur hafi brotið jafnréttislög. Það er fremur lágt ris á þeirri framgöngu.

Við bætist svo að ráðherrann er á flótta undan fjölmiðlum, sem vilja ræða þessi mál við hana.

Allt ber þetta vott um verk- og ráðaleysi ráðherrans og læðist að efi um hvort hún eigi erindi í pólitík.

Í þessum darraðardansi hefur ráðherra menntamála skorið sig úr í hópi ráðherra, fyrir klaufaskap og úrræðaleysi á viðkvæmum tímum.



Gunnar



Mín skoðun Lára G. Sigurðardóttir



Við og þau

Sprengingar og sírenuvæl ræstu okkur hjónin nokkrar nætur í röð í Palo Alto-bæ í Kaliforníu. Bænum sem er vanur að sofa rótt. Ómanneskjulegt morð á hinum 46 ára George Floyd í Minneapolis í síðasta mánuði hefur vakið óhug um heim allan. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem bandarískur lögreglumaður aflífar samfélagsþegn. Í þetta sinn horfði heimurinn á aftökuna. Glæpur George var að nota falsaðan peningaseðil.

Samkvæmt vefnum Mapping Police Violence rænir lögreglan í Bandaríkjunum árlega um 1.100 manns lífi. Svartir eru þrefalt líklegri en hvítir til að vera myrtir af lögreglu, en á sama tíma eru helmingi minni líkur á því að hinir svörtu séu vopnaðir. Þetta eru tölulegar staðreyndir.

Tvær tegundir af fólki

Kynþáttafordómar leynast víða, því miður. Sagt hefur verið: „Til eru tvær tegundir af fólki: Þau sem skipta heiminum í „við gegn þeim“ og þau sem gera það ekki,“ og að fleiri tilheyri fyrri tegundinni. Rökhugsun ræður sjaldnast skiptingunni, heldur er það undir tilfinningu komið hvort þú fáir inngöngu í „við“, eða þér verði úthýst sem „þau“. Það eru meiri líkur á að komast í „við“ ef þú tilheyrir sama kynþætti, stundar sömu trúarbrögð, heldur með sama fótboltaliði, og þar fram eftir götunum.

En hvaðan kemur þörfin að flokka fólk í „við og þau“? Stanford-prófessorinn Robert Sapolsky hefur rannsakað heilann í þessu samhengi. Talsverðar vísbendingar eru um að það að skipta heiminum í „við-þau“ sé greypt í heilann. Ef okkur er sýnd mynd af manneskju af öðrum kynþætti í sekúndubrot (svo stuttan tíma að við erum ekki viss um af hverju myndin var) þá ræsist heilasvæðið mandla, sem er svæði ótta, kvíða og árásarhneigðar. Því meiri undirliggjandi kynþáttafordómar, því meiri virkni mælist í möndlunni. Og því sterkari tilfinning um að okkur sé ógnað. Aftur á móti ef myndin var af sama kynþætti, þá helst mandlan róleg. Það óhugnanlega er, að það er hægt að skilyrða fólk þannig að það upplifi ógn af öðrum kynþáttum.

Að komast í „við“ hjá öðrum er skiljanlega eftirsóknarvert, því að aðskilnaður er einn versti sársauki sem hægt er að upplifa. Þegar maður tilheyrir „við“, þá er maður hluti af einhverju stærra.

Einungis „við“

Friðarverðlaunahafi Nóbels árið 2019, Abiy Ahmed, forsætisráðherra Eþíópíu, aðhyllist medemer-hugmyndafræðina, þar sem einungis „við“ þrífst. Hann vísar í afríska orðatiltækið: „Svo að þú megir eiga friðsama nótt, þarf nágranni þinn líka að eiga friðsama nótt.“ Það sé kærleikur, fyrirgefning og samstaða, sem raunverulega tengi mannkynið. Medemer stendur fyrir sameiningu fjölbreytileikans, þar sem ólík og andstæð viðhorf geta setið sátt við sama borð, og skoðanahroki á þar ekkert erindi, enda liggja rætur hugmyndafræðinnar í sjálfsþekkingu og náttúru. Þetta er alger andstæða þess sem við sjáum í kommentakerfum hins vestræna heims.

Við breytum kannski ekki hvernig ósjálfráð fyrstu viðbrögð heilans eru, en með því að staldra við og skoða eigin hugsanir, getum við breytt viðbrögðum okkar. Ef andlit af öðrum kynþætti er sýnt nógu lengi, kviknar á svæði rökhugsunar í framheilanum – svæðinu sem getur slökkt á möndlunni og kallað fram samhygð. En til að takast á við eigin fordóma þurfum við að byrja á að ígrunda eigin hugsanir. Robert Sapolsky minnir okkur einnig á að skynsemi er venjulega byggð á rökhugsun, en ekki tilfinningum frá möndlu eða öðrum heilasvæðum. Ef við opnum fyrir fjölbreytileika í „við“-hópnum okkar, þá tökum við stórt skref í átt að friðsamri nótt.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Kristjón Kormákur Guðjónsson *kristjon@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is*
LJÓSMYNDIR: Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

FRÁBÆR FERÐAFÉLAGI!



Hundur
Verð: 3.999.-



Dauðar sálir
Verð: 3.999.-



Tvö líf Lydiu Bird
TILBOÐSVERÐ: 3.599.-
Verð: 3.999.-



Á byrjunarreit
Verð: 3.999.-



Þögli sjúklingurinn
Verð: 3.999.-



Pabbastrákur
Verð: 3.999.-



Tíbrá
TILBOÐSVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.999.-



Blokkin
TILBOÐSVERÐ: 3.999.-
Verð: 4.499.-



Handbók fyrir ofurhetjur Fimmti hluti: Horfin
Verð: 3.699.-

Framúrskarandi fyrirtæki 2019

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 29. júní eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Jürgen Klopp ári of seinn að skila titlinum

Jürgen Klopp var ráðinn knattspyrnustjóri Liverpool í byrjun októbermánaðar árið 2015 en hann tók við starfinu af Brendan Rodgers sem hafði stýrt liðinu í þrjú keppnistímabil og var fyrsti stjórinn frá því á sjötta áratug síðustu aldar til þess að skila ekki titli í hús á sínum fyrstu þremur árum í starfi.

ENSKI BOLTINN Liverpool hafði gert harða atlögu að enska meistaratitlinum vorið 2014 en látið í minni pokann fyrir Manchester City á lokasprettinum. Þegar Klopp tók við liðinu var það að jafna sig á brotthvarfi Stevens Gerrard og sat í 10. sæti deildarinnar.

Á fyrsta blaðamannafundi sínum sem knattspyrnustjóri Liverpool sagði Þjóðverjinn félagið vera sérstakt. Markmiðið væri að vera orðið samkeppnishæft lið til þess að vinna alla þá titla sem í boði eru heima fyrir og í Evrópu innan fjögurra ára. Nú tæpum fimm árum síðar hefur hann skilað bæði sigri í Meistaradeild Evrópu og langþráðum Englandsmeistaratitli.

Í fyrsta leik Klopp við stjórnvölinn gerði Liverpool markalaust jafntefli við Tottenham Hotspur. Þrír leikmenn sem hófu þann leik eru enn í leikmannahópi Liverpool en það eru þeir James Milner og Divock Origi sem eru í rulluhlutverki hjá liðinu og Adam Lallana sem hefur verið í litlu hlutverki hjá Klopp vegna meiðsla sinna.

Klopp fór með Liverpool í úrslit enska deildarbikarsins vorið 2016 þar sem liðið tapaði fyrir Manchester City eftir vítaspyrnukeppni. Sama vor fór liðið í úrslitaleik Evrópudeildarinnar í fyrsta skipti síðan árið 2007 en þar reyndist Sevilla ofjarl Liverpool-liðsins. Á fyrsta keppnistímabili Klopp á hliðarlínunni hafnaði Liverpool í áttunda sæti ensku úrvalsdeildarinnar.

Fyrstu tvö tímabilin sannfærðu eigendurna um langtímaplanið

Þessi árangur varð til þess að eigendur Liverpool gerðu nýjan sex ára samning við Klopp og þjálfarateymi hans. Klopp sá svo til þess að Liverpool myndi taka þátt í Meistaradeild Evrópu í fyrsta sinn síðan tímabilið 2014/1015 með því að lenda í fjórða sæti ensku úrvalsdeildarinnar vorið 2017.

Fjórða sætið varð aftur staðreyndin leiktíðina þar á eftir en þann vetur festi bakvarðaparið Andrew Robertson og Trent Alexander-Arnold sig í sessi hjá liðinu og Virgil van Dijk var keyptur til félagsins í janúarglugganum árið 2018. Koma hollenska varnarmannsins inn í varnarlínu Liverpool átti stóran þátt í því að Liverpool komst í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu eftir ellefu ára fjarveru frá úrslitaleiknum. Þar brást markvörðurinn Loris Karius samlanda sínum og Liverpool laut í lægra haldi fyrir Real Madrid.

Þá skorti Liverpool breidd sóknarlega til þess að takast á við meiðsli Mohamed Salah sem meiddist á öxl eftir viðskipti sín við Sergio Ramos í leiknum. Þetta var sjötta tap Klopp í síðustu sjö úrslitaleikjum hans.

Ári seinna fór Klopp hins vegar aftur með lærisveina sína í úrslitaleik Meistaradeildarinnar og þá vannst sjötti titillinn í sögu félagsins eftir sigur gegn Tottenham Hotspur á fallegu vorkvöldi í Madríd. Á þeim tímapunkti hafði Klopp tryggt sér þjónustu brasilíska markvarðarins Alisson Becker sem reyndist mikill happafengur. Þá var Fabinho mættur inn á miðsvæðið til þess að stöðva enn frekar þann leka sem hafði verið á mörkum á fyrstu misserunum í stjórnartíð Klopp.

Á leið sinni í átt að sjötta Meistaradeildartitlinum átti Liverpool eina af mögnuðustu endurkomum í sögu keppninnar. Eftir 3-0 tap á móti Barcelona í fyrri leik liðanna í undanúrslitum á Nou Camp mættust liðin í seinni leiknum á Anfield. Til þess að bæta gráu ofan á svart voru Mohamed Salah og Roberto Firmino sem hafa myndað eitrað framherjaþríeyki með Sadio Mané í Bítlaborginni síðustu árin meiddir. Liverpool með sína mögnuðu stuðningsmenn og hápressuleikstíl þýska gleðigjafans Klopp að vopni snéri taflinu sér í vil með 4-0 sigri. Þar var það Divock Origi sem hefur oft reynst Klopp vel á ögurstundum sem reyndist hetja Liverpool-liðsins.

Titilbaráttan í ensku úrvalsdeildinni á síðustu leiktíð var í raun lygilega jöfn. Liverpool hafði þá betur í fyrstu sex deildarleikjum sínum sem var félagsmet. Á jóladag árið 2018 var Liverpool með fjögurra stiga forskot á Manchester City. Áður en 2019 gekk í garð hafði Liverpool aukið við forystu sína og um áramótin var liðið með níu stigum meira en Manchester City. Ótrúlegur lokasprettur Manchester City varð hins vegar til þess að 97 stig sem er þriðja besta stigaskot í sögu ensku efstu deildarinnar dugði Liverpool til þess að binda endi á eyðimerkurgöngu sína.

Vonbrigðin urðu eldsneyti á tankinn hjá leikmönnum

Það varð ljóst í upphafi yfirstandandi leiktíðar að hungrið í Liverpool til þess að bæta upp fyrir svekkelsið að hafa ekki náð að landa enska meistaratitlinum varð til efla liðið enn frekar. Aftur unnust fyrstu sex deildarleikirnir og Manchester City var ekki eins öflugt og árið áður.

Liverpool hefur haldið dampi alla leiktíðina og hefur einungis beðið ósigur í einum leik sem var óvænt tap á móti Watford og gert jafntefli við erkifjendur sína, Manchester United og Everton. Tapið gegn Watford í lok febrúar batt enda á 44 leikja hrinu Liverpool án þess að láta í minni pokann sem er met í sögu ensku efstu deildarinnar.

Munurinn hefur jafnt og þétt aukist milli Liverpool og Manchester City. Tap Manchester City gegn Chelsea í vikunni varð svo til þess að Liverpool varð fyrsta liðið til að vera búið að vinna ensku úrvalsdeildina þegar sjö umferðir eru enn eftir af deildarkeppninni.

Þegar Liverpool lagði Southampton með fjórum mörkum gegn engu í febrúar síðastliðnum náði liðið 22 stiga forystu á Manchester City en sá munur hafði aldrei verið milli liðanna í tveimur efstu sætunum í ensku úrvalsdeildinni.

Sigur liðsins gegn West Ham United í lok febrúar var svo 18. sigurleikurinn í deildinni í röð sem er met í efstu deild á Englandi. Þá skráði Klopp sig enn fremur í sögubók Liverpool með því hafa þar betur í sínum 21. heimaleik og jafna þar met Bill Shankly frá því árið 1972. Það var sömuleiðis met í sögu ensku úrvalsdeildarinnar. Metið var enn frekar bætt með sigri gegn Bournemouth í síðasta leik fyrir hlé vegna kórónuveirufaraldursins í byrjun marsmánuðar og sigri í fyrsta heimaleiknum eftir hléið á móti Crystal Palace.

hjorvaro@frettabladid.is



Liverpool sem leikur undir stjórn Jürgen Klopp er nú handhafi fjögurra titla en liðið hefur unnið Meistaradeild Evrópu, heimsmeistaramót félagsliða, Ofurbikarinn og Englandsmeistaratitilinn síðasta árið. MYND/GETTY

Tilfinningarnar báru Klopp ofurliði þegar titillinn var í höfn

Klopp var gripinn í viðtal þegar titillinn var í höfn en þegar hann ræddi við Greame Souness, fyrrverandi leikmann og knattspyrnustjóra hjá Liverpool, brast hann í grát undir lok viðtalsins.

Það var ljóst að titillinn hafði mikla merkingu í huga Klopp sem sendi þakkir hingað og þangað til aðila í Liverpool-samfélaginu. Þá sagði hann íbúa í Liverpool lifa fyrir tvennt, knattspyrnu og tónlist. Það væri honum mikils virði að hafa getað glatt þá jafn innilega og raun bar vitni með því að færa þeim enska meistaratitilinn.

Klopp ræddi svo við sjónvarpsstöð Liverpool í gær þar sem hann fór yfir andartökin þegar ljóst var að titillinn væri að verða að veruleika. Þjóðverjinn sagðist hafa hringt í fjölskyldu sína á Facetime þegar í þann mund sem lokaflautið gall á Stamford Bridge.

Hann hafi átt innilega stund með fjölskyldunni sem hann getur ekki hitt þessa dagana sökum ástandsins vegna kórónaveirunnar. Þau hafi skipst á kærleiksríkum orðum þegar titillinn var að koma í hús.

Þar á eftir fagnaði Klopp vel og innilega með leikmönnum sínum á hótelgarði í grennd við Melwood-æfingasvæðið.

Seinna um kvöldið sýndi Klopp magnaða takta á dansgólfinu. Klopp lét hafa eftir sér í samtali við Skysports að hann hefði að sínu mati verið betri dansari en knattspyrnumaður á sínum tíma.

Í spjalli sínum við sjónvarpsstöð Liverpool dásamaði hann svo leikmannahóp sinn sem hann segir afar náinn auk þess að vera stútfullur af hæfileikum.

Klopp hefur fengið mikið lof fyrir að fá til liðs við sig leikmenn sem hafa hvort í senn mikla hæfileika og mikinn karakter. Klopp segir kjarnann vera sterkan í hópnum og andrúmsloftið í búningsklefanum sé einstakt.

» Jürgen Klopp sagði á sínum fyrsta blaðamannafundi að hann myndi vera með lið í allra fremstu röð innan fjögurra ára.

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

GARÐHÚSGÖGN
Í MIKLU ÚRVALI



JUTLANDIA®

VEBBESTRUP GARÐHÚSGAGNASETT
Endingargott garðsett úr áli og veðurþolnu polyrattanefni. Innskotsborð með borðplötu úr viðarlíki, 3ja sæta sófi og 2 stólar.
Slitsterkar sessur og samlitir púðar fylgja. Ø72 x H43 cm/Ø54 x H37 cm. 2 stk. borð **24.990** Sófi 181x70x79 cm **69.990** Stóll 75x70x72 cm **29.990**
Sófi + 2 borð + 2 stólar + sessur fullt verð: ~~**154.960**~~ Vnr. 3784090, 3784001, 3784002, 3784003

ALLT SETTIÐ FULLT VERÐ: ~~**154.960**~~
119.990
***GILDIR ÚT 29.06**

ALLAR **GARDÍNUR**
25%



***GILDIR ÚT 28.06**

ALLIR **PLASTKASSAR**
20-30%



***GILDIR ÚT 28.06**

ALLUR **FATNAÐUR** OG **SKÓR**
20-50%



***GILDIR ÚT 29.06**



ANDALUSIA GARÐHÚSGAGNASETT
Úr galvínseruðu stáli og veðurþolnu polyrattanefni. Borð úr áli og veðurþolnu polyrattanefni og með borðplötu úr hertu öryggisgleri. B115 x L63 x H70,5 cm. Slitsterkar sessur fylgja.
Borð + 2 stólar + sessur fullt verð: ~~**49.990**~~ Vnr. 50492001

ALLT SETTIÐ FULLT VERÐ: ~~**49.990**~~
44.990
***GILDIR ÚT 29.06**

ALLT FYRIR **FRÍIÐ** OG **FERÐALAGIÐ**



NÝR
RAFRÆNN TILBOÐS-BÆKLINGUR Á
WWW.RFL.IS

VEFVERSLUN
WWW.RFL.IS
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN



Plastplan er plastendurvinnslustöð og hönnunarstúdíó sem felur í sér plastendurvinnslu, hönnun, vöruþróun og framleiðslu.

List fyrir umhverfið

Fjölmargir listamenn sem taka þátt í HönnunarMars setja fókusinn á umhverfið og vekja um leið athygli á hlýnun jarðar.

Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is



Circle
Circle er ný heimilislína frá Reykjavík Trading Co. sem unnin er í samstarfi við keramik-listakonuna Þóru Breiðfjörð og valda veitingastaði í nærumhverfi í Hafnarfirði. Hjónin og hönnuðirnir Anthony Bacigalupo og Ýr Káradóttir eru fólkið á bak við Reykjavík Trading Co. og hafa þau safnað saman, hannað og útbúið nýjar vörur og nýta til þess matarafganga.

Matarafgöngum er safnað saman frá veitingastöðum og kaffihúsum sem liggja í ákveðnum radíus út frá heimili þeirra hjóna. Úr þeim verða til nýir hlutir fyrir heimilið og hinir endurnýttu hlutir fá önnur hlutverk í formi keramiks eða vefnaðarvöru.

Hlutir úr „Circle"-línunni verða til sýnis í verslunar- og sýningarrými R.T.Co., The Shed í Hafnarfirði meðan á opnun stendur en vörurnar verður hægt að kaupa í takmörkuðu upplagi. Boðið verður upp á mat og drykk á opnuninni sem fer fram í dag laugardag klukkan 14, sem einnig tengjast þemanu sem þau vinna með.

Sýningarstaður: The Shed, Suðurgötu 9, Hafnarfirði.

Plastplan
Plastplan er plastendurvinnslustöð og hönnunarstúdíó sem felur í sér plastendurvinnslu, hönnun, vöruþróun og framleiðslu. Þannig er stuðlað að hringrás plastefna.

Sýningin, sem er staðsett í vinnustofu Plastplan í Bríetartúni, gefur innsýn í flókið ferli endurvinnslu neytendaplasts og er leiðsögn um sýninguna í dag, laugardag, frá klukkan 18 til 19.

Sýningarstaður: Plastplan, Bríetartúni 13, Reykjavík.

Skógarnytjar
Skógarnytjar byggir á samstarfi við aðila skógræktar á Íslandi til að fullnýta auðlindina og stuðla að jákvæðum umhverfisáhrifum með framleiðslu og aðgerðum í samstarfi við aðila skógræktar.

Eftir tveggja ára rannsóknar- og þróunarvinnu verður kynnt á markað endurbætt Skógarnytjahúsgagnalína sem leggur grunn að bættri viðarmenningu. Með verkefninu og framleiðslu húsgagnanna eru lögð drög að sjálfbærum iðnaði hér á landi.

Sýningarstaður: Studio Björn Steinar, Bríetartúni 13, Reykjavík.



Stólalínan „The Fan Chair" eða „Stóll aðdáendanna" gefur gömlum sætum úr KR-stúkunni nýtt líf. MYND/KEVIN PAGÉS



Hlutir úr „Circle"-línunni verða til sýnis í verslunar- og sýningarrými R.T.Co., The Shed í Hafnarfirði meðan á opnun stendur.

Catch of the day: Limited Covid-19 edition
Um er að ræða sérframleitt handspritt fyrir HönnunarMars 2020. Verkefnið byggir á Catch of the day sem var tilnefnt til Hönnunarverðlauna Íslands 2018 og er ætlað að draga úr matarsóun í samstarfi við matvælainnflytjendur og sporna gegn útbreiðslu COVID-19. Til framleiðslunnar eru notaðir afgangsávextir frá matvælainnflytjendum sem annars hefði verið sóað. Brúsunum er svo skilað aftur til Plastplans þar sem þeir fá nýtt framhaldslíf.

Sýningarstaður: Studio Björn Steinar, Bríetartúni 13, Reykjavík.

Stóll aðdáendanna
Stólalínan „The Fan Chair" eða „Stóll aðdáendanna" gefur gömlum sætum úr KR-stúkunni nýtt líf. Stólunum er jafnframt ætlað að fanga adrenalínið, björtu litina og spennu stúkunnar frá níunda áratugnum og færa hana innandyra.

„The Fan Chair" og „The Fan Bar Stool" („Barstóll aðdáendanna") einkennast af fjörugum karakter sem er náð fram með endurnýttum plastsætum og björtum stálfótum. Útlit þeirra er einfalt en jafnframt áberandi sem gerir þá tilvalda fyrir hversdagslegt, en öðruvísi umhverfi. Línan kemur í þremur litasamsetningum og tveimur mismunandi stærðum.

Sýningarstaður: Skólavörðustíg 16a, Reykjavík.

Vörulínan sem aldrei varð
Á sýningunni verður sýnd vörulína sem er en aldrei varð. Vörur sem skilja varla neitt umhverfisspor eftir sig og munu eyðast í náttúrunni fyrr en við sjálf.

Á sýningunni tekst Védís Pálsdóttir vöruhönnuður á við það hvernig er að vera vöruhönnuður í heimi sem er ofhlaðinn vörum og ofurseldur neyslumenningu sem þarf að breyta. Hún veltir því fyrir sér hvort hægt er að komast hjá kostnaðarsömu og mengandi framleiðsluferli til verndar umhverfinu, en uppfylla um leið kröfur neytandans um nýjungar og vöruúrval.

Á sýningunni mun hún sýna vörulínu sem er en aldrei varð.

Aðalútgangspunkturinn eru tölvuteiknaðar vörur í þrívídd sem hefur verið umbreytt í grafísk tvívíð verk. Vörurnar eru því ekki annars staðar en í heimi ímyndunaraflsins, ekki þó alveg óáþreifanlegar heldur á prenti uppi á vegg.

„Hvenær verður vara að vöru?" verður til sýnis á samsýningunni „Meira og minna".

Sýningarstaður: Göngugatan á Hafnartorgi.



Eftir tveggja ára rannsóknar- og þróunarvinnu verður endurbætt Skógarnytja húsgagnalína kynnt á markað sem leggur grunn að bættri viðarmenningu.

Hvernig geta arkitektar haft jákvæð áhrif á hlýnun jarðar?
Arkitektafélag Íslands, Félag íslenskra landslagsarkitekta og Græn byggð sameinast í sýningu um framtíð hins byggða umhverfis á HönnunarMars 2020.

Tölur sýna að rekja má allt að 40 prósent losunar gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu til byggingariðnaðarins. Arkitektar kappkosta að þróa leiðir til að minnka losunina. En hvað er hægt að gera? Á sýningu í Ráðhúsi Reykjavíkur á HönnunarMars verða til sýnis lausnir sem þegar hafa verið teknar í notkun, lausnir sem enn eru í þróun og framtíðarlausnir.

Sýningarstaður: Göngugatan á Hafnartorgi.

ego dekor

Ego Dekor - Bæjarlind 12 - www.egodekor.is - S: 544 4420
Opið mán - fös: 11.00 - 18.00. Lau: 11.00 - 16.00

LOKADAGAR ÚTSÖLUNNAR
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

ÞÚ SPARAR 59.600,-



DICE 4RA SÆTA LEÐURSÓFI
Breidd: 303cm – SKEMILL SELDUR SÉR
~~Verð: 298.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 238.400,-

ÞÚ SPARAR 71.800,-



DAKOTA LEÐURTUNGUSÓFI
Stærð: 281X168cm – stillanlegir höfuðpúðar
~~Verð: 359.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 287.200,-

ÞÚ SPARAR 52.485,-



BRISTON LEÐURTUNGUSÓFI
Stærð: 290X161cm
~~Verð: 349.900,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 297.415,-

ÞÚ SPARAR 59.250,-



CALYPSO LEÐURHORNSÓFI
Stærð: 270X210cm – 1 höfuðpúði fylgir
~~Verð: 395.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 335.750,-

LOKADAGAR ÚTSÖLUNNAR



ÞÚ SPARAR 23.700,-



HRINGBORÐ – svartur askur
Stærð: 140X140cm
~~Verð: 158.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 134.300,-



SIDNEY TV SKENKUR
Breidd: 197cm
~~Verð: 138.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 110.400,-

ÞÚ SPARAR 27.600,-

Ego Dekor - Bæjarlind 12 - www.egodekor.is - S: 544 4420
Opið mán - fös: 11.00 - 18.00. Lau: 11.00 - 16.00



Björk Guðmundsdóttir ásamt hluta þess stóra hóps íslensks tónlistarfólks sem hefur starfað með henni og mun koma fram á tónleikaröðinni í Hörpu í ágúst. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Berst fyrir hag tónlistarmanna

Björk Guðmundsóttir hefur dvalið á Íslandi síðan í lok febrúar og nýtt tímann með fjölskyldunni í hlutverki húsmóður, samið nýja tónlist og skipulagt tónleikaröð hér heima, sem hana hefur lengi langað til að láta verða af.

Urður Örlygsdóttir
urdur@frettabladid.is



Björk Guðmundsdóttir hefur verið með tónleikaröðina sem verður í Hörpu í ágúst á bak við eyrað í nokkur ár, en tímasetningin hefur ekki verið rétt fyrr en núna. Á tónleikunum verður farið yfir 25 ára samstarf hennar við íslenska flytjendur og er áherslan á hinn óraf magnaða hluta tónlistar hennar. Tónleikaröðin mun jafnframt kynna tónsköpun Bjarkar á heildrænan hátt, þar sem hún er bæði tónskáldið og sér um útsetningar tónlistarinnar.

Tónleikarnir verða fernir talsins og allir ólíkir. Ásamt Björk koma meðal annars fram strengjasveit frá Sinfóníuhljómsveit Íslands, Hamrahlíðarkórinn undir stjórn Þorgerðar Ingólfsdóttur, flautusveitin Viibra og hörpuleikarinn Kate Buckley. Engir tónleikanna verða eins, og ekkert lag verður spilað tvisvar á þessum fernum tónleikum. Alls verða 44 lög á lagalistanum, eða 11 á hverjum tónleikum.

Björk fékk hugmyndina að tónleikaröðinni þegar hún gaf út nótnabók með lögum sínum í samstarfi við píanistann Jónas Sen árið 2017. Bókin ber heitið 34 verk fyrir píanó, orgel, sembal og celestu. Með bókinni vildi Björk miðla tónlist sinni áfram með öðrum tónlistarmönnum, en í henni má nálgast bæði flóknar og einfaldar nótur. Allir sem hafa einhverja kunnáttu á hljómborðshljóðfæri geta spilað lögin og líka sungið, en röddin er einnig skrifuð í nótur með texta.

Plönin breyttust vegna faraldursins

„Mig hefur langað til þess að halda þessa tónleika frá því ég gaf út bókina og fyrir ári síðan var ég næstum því búin að láta verða af því, en þá tók Cornucopia-tónleikaferðalagið yfir og ég ákvað að láta það hafa forgang.“

Björk ferðaðist víða með Cornucopia, nokkrir tónleikar voru haldnir í New York og víða um Evrópu, en fjölmargir íslenskir tónlistarmenn tóku þátt.

„Þetta er það stærsta sem ég hef gert hvað varðar leikmynd og mannskap. Það tók langan tíma að semja við tónlistarhúsin, enda var þetta rosalega stór sýning. Við vorum á ferðalagi alveg þangað til að kórónaveiran kom upp, og ég, eins og aðrir tónlistarmenn, þurfti að fresta öllum ferðalögum á árinu. Þá hugsaði ég með mér að núna væri tíminn til að láta verða af þessum tónleikum hér heima.“

Björk þótti tímasetningin góð, bæði þar sem hún er á landinu, en einnig vegna þess að hana langar til að styðja við tónlistarmenn á Íslandi.

„Mig langar til að styðja við íslenska tónlistarmenn, það eru margir atvinnulausir núna og það er oft þannig að þegar eitthvað kemur upp á, þá búast allir við að tónlistarmenn geri allt ókeypis. Margir þeirra lifa á því að spila á tónleikum, því þeir fá ekki lengur tekjur af plötusölu.“

> MIG LANGAR TIL AÐ STYÐJA VIÐ ÍSLENSKA TÓNLISTARMENN, ÞAÐ ERU MARGIR ATVINNULAUSIR NÚNA OG ÞAÐ ER OFT ÞANNIG AÐ ÞEGAR EITTHVAÐ KEMUR UPP Á, ÞÁ BÚAST ALLIR VIÐ AÐ TÓNLISTARMENN GERI ALLT ÓKEYPIS.

Styður við Kvennaathvarfið

Kynþáttafordómar hafa verið áberandi í umræðunni upp á síðkastið, en Björk fékk tvær ungar stúlkur, þær Chanel Björk Sturludóttur og Diönu Rós Breckmann Jónatansdóttur, til að vera með samtal á Instagram-síðu sinni á dögunum. Þar ræddu þær saman um rasisma á Íslandi og hvernig Black Lives Matter-hreyfingin hefur haft áhrif hér á landi.

„Ég vil endilega sýna lit í þessari umræðu, enda þykir mér hún afar mikilvæg. Ég hef lengi velt því fyrir mér hvernig ég gæti lagt þessu málefni lið hér heima og hef ákveðið að styðja við Kvennaathvarfið. Mér finnst þau vera að gera góða hluti, bæði fyrir konur af erlendum uppruna, en einnig núna á tímum kórónaveirunnar þegar hér, eins og annars staðar í heiminum, urðu konur fyrir meira heimilisofbeldi og gátu leitað þangað.“

Eftir tónleikana í Hörpu, sem allir munu hefjast klukkan fimm síðdegis, geta gestir keypt sér mat og notið, og mun allur ágóði sölunnar renna til Kvennaathvarfsins en einnig verður hægt að styrkja málefnið beint.

„Mig hefur alltaf langað til að halda tónleika síðdegis. Það er annar tónlistarfókus á kvöldin en á daginn, mér finnst ég miklu opnari í dagsorkunni. Það var því kjörið tækifæri að halda tónleikana klukkan fimm, þá getur fólk borðað saman eftir á, horft yfir Faxaflóann í góðri stemningu og stutt gott málefni.“

Björk stefnir á að streyma tónleikunum erlendis gegn greiðslu, en þeir sem vilja horfa, til dæmis í Bandaríkjunum, geta þá greitt fyrir áhorfið, og ágóðinn rennur þá til hjálparsamtaka í Bandaríkjunum, eða í því landi þar sem þeim er streymt.

„Það hefði ekki verið neitt mál að gera þetta ókeypis, við erum ekki að gera þetta fyrir peningana. En ég vil að þetta verði framtíðin, að tónlistarmenn geti haldið tónleika heima hjá sér og fengið borgað fyrir það. Ég er að berjast fyrir tónlistarmenn og því að þeir séu ekki alltaf að gefa vinnuna sína.“

Alltaf búið á Íslandi

Björk kom, eins og fyrr segir, heim í lok febrúar og hefur verið á landinu síðan. Aðspurð hvort hún sé komin fyrir fullt og allt segist hún aldrei hafa flutt alveg frá Íslandi, en hún fái þessa spurningu oft.

„Ég hef alltaf búið á Íslandi sextíu prósent tímans; bara alltaf, meira að segja á níunda áratugnum. Það hefur engin breyting orðið á því. Fólk heldur bara að ég sé í útlöndum því ég er að fela mig þegar ég er hérna heima. Ég læt lítið fyrir mér fara, kíki rétt í Vesturbæjarlaugina, annars er ég bara heima eða uppi í sumarbústað.“

Björk nýtti tímann í samkomubanninu með fjölskyldunni og segist vera þakklát og fegin að fjölskyldan hafi öll verið saman á Íslandi. Hún er nýorðin amma, en sonur hennar eignaðist sitt fyrsta barn á árinu.

„Ömmuhlutverkið er eitt það besta sem lífið hefur upp á að bjóða. Ég skil núna hvað ömmur og afar hafa alltaf verið að segja. Þetta er eintóm gleði og einföld hamingja.“

Hún segist hafa gegnt húsmóðurhlutverkinu undanfarna mánuði og líkað vel.

„Nú á maður aðeins stærri fjölskyldu og við vorum mikið saman á þessum tíma. Ég rak veitingastað heima hjá mér. Vanalega fer fólk í skóla og vinnu, en allt í einu þurfti að græja þrjár máltíðir alla daga vikunnar. Ég breyttist bara í gamaldags súper-húsmóður og mér fannst það bara kikk, ég hef ekki yfir neinu að kvarta.“

Hún segir þetta hafa verið óvenjulega tíma fyrir alla og að fólk hafi eflaust upplifað mismunandi kvíða.



Björk leggur mikið upp úr sviðsmynd og sviðsframkomu á tónleikum.



Áherslan á tónleikunum í Hörpu verður á hinn órafmagnaða hluta tónlistar Bjarkar.



Tónleikar Bjarkar eru upplifun og verður engin breyting þar á í Hörpu í mars. Fernir ólíkar tónleikar verða í boði en alls verða flutt 44 lög, 11 á hverjum tónleikum. MYNDIR/SANTIAGO FELIPE

„Dóttir mín var að útskrifast úr skóla í New York og var í fjarkennslustundum á netinu átta tíma á dag. Maður sá þar hvað ástandið var virkilega átakanlegt. Þar voru krakkar grátandi á samskiptaforritinu Zoom, vegna þess að þau þekktu einhvern sem féll frá. Ástandið í New York er auðvitað mjög slæmt. Dóttir mín fékk sektarkennd yfir að segja frá því að hún hefði fengið sér göngutúr út í fjöru í pásum, á meðan bekkjarfélagar hennar voru fastir inni. Við erum svo ótrúlega heppin hér á Íslandi. Ég hugsa að við höfum ábyggilega öll upplifað eitthvað svipað á þessum tíma, tekið út ákveðinn kvíða.“

Alltaf að semja

Björk segist alltaf vera að semja nýtt efni, en hún geri það hægt.

„Það skiptir eiginlega engu máli hvað er að gerast í mínu lífi, ég sem alltaf á sama tempóinu. Ég náði að halda því síðustu mánuði, en ég vann með Bergi Þórissyni tónlistarmanni hér heima. Hann tók þátt í sóttkvínni með mér og kom heim til mín tvisvar í viku, við höfum unnið saman í sex ár þannig að það var frábært að geta nýtt tímann með honum á þessum tíma.“

Hún segist eiga töluvert af nýju efni, en að plata sé ekki væntanleg alveg strax.

„Það kemur ekki ný plata á þessu ári, en kannski verður hún tilbúin á því næsta, ég þori ekki að lofa neinu. En stefnum á 2021 eða 2022.“

Einn helsti aðdáandi Arons Can

Björk segist vera mikill tónlistarnörd. Hún hlustar á fjölbreytta tónlist og segir afrobeat frá Nígeríu hafi komið sér í gegnum kórónaveiruna.

„Ég er alltaf að hlusta á tónlist og finna eitthvert nýtt dót. Ég bý til ólíka playlista fyrir ólíka stemningu. Í augnablikinu hlusta ég mikið á eistneskt tónskáld sem heitir Cyrillus Kreek og norsku R&B söngkonuna Emilie Nicolas. Ég hlusta líka mikið á Aron Can og er ábyggilega stærsti Aron Can aðdáandi á Íslandi.“



Björk verður ekki fyrir áhrifum af umhverfinu þegar hún semur tónlist.

> FÓLK HELDUR BARA AÐ ÉG SÉ Í ÚTLÖNDUM ÞVÍ ÉG ER AÐ FELA MIG ÞEGAR ÉG ER HÉRNA HEIMA.

Ekki nýlendusinni í áhrifum

Björk segist ekki verða fyrir áhrifum af umhverfinu þegar hún semur tónlist.

„Ég er mjög þakklát fyrir það að þegar ég sem tónlistina mína, þá verður hún ekki mikið fyrir áhrifum af því sem ég er að hlusta á hverju sinni, eða umhverfinu. Á því tímabili sem ég samdi tónlist á Spáni gaf ég ekki út flamenco-plötu, þegar ég var í Púertoríkó, þá varð Biophilia ekki reggaeton-plata, og þegar ég gerði Homogenic, þá var kærastinn minn einn af frumkvöðlum drum and bass, og það var ekki eitt drum and bass lag á plötunni.

Ég hef alltaf verið mjög vakandi fyrir því að vera ekki nýlendusinni í áhrifum, reyni að labba ekki um kúltúru og „go shopping“.“

Hún segist þó ekki vera alsaklaus í þeim efnum, enda hafi hún gengið um í kímónóum og öðru, en tónlistarlega séð verði hún fyrir meiri áhrifum frá andanum en tónlistarkúltúr.

Með ástinni í Ölpunum

„Ég er að vinna í ýmsu þessa dagana. Í samstarfi við nokkra aðila hér á Íslandi langar mig að setja upp gagnagrunn á netinu, þar sem hægt er að kaupa talrænar nótur af allavega tónlist. Ég á útgáfur af alls konar nótum fyrir hljóðfæri. Það þarf að sameina þetta allt á einn stað og gera þetta aðgengilegt, en þetta verkefni er enn í bígerð hjá okkur.“

Í sumar taka við æfingar fyrir tónleikaröðina, en fyrst ætlar hún að heimsækja kærasta sinn í Alpana. „Kærastinn minn er hálfur Írani og hálfur Þjóðverji og býr í Ölpunum. Hann var með mér hér á Íslandi í gegnum kórónaveiruna, svo núna ætla ég að reyna að sýna smá lit og heimsækja hann.“

Ef allt gengur eftir tekur svo við tónleikaferðalag í Asíu í lok árs. „Það eru ennþá á dagskrá tónleikar Cornucopia í Japan í nóvember. Við vitum auðvitað ekkert hver staðan verður í heiminum þá, en ef allt gengur eftir reynum við að halda tónleika í fleiri löndum í Asíu, en það verður allt að koma í ljós.“

Steingerður Sonja Þórisdóttir
steingerdur@frettabladid.is



Gauti segist hafa verið þó nokkuð rólegri þegar Oliver fæddist, enda var hann kominn með reynslu af föðurhlutverkinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Nauðsynlegt að læra af mistökunum

Emmsjé Gauti hefur náð að laga starfið að fjölskyldulífinu. Hann fleygir sér úr pabbagírnum beint upp á svið, líkt og að skipta um hlutverk. Hann gefur úr plötuna Bleikt ský núna í byrjun júlí og fylgir henni eftir með útgáfutónleikum í Gamla bíói.

Það eru tvö atriði sem einkenna yfirleitt plöturnar mínar. Það er alltaf einhver sensitív hlið og svo ákveðin rapphlið. Ég rappa alveg fullt á þessari plötu, en ég er alltaf að sækja meira og meira í þetta popp-element. Einhvern veginn algjörlega ómeðvitað hef ég fært mig nær poppinu," segir rapparinn Gauti Þeyr Másson.

Síðasta plata Gauta kom út í október 2018. Það hefur mikið vatn runnið til sjávar síðan þá. Nú er hann kominn með stóra fjölskyldu í Vesturbænum og tekur þátt í veitingarekstri í nágrenninu.

„Það er samt ekkert tengt einhverjum þroska að fjarlægjast hipphoppið, mér finnst ekkert samhengi þar á milli. Hipphoppið er alveg jafn merkileg tónlistarstefna og aðrar. En það má ekki gleyma því að ég hef verið að rappa í það langan tíma, að það er eðlileg þróun að ég hafi farið að leita á einhverjar aðrar slóðir," segir Gauti.

Hann segist hafa náð að aðlaga starfið fjölskyldulífinu, enda séu hann og kona hans, Jovana Schally, einstaklega gott teymi.

„Ég reyni að spila eins mikið og ég get, en auðvitað raða ég því á réttan hátt. Ég á náttúrulega þrjú börn núna. Þá passa ég upp á að bóka mig síður út á land, ef öll börnin eru hjá okkur. Flest gigg hérna í bænum eru eftir að þau eru sofnuð. Ég grínast stundum með það að ég sé að fara í einhvern rokkbúning. Ég er kannski heima í einhverjum pabbagír, í bleikum silkibuxum sem eru ógeðslega þægilegar. Set á pásu í miðri Trolls 3 og klæði mig upp fyrir rapptónleika, eins og ég sé að fara í eitthvert hlutverk. Síðan fer ég bara heim og klára myndina með krökkunum," segir hann.

Gauti átti eina stúlku, Stellu, áður en hann byrjaði með Jovönu.

„Fólk spyr oft hvort maður hafi verið tilbúinn til að eignast barn. Ég held að enginn sé alveg tilbúinn í eitthvað sem hann hefur ekki gert áður. Hvort sem þú ert 42 ára, 35 eða 17 ára. Ég var töluvert rólegri þegar Oliver fæddist. Elsta stelpan mín, Apríl, fylgdi svo með sambandinu. Hún kemur auðvitað inn í mitt líf nokkuð mótaður einstaklingur," segir hann.

Finnst þér börnin og breyttur lífsstíll hafa einhver áhrif á það hvernig þú semur tónlist?

„Bæði og. Ég hugsa alveg: Hvað eru börnin mín að fara að hlusta á? Hvaða ímynd munu þau hafa af mér einn daginn? Ég vil samt ekki láta það að vera orðinn pabbi á einhvern hátt ritskoða þær tilfinningar sem koma upp. Í staðinn fyrir að festast í þeirri hugmynd að maður fullorðnist við að eignast börn, þá finnst mér nauðsynlegt að geta sýnt þeim að ég geti sótt krakkann í mér. En það tekur auðvitað á að halda svona stórt heimili. Maður tekur ekki jafnmikinn þátt í eftirpartíunum eftir gigg. Það er samt



MALBIK ER SAMIÐ Á TÍMA ÞAR SEM MÉR LEIÐ EKKI SÉRSTAKLEGA VEL, EN SKILAÐI MÉR SVO FRÁBÆRUM TILFINNINGUM, OG ÉG ER ÁNÆGÐUR MEÐ LAGIÐ, SEM HEFÐI EFLAUST ANNARS EKKI ORÐIÐ TIL.

smá tími í að ég hendi í barnaplötu, ég er ekki viss um að það gerist alveg strax," segir hann og hlær.

Einstakt tjáningarform

Gauti var mikið í kringum tónlist sem barn og unglingur, en pabbi hans var upptökustjóri, sem hefur unnið með mörgum þekktum listamönnum.

„Ég kynntist í raun og veru rappinu þar. Þetta var tjáningarform sem heillaði mig ótrúlega mikið. Svo hafði ég líka bara gaman af því að fylgjast með einhverjum „bad boys". Það var einhver spennufikn í mér þegar ég var yngri. Hjólabretti, rapp, öfgar og yfirvaldsmótþróí. Það heillaði mig mikið að lifa hratt. Rappið er einstakt tjáningarform. Þú getur bæði komið frá þér einhverju algjöru bulli, en þú getur líka notað það til að koma einhverju mikilvægu til skila. Nefndu manneskju sem hlustar bara á pólitískt rapp: Það nennir því enginn. Það nennir enginn að horfa alltaf bara á fréttir. Á endanum myndi maður bara grilla í sér heilann."

Gauti segist hafa verið inntur eftir því í viðtali fyrir stuttu af hverju hann kysi að tjá sig ekki um ýmis flókin mál sem hafa verið í brennidepli.

„Mér fannst ég einfaldlega ekki nógu vel að mér í þessum málum. Mér finnst alveg ótrúlega skrýtið að ætlast til þess að aðrir hafi skoðanir. Auðvitað finnst mér mjög mikilvægt að við séum meðvituð um það sem er í gangi í samfélaginu. En mér finnst ekki í lagi að skammast í öðrum fyrir að hafa ekki skoðun á öllum málum, og þá sérstaklega fyrir að hafa ekki ekki sömu skoðun og maður sjálfur," segir hann.

Umræðan berst að því að undanfarið hefur færst í aukana að þekkt fólk sé dregið til ábyrgðar fyrir orð sem féllu áður fyrr, eða verk sem þykja ekki standast tímans tönn, í ljósi samfélagslegra breytinga.

„Þetta er áhugaverð pæling. Myndi ég taka eitthvað til baka af því sem ég hef gert? Nei. Sé ég eftir einhverri vissri hegðun? Já, algjörlega. En ég held að það sé nauðsynlegt að gera mistök til að mótast. Til þess að ég læri rétta hluti, þá þarf ég að taka nokkrar rangar beygjur. Og ef ég hefði ekki tekið þessar röngu beygjur, þá væri ég ekki sama manneskjan og ég er í dag. Þú þarft ekki að fara lengra en til 2011 til að finna einhver lög og textabrot sem ég er ekkert stoltur af. Mér finnst samt nauðsynlegt að skoða þetta í samhengi við tímann og þroskann. Það er munur á því að vera nýorðinn tvítugur og svo þrítugur," segir hann.

Mikilvægast af öllu segir hann að læra af mistökunum.

„Stundum þarf að feta flóknu leiðina til að fá réttu útkomuna. En ég stressa mig alveg á þessu líka. Heldur þú að ég muni stoltur spila: Við elskum þessar mellur, fyrir börnin mín einn daginn? Nei. En ég get kennt þeim að læra eitthvað á því, alveg eins og ég gerði," segir Gauti.

Hann segist meðvitaður um að hann geti ekki strokað út söguna, en hann fái þá tækifæri til að útskýra fyrir þeim að sumt sé ekki í lagi.

„Ég hlustaði, öllu gríni sleppt, á það í gær og hugsaði: Guð minn almáttugur! Með þetta „mullet", að rífa kjaft í einhverjum kjallara."

Ekki allt sem sýnist

Hann segir skýringuna að baki nafni plötunnar vera tvíþætta.

„Ég er á bleiku skýi, en þetta er líka vísun í birtingarmyndina sem við setjum upp sem listamenn. Nú tala ég aðallega fyrir minn geira. Maður er alltaf að setja upp einhverja glansmynd af því að vera poppstjarna, sama hvernig manni líður. Þetta speglast svolítið á plötuumslaginu. Þessi bleiki heimur, þetta herbergi sem þú sérð. En síðan sér maður glitta út fyrir rammann,



Oliver og Gauti bregða á leik fyrir ljósmyndarann. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

þar sem ljótu ljósatrössin eru og iðnaðarhúsnæðið, sem er í kringum myndatökuna. Það er ekki allt eins og það sýnist," segir hann.

Hann segir tónlistarfólk eiga það til að að skapa einhverja óraunsæja ímynd í lögum sínum.

„Bleikt ský lýsir í raun bæði hvað mér líður vel, en minnir líka á að það er kannski ekki allt eins og það sýnist. Platan var samin á tveimur tímabilum. Ég tók einhverja dýfu í fyrra og samdi þá nokkur lög á plötunni, þar á meðal Malbik. Mér finnst mikilvægt að fólk viti að það skiptir engu máli hversu vinsæll þú ert, eða vel þér gengur að selja á jólatónleika, ef þú sinnir ekki geðheilsunni á skynsaman hátt, þá getur þér liðið illa. Malbik er samið á tíma þar sem mér leið ekki sérstaklega vel, en skilaði mér svo frábærum tilfinningum og ég er ánægður með lagið, sem hefði eflaust annars ekki orðið til. Það er bara svo mikilvægt að leyfa sér að líða."

Gauti segist byrjaður að prófa sig áfram með ýmsar aðferðir í vegferðinni í leit að vellíðan, þar á meðal að að hugleiða.

„Núna er ég að prófa mig aðeins áfram með hausinn á mér, skoða betur hvernig ég hugsa. Við erum öll á einhverri vegferð, í leit að einhverju. Afi minn sagði alltaf að maður ætti að umkringja sig fólki sem er að leita að sannleikanum, en forðast fólk sem hefur fundið hann. Mér finnst það mikilvægt. Að halda áfram að fræða sig og leitast eftir því að betra sig. Ég er meira og meira að fatta það að tilgangur lífsins er að vera hamingjusamur. Sem ég er, sérstaklega þegar börnin eru kyrr og stillt," segir Gauti hlæjandi.

ÞÚ ÞARFT EKKI AÐ FARA LENGRA EN TIL 2011 TIL AÐ FINNA EINHVER LÖG OG TEXTABROT SEM ÉG ER EKKERT STOLTUR AF. MÉR FINNST SAMT NAUÐSYNLEGT AÐ SKOÐA ÞETTA Í SAMHENGI VIÐ TÍMANN OG ÞROSKANN.

Nýtt upphaf

„Ég elska að rappa og klifra upp á einhverju sviði. Ég elska að gera gott „show". Ég hélt síðast tónleika í eigin nafni 2017, og var síðast með útgáfutónleika árið 2016. Fyrir mér marka útgáfutónleikar einhvers konar nýtt upphaf. Þá finnst mér einhvern veginn alveg nauðsynlegt að skila DCC 100 prósent upplifun til áhorfandans. Við ætlum að breyta Gamla bíói aðeins," segir hann.

Þú getur sem sagt aldrei haldið bara venjulega tónleika?

„Það má ekki," segir hann brosandi. „Mér finnst ógeðslega leiðinlegt á venjulegum tónleikum. Ef ég fer á tónleika og lagið er flutt bara alveg eins og það er á plötunni, af hverju er ég þá ekki bara í einhverju góðu partíi að hlusta á plötuna? Ef fólk er að mæta á tónleika með mér, þá finnst mér ég skulda því einhverja einstaka upplifun."

Platan Bleikt ský kemur út 3. júlí á öllum helstu streymisveitum og tónleikarnir fara fram í Gamla bíói þann 18. júlí.





Teitur Guðmundsson læknir

Doktor.is



Auðvelt er að greina sýkingu með þvagprufu. MYND/GETTY

Þvagfærasýking

Þvagvegir okkar eru nýru, þvagleiðarar, þvagblaðra og þvagrás. Allir þessir staðir geta sýkst, en algengast er að slíkar sýkingar komi fram í blöðrunni. Hjá sumum er um króníska vandamál að ræða, algengara er að konur fái slíkar sýkingar og einnig aldraðir.

Einkennin geta verið margbreytileg, en sviði við þvaglát, aukin þörf á að fara á klósettið, oftar og jafnvel lítið í einu, kviðverkir og vond lykt af þvagi, auk litabreytinga, eru algengust. Hjá öldruðum einstaklingum er fyrsta einkenni oftar en ekki ruglástand, eða breyting á líðan sem er rakin til þvagfærasýkingar. Þá getur verið munur á einkennum eftir því hvar sýkingin er, til dæmis er ekki algengt að það fylgi hiti nema sýkingin sé komin ofar, eða alla leið upp í nýrun.

Áhættuþættir eru mismunandi eftir kynjum, hjá konum er þvagrásin styttri og gerir bakteríum auðveldara um vik að komast upp í blöðruna. Kynlíf er áhættuþáttur og sumar getnaðarvarnir geta aukið líkurnar. Þá er í kjölfar tíðahvarfa talsverð breyting á hormónastarfsemi og slímhúðinni, sem gerir konur einnig viðkvæmari. Aðrir þættir sem hafa áhrif eru nýrnasteinar, þeir sem nota þvagleggi, að hafa farið í aðgerð á þvagvegum og svo þrengsli ýmiss konar, sem hindra rennsli, þar meðtalin blöðruhálskirtilsstækkun eða -mein.

Auðvelt er að greina sýkinguna með þvagprufu eða ræktun, sumir læra að þekkja einkennin ef þau koma reglulega upp. Meðhöndlun er oftast í formi sýklalyfja, en ekki alltaf. Þá er mikilvægt að stunda forvarnir, eins og að drekka ríkulega af vökva og helst vatni, pissa eftir kynlíf og að skeina sig rétt, sem er frá skeiðaropi. Sumir trúa á trönuberjasafa sem sakar örugglega ekki og svo hjá konum á breytingaskeiði að nota hormónauppbót, eða staðbundna meðferð vegna slímhúðarbreytinga. Stundum eru notuð lyf í forvarnarskyni til að hindra sýkingar, en það er meira hjá öldruðum. Ef þú ert með einkenni, láttu þá skoða þig.



Sjúklingur á rétt á bestu mögulegu heilbrigðisþjónustu, en fæstir hafa þeir innsýn í kostnaðinn sem fylgir heilbrigðiskerfinu. MYND/GETTY

Kostnaður í læknisfræði

Í læknisfræði eigum við nokkuð mörg vopn í vopnabúrinu, þegar kemur að því að finna greiningu á þeim vanda sem sjúklingar glíma við. Rannsóknum fylgir þó ábyrgð.

Það er auðvitað grundvallaratriði að fara vel yfir sögu og framkvæma skoðun, sem á að leiða lækninn áfram með það hvaða rannsóknir er skynsamlegt og eðlilegt að panta og láta framkvæma.

Með því að beita þessu rétt, aukast líkur á réttri greiningu og meðferð sem virkar. Því að rannsaka fylgir heilmikil ábyrgð og læknar hafa ríkar skyldur gagnvart sjúklingum sínum. En ekki síður þeim sem greiða fyrir þjónustuna, sem hérlendis er í flestum tilvikum ríkið.

Fæstir sjúklingar hafa innsýn í kostnað í heilbrigðiskerfinu, það sama gildir um marga heilbrigðisstarfsmenn.

Þá bætast ýmis atriði við sem of flókið er að útskýra í þessari grein og tengjast tryggingastöðu, örorku, notkun einstaklinga á heilbrigðiskerfinu og auðvitað er verðvitund flestra aftengd, því þeir hafa ekki innsýn í raunverulegan kostnað.

Til dæmis kemur oftast ekki fram á reikningi heilbrigðisþjónustu hvað hún kostar. Hluti sjúklings annars vegar og hluti sjúkratrygginga hins vegar ætti að vera vel sýnilegur. Þar sem verkefnið er býsna flókið kjósa margir að láta það sig engu varða og óska eða búast við því að þeir fái þá þjónustu sem þarf.

Ef við tökum þessa nálgun út frá sjúklingnum, þá á hann rétt á bestu mögulegu heilbrigðisþjónustu sem völ er á hverju sinni og er það stefna stjórnvalda og að ég tel, alls þorra almennings í þessu landi.

Mannaflafrek þjónusta

Hingað til hefur það gengið býsna ágætlega, en þó ekki áfallalaust. Við eigum ekki öll tækin sem þarf, fáum ekki alltaf nýjustu lyfin og þannig mætti lengi telja. Þá er heilbrigðisþjónusta mannaflafrek og launaliðurinn stór þáttur í rekstrinum. Penni læknisins, eða tölvan sem hann notar, eykur kostnað kerfisins, enda panta læknar rannsóknir, skrifa út lyf, beiðnir fyrir meðferð og svo framvegis. Þeim er því uppálagt að einhverju leyti að vera hliðarverðir kostnaðar, á sama tíma og þeir eiga að greina sjúklinginn og meðhöndla, sem getur leitt til erfiðrar stöðu.

Tökum til skýringar dæmi: Heimsókn til sérfræðilæknis, þar sem kemur vel fram hver heildarkostnaður er við viðtal. Það sem fram fór og hver hlutdeild sjúklingsins er annars vegar og kerfisins hins vegar.

Í heilsugæslunni er greitt eitt gjald, óháð verkefni, og ekki sundurliðað. Sumpart er þjónustan ókeypis, sem er gott, en ætti engu að síður að koma fram hver kostnaðurinn er. Varðandi rannsóknir er þessu mismunandi farið, þeir sem fara í röntgen sjá uppskiptingu, en hinir sem láta taka blóð greiða iðulega eingöngu blóðtökugjald og átta sig ekki á heildarkostnaði rannsóknar.

> **FÆSTIR SJÚKLINGAR HAFA INNSÝN Í KOSTNAÐ Í HEILBRIGÐISKERFINU, ÞAÐ SAMA GILDIR UM MARGA HEILBRIGÐISSTARFSMENN OG GETUR ÞAÐ VALDIÐ NOKKRU HUGARANGRI ÞEGAR KEMUR AÐ RANNSÓKNUM.**

Siðferðisleg spurning

En skiptir þetta máli? Það gerir það vissulega, þar sem augljóst er að sami vandinn er alls staðar á Vesturlöndum. Aukinn fjöldi fólks með flókin vandamál, fjölbreytni í meðferðarmöguleikum og samfara því aukinn kostnaður, sem einhvern tímann verður ekki hægt að standa undir.

Siðferðilega spurningin er erfið. Hvenær þarf að gera breytingar og hverju á að breyta, eða hætta? Líklega er ein lausn að horfa í auknum mæli til forvarna og heilsueflingar, enda skiptir ábyrgð einstaklings á eigin heilsu verulegu máli.

Verðvitund allra, bæði sjúklinga og heilbrigðisstarfsmanna, og opið bókhald, mun líklega skila töluverðu, og að ábendingar fyrir rannsóknum og meðferð séu enn betur skilgreindar.

Einstaklingsbundin nálgun á vanda sjúklinga, nýting tæknilausna og gervigreindar, auk þess að horfa í auknum mæli til meðferðar í heimahúsi, eru nokkrir punktar til viðbótar.

Þetta verður áskorun, og verkefni framtíðarinnar er að bæta þjónustu við sjúklinga á sama tíma og við hámörkum nýtingu og drögum úr kostnaði.

Hvað segir blóðið þitt?

Blóðrannsóknir eru eitt algengasta form rannsókna sem læknar framkvæma. Þannig fáum við einstaka innsýn í það hvernig líkaminn virkar og hvort það er eitthvað sem bjátar á í hinum ýmsu kerfum.

Líffærafræði, lífeðlis- og lífefnafræði endurspeglast að hluta í slíkri prufu. Við getum til dæmis illmögulega áttað okkur á því hvort blóðfita sé í lagi, nema með því að gera slíka rannsókn. Sama gildir um mörg líffæri og reiðum við okkur mjög á blóðrannsóknir til að vísa veginn.

Hvað skoðar læknirinn í blóði?

Það er hægt að mæla ansi margt, en algengast er að átta sig á mergstarfsemi og blóðmyndun, nýrum, lifur, söltum, blóðfitu og blóðsykri.

Oft er efnaskiptavirkni og hormón eins og í skjaldkirtli, heiladingulseða kynkirtlastarfsemi mæld. Vítamín eru síður mæld, en algengast er að mæla B-12 og D-vítamín. Þá er algengt að mæla járnbúskap, sérstaklega hjá konum. Svo er athugað hvort breytingar séu á gildum sem tengjast hugsanlega krabbameini og er þar oftast mælingin á blöðruhálskirtli, eða svokölluðu PSA-gildi.

Þegar læknirinn sendir beiðni þarf hann að ákveða hvert og eitt atriði og hafa til þess ábendingu, sérstaklega ef sjúkratryggingar eiga að greiða fyrir rannsóknina. Læknar eru almennt ekki að senda prufur og mæla „allt“, enda myndi slíkt setja heilbrigðiskerfið á hausinn.

Það er ágæt regla fyrir sjúklinga



Blóðið veitir innsýn í margt.

að vilja vita hvað var mælt og hvort það hafi orðið einhver veruleg breyting, til samanburðar við fyrri mælingar. Það getur gefið ýmsar vísbendingar um heilsufar einstaklinga og þróun sjúkdóma, eða vanda. Það getur svo líka verið rík ástæða til þess að bæta við rannsóknum, ef ekki koma fram skýringar á einkennum sjúklinga. Svarið „blóðprufan var fín“ er ágætt, en segir nákvæmlega ekkert, nema um það sem var mælt.

Það sem ekki kemur fram

Það eru ansi margir sjúkdómar sem „flagga“ ekki á venjulegri blóðrannsókn og getur þurft að leita eftir með nákvæmari mælingum.

Læknar taka oftar en ekki í upphafi almenna rannsókn sem skimar helstu kerfi. En segjum að sjúklingur væri með dæmigerð klínísk einkenni sykursýki, en það hefði ekki verið mældur sykur, hvað þá verið skoðað þvag, þá myndi sú greining ekki koma fram í slíkri rannsókn. Sama gildir um járnofhleðslu, skjaldkirtilsvanda, kynkirtilvanda og svo framvegis. Þess vegna er sykur í blóði ein algengasta mæling sem er framkvæmd í hefðbundinni blóðrannsókn. Þegar um flóknari sjúkdóma er að ræða sem þurfa annars konar prufur, til dæmis gigtarsjúkdómar, þá fara þær rannsóknir oft fram á stofu sérfræðinga eftir tilvísun úr heilsugæslu, eða á sjúkrahúsi. Þannig má segja að við höfum ansi mikla breidd í möguleikum til rannsókna, en yfirleitt erum við að horfa á afmarkaða hluti. Þá er í eftirliti með ýmsum kvillum verið að fylgja þeim eftir sérstaklega, til dæmis við innstillingu lyfja og mælingar því mjög afmarkaðar. Sjúklingurinn upplifir að stöðugt sé verið að taka blóð og því sé hann í góðu eftirliti með allt mögulegt, en reynist svo alls ekki vera það. Því er ágæt regla að vera meðvitaður um hvað er verið að rannsaka og hvers vegna.

FÓLK

Helgin

LAUGARDAGUR 27. JÚNÍ 2020



Halldóra Þöll Þorsteins útskrifaðist frá breska leiklistarskólanum Rose Bruford College of Theatre and Performance í fyrra. Fyrsta hlutverk hennar eftir útskrift var í bíómyndinni Eurovision sem Netflix var að frumsýna.

→4

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —



Beinn sími: 550 5625
Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is



Hulda hefur gaman af því að ferðast. Hún segir gott að vera laus við endalausar áhyggjur af maga og meltingu í útivist og á lengri ferðalögum. „Þetta hvimleiða vandamál hefur fylgt mér allt frá barnsaldri og upp fullorðinsárin," segir hún og þakkar Probi® Mage og Probi® Járn betri heilsu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Meltingin breyttist til hins betra hjá Huldu

Hulda Stefánsdóttir hefur notað Probi® Mage mjólkursýrugerla frá því að þeir komu fyrst á markað á Íslandi og sleppir ekki degi úr. Hún fullyrðir að varan hafi gjörbreytt lífi sínu, til hins „miklu betra" eins og hún segir sjálf. →2

Framhald af forsíðu

Hulda er Kópavogsbúi sem nýtur þess að ferðast og verja tíma með fjölskyldu og vinum. Hún syngur í kór og fer í fjallgöngur, rennir fyrir silung og nýtur lífsins til hins ítrasta. Hún er gift, tveggja barna móðir og starfar sem bókari og hefur síðustu ár unnið að hluta sem sminka í Borgarleikhúsinu og finnst leikhús og leiklist ótrúlega skemmtileg og áhugaverð. Hulda segir að sér hafi þótt sérstaklega gaman að skyggnast á bak við tjöldin, ef þannig má að orði komast um starf hennar sem sminku, og upplifa leikhúslífið á örlítið annan hátt en „bara“ sem áhorfandi.

„Ég hef alveg frá barnæsku verið með hægðavandamál og einhvers staðar í minningunni sé ég fyrir mér einhvers konar sprautu sem mamma setti í saltvatn eða eitthvað álíka og sprautaði inn í mig til að reyna að losa, þetta þótti mér auðvitað ótrúlega vont sem krakka og það er í raun lítið skárra þegar ég hugsa til baka. Svo komu einhver hægðalyf til sögunnar og þau litu kannski ekki eins hræðilega út en alltaf fannst mér þetta allt saman hrikalega vont og erfitt,“ segir Hulda.

„Ég gat sem sagt verið stopp í marga daga og upp undir viku ef ekkert var að gert og ég man að mamma fór með mig til barnalæknis á þessum tíma til að leita ráða, en lítið hjálpaði.“

Hvimleitt vandamál

„Þetta hvimleiða vandamál hefur fylgt mér allt frá barnsaldri og upp fullorðinsárin og hin síðari ár hef ég prófað ýmis hægðalyf, ef ekki barasta þau öll, því það gefur augaleið að maður verður hreinlega undirlagður að eiga við svona langvarandi ástand og er tilbúinn að reyna margt til að hafa magann og hægðirnar í lagi. Hægðalyfin nýttust mér að einhverju leyti en bara til að losa og aldrei leið langur tími þangað til allt var stíflað aftur og oft var ég með hræðilega magaverki og jafnvel krampa,“ segir hún.

„Ég man mjög vel þegar ég prófaði Probi® Mage fyrst þegar það kom á markað fyrir nokkrum árum, því eftir stuttan tíma fann ég svo ótrúlega mikinn mun að ég hreinlega trúði því varla, eftir öll þessi ár sem ég hafði í raun kvalist vegna ástandsins á meltingunni hjá mér var loksins komið eitthvað sem virkaði og virkar enn. Þvílíkur léttir og nú er ég alveg laus við þessa þrálátu kvíðverki og hef hægðir daglega, sem er bara magnað og ég get varla þakkað það nógsamlega að hafa prófað þessa frábæru vöru og þennan merkilega mjólkursýrugeril sem í henni er,“ upplýsir hún.

Hulda segist jafnframt njóta þess mun betur að ferðast nú til dags. „Það segir sig auðvitað sjálft að fyrir hvern þann sem hefur gaman af því að ferðast að það að vera laus við endalausar áhyggjur af maga og meltingu er ekki lítils virði og geta betur notið sín í útivist og á lengri ferðalögum.“

Járngildin orðin góð á ný

Að öðru leyti segist Hulda vera hraust en hefur þurft að huga sérstaklega að járnbúskapnum, eins og margar konur, og passa vel upp á hann auk þess sem hún er blóðgjafi og vill svo gjarna geta haldið áfram að gefa blóð. „Það að þurfa að taka inn auka járn hefur auðvitað hentað manneskju eins og mér mjög illa þar sem járnið hefur farið illa í mig og getur hreinlega valdið hægðatregðunni sem ég hef í svo langan tíma passað mig sérstaklega vel að forðast og vil í lengstu lög ekki lenda í þeim vítahring aftur.



Hulda hefur glímt við meltingarvandamál frá barnæsku og loksins fundið lausn á sínum málum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þegar ég sá að það er komin ný vara frá framleiðanda Probi® Mage, sem heitir Probi® Járn, kynnti ég mér hana vel og er nú að prófa hana og hef gert í nokkrar vikur. Meltingin hefur ekki farið úr skorðum og hægðir eru eins reglulegar og áður og ég er ekki frá því að mér finnist ég hressari og líður bara ljómandi vel. Nýjustu mælingar á járngildum hjá mér sýna að ég er komin réttum megin við strikið sem er auðvitað frábært og skiptir mig miklu máli,“ segir Hulda sem gleðst yfir því að geta haldið áfram að gefa blóð, og hvetur alla sem geta og eru ekki blóðgjafar nú þegar að íhuga að gerast það.

Eftirfarandi hópar geta m.a. verið í áhættu fyrir járnskorti:

- Konur á barneignaraldri
- Barnshafandi konur
- Unglingar
- Eldra fólk
- Fólk í mikilli þjálfun
- Grænmetisætur / grænkerar, ef járnmagn er lágt í fæðu

Einkenni járnskorts geta meðal annars verið:

- Þreyta
- Höfuðverkir
- Svimi
- Fölvi
- Pirringur
- Þrek- og orkuleysi
- Hárlos
- Vöðvakippir
- Veikara ónæmiskerfi
- Skertur skilningur og einbeitingarskortur (e. impaired cognition)

Probi® Mage og Probi® Járn fæst í apótekum, Heilsuhúsunum, Hagkaup, Fjarðarkaupum, Melabúðinni og Heimkaupum.

Þessi kynning er unnin í samstarfi við ABEL heilsuvörur, umboðsaðila Probi mjólkursýrugerla á Íslandi. Probi® mjólkursýrugerlar eru fæðubótarefni. Neysla fæðubótarefna kemur ekki í stað fjölbreyttrar fæðu og heilsusamlegs lífernis.

Um Probi® Járn



Probi® Járn – mjólkursýrugerlar, járn, C-vítamín og fólasín

- Náttúruleg leið til að viðhalda góðum járngildum
- Getur dregið úr þörf á viðbótarjárninntöku
- Milt fyrir meltingarkerfið
- Aukin upptaka járns

Ætlað þeim sem vilja styðja við aukna járnupptöku líkamans og viðhalda góðum járngildum. Hentar einnig konum sem eru þungaðar eða hyggja á þungun.

Um Probi® Mage



Probi® Mage mjólkursýrugerlar – fyrir meltinguna, þarmaflóruna og varnir líkamans!

Probi® Mage hefur sýnt sig meðal annars hafa sérstaklega góða eiginleika gegn einkennum eins og:

- Uppþembu
- Vindgangi
- Niðurgangi
- Hægðatregðu

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656,



Kæru borgarbúar

GLEÐILEGAN KJÖRDAG!

Kjörstaðir í Reykjavík í dag eru:

Árbæjarskóli
Borgarbókasafnið í Kringlunni
Breiðagerðisskóli
Breiðholtsskóli
Dalskóli
Hagaskóli
Hlíðaskóli
Íþróttamiðstöðin í Grafarvogi, Dalhúsum
Íþróttamiðstöðin í Austurbergi
Ingunnarskóli
Kjarvalsstaðir
Klébergsskóli
Laugalækjarskóli
Menntaskólinn við Sund
Norðlingaskóli
Ráðhús Reykjavíkur
Vesturbæjarskóli
Vættaskóli Borgir
Ölduselsskóli

Kjörfundur hefst kl. 9:00 og honum lýkur kl. 22:00.

Sérstök athygli er vakin á því að:

- **Íbúar í Úlfarsárdal og Reynisvatnsás kjósa nú í Dalskóla.**
- **Íbúar í Leitum og Lautarveg, Skógarveg og Sléttuveg kjósa nú í Borgarbókasafninu Kringlunni.**
- **Íbúar Bakka og Stekkja kjósa nú í Breiðholtsskóla.**
- **Íbúar norðan Hringbrautar og vestan Hofsvallagötu og Ægisgötu kjósa nú í Vesturbæjarskóla.**

Á **www.reykjavik.is/kosningar** má fletta upp heimilisföngum í Reykjavík til að kanna hvar á að kjósa. Á kosningavef dómsmálaráðuneytisins, **www.kosning.is**, má fletta kjósendum upp eftir kennitölu til að kanna hvort og hvar þeir eru á kjörskrá.

Í Ráðhúsi Reykjavíkur er símavakt í allan dag, s. **411 4915**, netfang **kosningar@reykjavik.is.** Þar eru veittar upplýsingar um allt sem við kemur kosningunum.

Aðgengi fyrir hjólastóla er tryggt á öllum kjörstöðum. **Ekki gleyma að hafa skilríki meðferðis.**

Á kjördag hefur yfirkjörstjórn Reykjavíkur norður aðsetur í Ráðhúsinu (s. **411-4910**) og yfirkjörstjórn Reykjavíkur suður í Hagaskóla (s. **411-4920**) Báðar kjörstjórnir flytja sig í Laugardalshöll kl. 22:00.

Á **www.reykjavik.is/kosningar** má fylgjast með þróun kjörsóknar yfir daginn og nálgast ýmsar hagnýtar upplýsingar sem tengjast kosningum. Sérstök athygli er vakin á fjórum nýjum kjörstöðum í Reykjavík.

Talning atkvæða fer fram í Laugardalshöll.

Talning hefst kl. 22:00 og er opin almenningi meðan húsrúm leyfir. Myndútsending frá talningu verður streymt á **www.reykjavik.is/kosningar**

Allar nánari upplýsingar má nálgast í s. **411-4915** eða gegnum netfangið **kosningar@reykjavik.is.**

Skrifstofa borgarstjórnar
Yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis norður
Yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis suður

Lokale wyborcze w Reykjavíku znajdują się dziś w:

Árbæjarskóli
Biblioteka miejska w Kringlan
Breiðagerðisskóli
Breiðholtsskóli
Dalskóli
Hagaskóli
Hlíðaskóli
Centrum sportowe w Grafarvogur, Dalhús
Centrum sportowe przy Austurberg
Ingunnarskóli
Kjarvalsstaðir
Klébergsskóli
Laugalækjarskóli
Menntaskólinn við Sund
Norðlingaskóli
Ratusz miasta Reykjavík
Vesturbæjarskóli
Vættaskóli Borgir
Ölduselsskóli

Głosowanie rozpoczyna się o godzinie 9:00 i kończy o 22:00.

Wyborcy proszeni są o zwrócenie uwagi na następujące zmiany:

- **Mieszkańcy Úlfarsárdalur i Reynisvatnsás głosują od teraz w Dalskóli.**
- **Mieszkańcy Leitar oraz Lautarvegur, Skógarvegur i Sléttuvegur głosują od teraz w Bibliotece miejskiej (Borgarbókasafnið) w Kringlan.**
- **Mieszkańcy Bakkar i Stekkir głosują od teraz w Breiðholtsskóli.**
- **Mieszkańcy obszaru na północ od Hringbraut i na zachód od Hofsvallagata i Ægisgata głosują od teraz w Vesturbæjarskóli.**

Na stronie **www.reykjavik.is/kosningar** można wyszukać adresy w Reykjavíku, aby sprawdzić, gdzie należy głosować. Na serwisie wyborczym ministerstwa sprawiedliwości, **www.kosning.is**, można wyszukać wyborców według numeru ewidencyjnego (kennitala), żeby sprawdzić, czy i gdzie figurują w rejestrze wyborców.

W Ratuszu miasta Reykjavík przez cały dzień będzie czynny dyżur telefoniczny, tel. **411 4915**, e-mail **kosningar @reykjavik.is.** Udzielane są tam wszystkie informacje związane z wyborami.

Wszystkie lokale wyborcze zapewniają dostęp dla wózków inwalidzkich. Należy pamiętać o zabraniu ze sobą dowodu tożsamości.

W dniu wyborów główna komisja wyborcza okręgu Reykjavík północ urzęduje w Ratuszu (tel. **411-4910**), a główna komisja wyborcza okręgu Reykjavík południe w Hagaskóli (tel. **411-4920**). Obie komisje wyborcze zostają przeniesione do Laugardalshöll o godzinie 22:00.

Na stronie www.reykjavik.is/kosningar można obserwować wzrost frekwencji w ciągu dnia oraz znaleźć różne przydatne informacje związane z wyborami. Zwraca się szczególną uwagę na cztery nowe lokale wyborcze w Reykjavíku.

Liczenie głosów odbywa się w Laugardalshöll. Liczenie rozpocznie się o godzinie 22:00 i jest otwarte dla publiczności w miarę wolnych miejsc.

Dokładniejsze informacje można uzyskać pod numerem telefonu **411-4915** lub mailowo na adres **kosningar@reykjavik.is.**

Sekretariat Rady Miasta
Główna komisja wyborcza okręgu Reykjavík północ
Główna komisja wyborcza okręgu Reykjavík południe

Polling places in Reykjavík are as follows:

Árbæjarskóli
City library Kringlan
Breiðagerðisskóli
Breiðholtsskóli
Dalskóli
Hagaskóli
Hlíðaskóli
Sports center in Grafarvogur, Dalhúsum
Sports center in Austurberg
Ingunnarskóli
Kjarvalsstaðir
Klébergsskóli
Laugalækjarskóli
Menntaskólinn við Sund
Norðlingaskóli
Reykjavík City Hall
Vesturbæjarskóli
Vættaskóli Borgir
Ölduselsskóli

Polls open at 9:00 and close at 22:00.

Be advised that:

- **Residents of Úlfarsárdalur and Reynisvatnsás now vote in Dalskóli.**
- **Residents of the Leiti neighbourhood as well as Lautarvegur, Skógarvegur and Sléttuvegur now vote in City library in Kringlan.**
- **Residents of the Bakkar og Stekkir neighborhood now vote in Breiðholtsskóli.**
- **Residents of old Vesturbær north of Hringbraut and west of Hofsvallagata and Ægisgata now vote in Vesturbæjarskóli.**

At **www.reykjavik.is/kosningar** it is possible to look up where to vote by address. On the Ministry of Justice election page, www.kosning.is, voters can see if they are eligible to vote and where they should vote using their national ID number.

For information about all things concerning the elections call **411-4915** or email **kosningar@reykjavik.is**

All polling stations are wheelchair accessible. Remember to have proper identification on hand.

On election day the Senior Electoral Commissions for Reykjavík North will be located in Reykjavík City Hall (tel. **411-4910**) and Reykjavík South (tel. **411-4920**) will be located in Hagaskóli. Both Commissions will move to Laugardalshöll at 22:00.

At www.reykjavik.is/kosningar you can monitor voter turnout throughout the day as well as find various useful information related to elections. Special attention is drawn to the four new polling stations in Reykjavík.

The counting of the vote will take place in Laugardalshöll. The counting begins at 22:00 and is open to the public.

For more information call **411-4915** or email **kosningar@reykjavik.is**.

Office of the City Council
Senior Electoral Commission Reykjavík North
Senior Electoral Commission Reykjavík South

Reykjavíkurborg

Kenndi Pierce Brosnan íslensku

Halldóra Þöll Þorsteins útskrifaðist frá breska leiklistarskólanum Rose Bruford College of Theatre and Performance í fyrra. Fyrsta hlutverkið hennar eftir útskrift var í bíómyndinni Eurovision sem Netflix sýnir.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Halldóra segir að það hafi verið stórkostleg upplifun að sitja við hlið Pierce Brosnan í upptökum á senu, þar sem þau hlustuðu saman á Waterloo með ABBA sem bar sigur úr býtum í Eurovision árið 1974, en atriðið á að gerast á þeim tíma. „Og þarna sat ég við hliðina á manninum sem söng í bíómyndinni Mamma Mia! Við spjölluðum smá um Eurovision og hann sagðist muna eftir því að hafa horft á keppnina þegar ABBA vann, á meðan hann var sjálfur í leiklistarnámi. Svo erum við mörgum árum seinna að taka þetta upp og ég sjálf nýútskrifuð," segir þessi unga leikkona. „Þetta var einstök upplifun," bætir hún við.

Hélt þetta væri grín

Halldóra segir að það hafi verið mjög spennandi að koma að svona stóru verkefni stuttu eftir útskrift. „Ég hef ekki einu sinni leikið í stuttmynd á Íslandi, svo þetta var magnað tækifæri fyrir mig. Þegar fyrirtækið Spotlight, sem er svokallað „casting" fyritæki margra þekktra leikara, hafði samband við mig, var ég ekki komin með vinnu og var að leita að húsnæði í London. Þegar mér var boðið að koma í prufu fyrir myndina Eurovision hélt ég í fyrstu að þetta væri grín, enda var aðeins vika frá því ég útskrifaðist úr skólanum. Síðan þurfti ég að bíða í tvær vikur áður en ég var kölluð í aðra prufu. Það var taugatrekkjandi tími," segir Halldóra. „Það var því mikið gleðiefni að fá hlutverkið."

> **Það var auðvitað stórkostlegt fyrir mig að fá að umgangast svona Hollywood-stjörnur. Þetta eru allt leikarar, bæði íslenskir og erlendir, sem ég hef lengi litið upp til.**

Senan sem Halldóra leikur í var tekin upp í Edinborg. Hún bauð fram frekari krafta ef hún gæti aðstoðað og fékk það hlutverk að þýða texta úr ensku yfir á íslensku og kenna stórstjörnunni Pierce Brosnan að bera fram íslensk orð. „Við Guðmundur Ingi leikari fengum að vinna með talþjálfara að kenna Brosnan. Hann var bara rólegur og til í slaginn að læra setningarnar á íslensku. Ef þú ert James Bond þá eru nokkrar setningar á íslensku ekki mikið mál," segir Halldóra brosandi. Með henni í myndinni voru, auk Guðmundar Inga, Nína Dögg Filippusdóttir og Arnar Jónsson.

Halldóra segist ekki hafa hitt Will Ferrell, en hún hitti leikkonuna Rachel McAdams. „Það var auðvitað stórkostlegt fyrir mig að fá að umgangast svona Hollywood-stjörnur," segir hún. „Þetta eru allt leikarar, bæði íslenskir og erlendir, sem ég hef lengi litið upp til. Það var frábært að sjá hvað listaheimurinn getur verið hvetjandi og fallegur. Nína Dögg var ótrúlega góð við mig. Ég mun vinna með henni áfram í sumar við upptökur á þáttaröðinni Verbúð, en ég hef dáðst að Vesturporti alla mína ævi, svo þetta er draumur sem er að rætast," segir hún.



Halldóra segir að það hafi verið stórkostleg upplifun að leika í kvikmyndinni Eurovision sem er komin í sýningu á Netflix. Frábært að fá hlutverk í svona stórri mynd þar sem Hollywood-leikarar koma við sögu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Í breskum barnaskóla

Halldóra bjó í London þegar hún var á aldrinum 10-13 ára og gekk í breskan, kaþólskan skóla. Foreldrar hennar voru á þeim tíma í mastersnámi og Halldóra segir að það hafi verið mjög skemmtilegt að upplifa allt annars konar skóla en hún var vön frá Íslandi. „Þarna kynntist ég breskri menningu og hafði mikinn áhuga á enskunni. Mér fannst því henta mér betur að fara í leiklistarnám í Bretlandi. Þótt ekki sé langt að fara til Englands er menningin ólík þeirri íslensku og mannflóran fjölbreytt. Mér finnst skemmtilegt að kynnast fólki með ólíkan bakgrunn og hlusta á sögur þess. Ég bý í London en kom heim vegna COVID," segir Halldóra, sem hefur áhuga á verkefnum hér á landi til að kynnast listaheiminum.

Úr verkfræði í leiklist

„Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á leiklist og sérstaklega söngleikjum. „Ég byrjaði ung í söngnámi hjá



Eurovision er komin í sýningu á Netflix, svo nú er hægt að sjá hana.

Margréti Eir og fór síðan í Söngleikjadeild Söngskóla Sigurðar Demetz, hjá Völu Guðnadóttur og Þór Breiðfjörð. Ég hafði mikla ástríðu fyrir söngleikjum þegar ég var táningur, en ég þorði aldrei að tala um eða viðurkenna að mig langaði að verða leikari. Ég var alltaf mjög góð í raungreinum, sérstaklega stærðfræði. Var dúx í grunnskóla, fór síðan á eðlisfræðibraut í Verzló og þaðan í heilbrigðisverkfræði í HR í eitt ár, þar sem ég komst á forsetalistann haustönnina. Þar að auki var ég keppniskona í sundi fyrir Ármann. Ég æfði sund í fimmtán ár og stefndi hátt, en meiddist í baki og varð að hætta. Þá varð ég að finna mér nýtt áhugamál," segir hún.

Þorði ekki að segja frá

Rose Bruford skólinn bauð Íslendingum að koma í prufur fyrir leiklistarnám og ég komst strax inn. Ég þorði ekki fyrst að segja foreldrum mínum frá þessu, en ég þurfti að ákveða mig í hvelli og flutti til London fimm dögum seinna. Námið var frábært. Ég fór í skiptinám til Chicago og lærði heilmikið þar líka. Í útskriftarverkinu lék ég aðalhlutverkið, Hekúbu, í nýrri útgáfu af grísku tragedíunni Trójukonum eftir Evripídes. Eftir útskrift hef ég leikið í barnaleikriti á Norður-Englandi, verið í „voice-over," og hef verið að vinna með, og leikstýra, bekkjarbróður mínum sem var að skrifa leikrit til að setja vonandi upp á Camden Fridge og Vaults festivalinu, þegar COVID og samfélagið leyfa," segir Halldóra, sem var ekki búin að horfa á Eurovison þegar viðtalið var tekið í gær, en ætlar að horfa á hana með fjölskyldunni. „Ég hlakka mikið til að sjá myndina. Það er stórkostlegt að hugsa til þess að maður hafi verið að vinna að sama verkefni og allar þessar stórstjörnur. Í raun er stórkostlegt að upplifa svona stórt verkefni og sjá hvað það er mikið fyrirtæki að búa til kvikmynd," segir Halldora Thoell, en það er sviðsnafnið hennar.

SÆBJÚGNAHYLKI FYRIR HEILSUNA
Arctic Star
Nýjar umbúðir



Arctic star sæbjúgnahylki
innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum, og eru þekkt fyrir:

- Hátt próteininnihald og lágt fituinnihald
- Að minnka verki í liðum og liðamótum
- Að byggja upp brjósk og draga úr tíðni liðskemmda
- Að bæta ónæmiskerfið
- Að auka blóðflæði
- Að koma í veg fyrir æðakölkun
- Að auka orku líkamans, stuðla að myndun húðpróteins og insúlins

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA, Framleiðandi er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á www.arcticstar.is

Arctic Star sæbjúgnahylki
Varan fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og hagkaupum.

info@arcticstar.is - www.arcticstar.is
Síðumúli 31 - 108 Reykjavik - S: 562-9018 / 898-5618

Ísland, komdu með

Kynningar:

Vínlandssetur
Kópavogur
FlyOver Iceland
Eyjafjörður
Mývatn
Snæfellsbær
Rangárþing eystra
Ferðaþjónusta bænda
Hornafjörður
Askja

LAUGARDAGUR 27. JÚNÍ 2020



Stakkholtsgjá í Þórsmörk. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Fjölbreytt afþreying á Suðurlandi

Algengasti ferðamáti Íslendinga innanlands er að keyra um landið og fara í útilegu með fjölskyldunni. Notalegt er að grilla á tjaldsvæðum vítt og breitt um landið og frábært að skella sér í sund.

Á Suðurlandi er fjölbreytt afþreying í boði á borð við hellaferðir, fjórhjólaferðir, rib-bátaferðir, kajak, zipline, hestaferðir, köfun, hjólaferðir, jeppaferðir, íshellaferðir, snjósleðaferðir, gönguferðir með leiðsögn, fuglaskoðun, skoðunarferðir á margvísleg söfn, heimsókn í húsdýragarða og margt fleira.

„Matarupplifun á fjölbreyttum veitingastöðum er víða að finna á Suðurlandi, þar sem boðið er upp á mat úr sunnlensku hráefni. Einnig er hægt að finna fjölbreytta gistingu um allt Suðurland, eins og gistihús, hótel, íbúðagistingu, tjaldstæði, hostel, glamping (lúxus tjaldgisting) og ýmislegt fleira. Þetta fjölbreytta framboð á veitingastöðum, afþreyingu og gistingu er hluti af þeim jákvæðu áhrifum sem ferðaþjónustan hefur á samfélagið," segir Guðmundur Fannar Vigfússon, verkefnastjóri hjá Markaðsstofu Suðurlands.

„Við erum vön því að geta gert skemmtilega hluti á Íslandi, þar sem við getum séð að mestu um okkur sjálf, eins og að fara í útilegu og sund, en leyfum okkur síður að kaupa afþreyingu og upplifun líkt og við gerum erlendis," segir Guðmundur og spyr: „Hvað gerum við þegar við ferðumst erlendis?



Fallegi Skógafoss. Það er alltaf gaman að koma á þessar slóðir. MYND/ÞÓRIR N. KJARTANSSON

Við kaupum gistingu, förum út að borða, förum jafnvel í leiðsagðar ferðir þar sem við fáum tækifæri til að heyra sögu staðarins betur, við förum á söfn og kaupum okkur alls konar afþreyingu. Við leyfum okkur sem sagt að upplifa og kynnast svæðinu sem við heimsækjum og hvað það hefur upp á að bjóða.

Viljum við ekki fá aukna upplifun í ferðalagið, hvort sem það er langt eða stutt? Það gerum við með því að upplifa matinn og veitingastaðina, ferðast um landið með augum ferðamannsins og jafnvel með leiðsögumann okkur við hlið, sem segir okkur sögur svæðisins og fræðir okkur, við nýtum okkur hestaleigur, skoðum ævintýraheim jöklanna í íshellaferð, ísklifri eða snjósleðaferð, við heimsækjum flottu söfnin okkar, sem minna okkur á sögu lands og þjóðar, eða skellum okkur í ferð sem fær adrenalínið af stað eins og bátsferð, zipline, fjórhjól eða svifflug," segir hann og bætir við: „Varðandi kolefnissporið þá er mun umhverfisvænna fyrir okkur sem búum á Íslandi að ferðast um Ísland heldur en að taka flugið á erlenda grundu. Í því samhengi má bæði nefna samgöngumátann og það staðbundna hráefni sem við getum notið á ferðalagi okkar um landið. Ekki svo að við hættum að ferðast erlendis, en við gætum stefnt að meira jafnvægi í ferðalögunum okkar og um leið minnkað flugviskubitið svokallaða.

Við mælum með því að fólk ferðist um Suðurland og landið allt í sumar og leyfi sér að upplifa allt það sem íslensk ferðaþjónusta býður upp á."

Hægt er að nálgast upplýsingar um fjölbreytta afþreyingu, viðburði, veitingastaði og gistingu á sudurland.is.







Leifsbúð hefur hýst alls konar starfsemi í gegnum tíðina og er eitt elsta húsið í Búðardal.

Sögusýning í Vínlandssetri

Vínlandssetur í Búðardal er í fallegu gömlu húsi við höfnina. Skemmtileg sýning verður opnuð um næstu helgi.

Vínlandssetur er skemmtileg afþreying fyrir ferðamenn sem koma í Búðardal. Bjarnheiður Jóhannsdóttir, einn forsvarsmanna Vínlandsseturs, segir að setrið verði opnað þann 5. júlí næstkomandi en í byrjun verði það opið frá klukkan 11-18 alla daga vikunnar. Tvenn hjón hafa tekið að sér reksturinn á Vínlandssetri en þar er kaffihús auk sýningarinnar.

„Sýningin í setrinu er sögusýning, byggð á Eiríks sögu rauða og Grænlendingasögu, en hún er hugarsmíð Kjartans Ragnarssonar og er systursýning Landnámssetursins í Borgarnesi, það er byggð upp á sama hátt, en segir sögur landnáms norrænna manna í Grænlandi og Ameríku til forna. Aðalsöguhetjurnar, Leifur heppni, Eiríkur rauði og Guðrún Þorbjarnardóttir eru settar fram á myndrænan hátt og sagan sögð með hljóðleiðsögn," segir Bjarnheiður.



Ein sena í sýningunni um Leif heppna staddan á Marklandi, listamaðurinn er Ingibjörg Ágústsdóttir.

» Sýningin er byggð á Eiríks sögu rauða og Grænlendingasögu.

„Setrið er staðsett við höfnina, neðst í Búðardal í gömlu húsi sem eitt sinn var pakkhús, en hefur nú fengið þetta skemmtilega hlutverk. Nú er verið að leggja lokahönd á allt innan dyra, þannig að við getum tekið á móti fólki í júlí," segir hún.

„Að leiðsögn lokinni er tilvalið að setjast niður og fá sér gott kaffi og bakkelsi eða matarmikla súpu á neðri hæðinni. Við getum tekið á móti bæði einstaklingum og hópum, en gott er að panta með góðum fyrirvara, ef margir koma saman í hóp."

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, | Veffang: frettabladid.is

Sumargjöf til þín
frá Bláa Lóninu



Við gefum öllum einstaklingum, 14 ára og eldri,
5.000 kr. inneign upp í **Premium aðgang** Bláa Lónsins.

Með Premium aðgangi upplifir þú allt það besta sem
Bláa Lónið hefur upp á að bjóða.

Þú getur nálgast sumargjöfina þína og frekari upplýsingar á **blaalonid.is**

Njóttu vel!

BLUE LAGOON
ICELAND

Frítt fyrir börn 13 ára og yngri.

Fór hringinn í stræto og rútu

Marta Magnúsdóttir, formaður Bandalags íslenskra skáta, hefur ferðast mikið um landið og fer óvenjulegar leiðir þegar hún leggur land undir fót. Útilegur eru í miklu uppáhaldi hjá henni.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is





Ferðalagið hennar Mörtu byrjaði í Landmannalaugum, eftir að hafa gengið Laugaveginn. Síðan var farið austurleiðina með stræto.

Marta býr í Grundarfirði þar sem hún hefur starfað við ferðaþjónustu, auk þess sem skátastarfið á hug hennar allan. Hún hefði verið að undirbúa Landsmót skáta, ef allt hefði verið eðlilegt, en það átti að vera á Akureyri 8. – 14. júlí. Vegna COVID var því frestað um eitt ár. Gestir koma alls staðar frá í heiminum á Landsmótið og venjulega er mikið tilhlökkunarefni hjá skátum að mæta á svæðið. „Við þurfum bara að hlakka til aðeins lengur," segir Marta, en útilegur í tjaldi þykja henni mjög skemmtilegar. Útilegur eru stór hluti af skátastarfinu og Marta segir að öllum sé velkomið að heimsækja Úlfljótsvatn í sumar, þar sem er góð aðstaða fyrir útilegur og margt um að vera.

Þegar Marta er spurð um eftirminnilegar útilegur, er hún fljót að svara. „Ég hef farið víða um landið þótt ég eigi enn nokkra staði eftir. Fyrir þremur árum fór ég hringinn í kringum landið í stræto og rútu, með tveimur þýskum vinkonum mínum. Það var mjög skemmtilegt ferðalag. Þetta var ferð sem boðið var upp á, en maður þurfti að stoppa á nokkrum stöðum og dvelja í sólarhring á hverjum stað. Það var ný og öðruvísi upplifun. Maður var kannski allt í einu staddur á einhverjum stað, sem annars hefði bara verið keyrt í gegnum. Þýsku vinkonur mínar eru sérfræðingar í sparsemi þannig að það var ekkert verið að eyða í óþarfa. Við sváfum alltaf í tjaldi og vorum ekki með mikinn farangur með okkur," segir Marta.

„Það kom nokkrum sinnum fyrir að við ætluðum að stoppa á einhverjum stað, en hættum við það þegar komið var á staðinn þar sem ekkert var í boði. Við hoppuðum út úr stræto og inn í hann aftur. Fórum síðan á næsta stað og veltum fyrir okkur hvað við ættum að gera skemmtilegt í heilan sólarhring. Ferðin byrjaði í Landmannalaugum, eftir að við höfðum gengið Laugaveginn frá Skógafossi. Næsti viðkomustaður var Vík í Mýrdal, síðan Höfn í Hornafirði, Egilsstaðir, Húsavík, Mývatn, Akureyri og loks Snæfellsnesið. Þetta var sjö daga ferð. Það er vel hægt að njóta landsins á einni viku. Við vorum ekki með bíl og fórum þess vegna ekkert út fyrir þessa bæi," segir Marta.

Hornstrandir í uppáhaldi

„Þýsku vinkonur mínar komu síðan aftur í heimsókn og þá fórum við á Hornstrandir. Það var það langskemmtilegasta sem ég hef gert á Íslandi. Við vorum í fimm daga og lentum í svartaþoku sem var ekkert grín. Ferðin var gríðarleg upplifun fyrir okkur allar, ekki síst þær, sem höfðu þó aðeins kynnst íslensku veðurfari. Strandirnar eru einstakt svæði og ferðin var mikið ævintýri," segir Marta og bætir við að það hafi ekki verið neitt óþægilegt að hafa ekki bíl. „Ég eignaðist minn fyrsta bíl í vor og var vön því að ferðast með áætlunarvögnum eða á puttanum.

> **Maður lærir að nýta hlutina í skátunum og forðast sóun. Við eigum svo margt sem vel er hægt að nýta betur og lengur.**

Einu sinni lenti ég í því að vera fjórtán tíma frá Reykjavík til Grundarfjarðar," segir Marta, sem er fædd og uppalin á Grundarfirði, en hefur auk þess búið um tíma í Reykjavík, Minnesota í Bandaríkjunum og í Ekvador. „Ég kem alltaf aftur í Grundarfjörðinn þar sem mér líður best, enda er eins og maður sé alltaf í sumarbústað," segir hún. Flestir vita að það er fallegt á hennar heimaslóðum. „Ég flutti reyndar í Dalabyggð í vor til að vera í sauðburði. Maður reynir að finna sér eitthvað skemmtilegt að gera."

Þarf ekki dýrustu græjurnar

Marta bendir á að ef fólk langar í útilegu en sé ekki vant að ferðast innanlands, er engin ástæða til að kaupa öll tæki og tól eftir vörulistum. „Það er ýmislegt hægt að fá lánað hjá ættingjum eða fara í eigin skápa og finna potta, pönnur og önnur áhöld og taka með sér í ferðalagið. Ef fólk er að fara eitthvað í alfaraleið er góð þjónusta á flestum viðkomustöðum. Auk þess er grillaðstaða á mörgum tjaldsvæðum. Ég er búin að læra að því minna sem maður hefur meðferðis, þeim mun minni verða áhyggjurnar. Það er vel hægt að bjarga sér með fáum hlutum. Bara taka það allra nauðsynlegasta. Hver hlutur sem maður tekur með hefur notagildi, tjald, svefnpoki og nesti.



Marta Magnúsdóttir, formaður Bandalags íslenskra skáta, segir að skátastarfið sé einstaklega skemmtilegt og ekki síst útilegurnar.

Ef fólk á ekki tjalddýnu er hægt að notast við tvö ullarteppi í staðinn, vera hlýlega klæddur og leggja af stað. Það er vel hægt að komast af án dýrustu græjanna. Þegar ég fer til útlanda tek ég til dæmis alltaf með mér föt sem ég hef ekki notað lengi. Maður lærir að nýta hlutina í skátunum og forðast sóun. Við eigum svo margt sem vel er hægt að nýta betur og lengur."

Vill fjölga skátum

Marta hvetur skáta til að draga fjölskyldur sínar í útilegur í sumar og ferðast um Ísland. „Ég byrjaði í skátunum þegar ég var 15 ára. Þá fór ég á kynningu á starfseminni, en hafði haft fordóma gagnvart skátunum. Á fundinum var verið að kynna alþjóðlegt skátamót sem mér þótti afar spennandi. Ég ákvað að skrá mig og þetta var það allra skemmtilegasta sem ég hef gert, síðan eru liðin tíu ár," segir hún. „Við erum með skátafélag í Grundarfirði og ágætis þátttaka, þótt ég vilji alltaf fá fleiri. Núna er að fara í gang verkefni til að fjölga skátum á landinu og skátafélögum. Ég vil endilega nota tækifærið og hvetja alla sem vilja kynnast starfinu til að hafa samband við Skátamiðstöðina í Hraunbæ. Þar er tekið vel á móti öllum. Börn og unglingar hafa mjög gott af því að taka þátt í skátahreyfingunni, en hún er stofnuð fyrir frið og bræðralag. Skátar um allan heim hafa mikla samheldni og vinna saman. Hvar sem ég hef komið í heiminum hef ég eignast góða vini í gegnum skátahreyfinguna," segir skátaforinginn Marta.



Fjölbreytt og lifandi sumar

Í sumar munu Menningarhúsin í Kópavogi bjóða upp á skemmtilegar smiðjur fyrir ungt fólk. Auk þess verður fjölbreytt dagskrá í boði allt sumarið fyrir alla aldurshópa.

Menningarhúsin í Kópavogi bjóða upp á skemmtilegar og fræðandi smiðjur í sumar fyrir ungt fólk. Um er að ræða vikulegar smiðjur frá þriðjudegi til fimmtudags og hefjast þær 30. júní. Það eru fjórir sumarstarfsmenn menningarhúsanna sem stýra smiðjunum, en hópurinn kallar sig Sumarspírurnar. Hópinn skipa þær Guðný Sara Birgisdóttir, myndlistarkona og meistaranemi í hönnun við Listaháskólann, Ýr Jóhannsdóttir, textíllistakona og nemi í listkennsludeild Listaháskólans, Jóhanna Malen Skúladóttir, jarðvísindanemi við Háskóla Íslands og teiknari, og Þórhildur Magnúsdóttir sem er víólunemi í Tónlistarháskólanum í Kaupmannahöfn.

„Við munum leggja áherslu á umhverfisvitund, listræna sköpun og leikgleði, en smiðjurnar standa yfir frá klukkan 13-15, þrjá daga vikunnar, og standa yfir frá 30. júní til 13. ágúst," segir Guðný Sara.

„Á þriðjudögum verða vísindamiðaðar smiðjur og þrautagerð, myndlist verður í boði á miðvikudögum, og á fimmtudögum bjóðum við upp á fimmtudagsflækjur.

Smiðjurnar eru öllum opnar og ekkert kostar inn á þær," bætir Ýr við.



Guðný Sara Birgisdóttir, myndlistarkona og meistaranemi, Ýr Jóhannsdóttir, textíllistakona og nemi í LHÍ, Jóhanna Malen Skúladóttir, jarðvísindanemi við Háskóla Íslands og teiknari og Þórhildur Magnúsdóttir sem er víólunemi í Tónlistarháskólanum í Kaupmannahöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Þverfagleg samskipti aukin

Smiðjurnar eru hugsaðar fyrir 10-14 ára krakka, en verða að sjálfsögðu opnar fyrir alla þá sem hafa áhuga á listrænni sköpun segir Jóhanna Malen. „Dagskráin mun að mestu leyti fara fram í Gerðarsafni, Bókasafni Kópavogs og Náttúrufræðistofu, en einnig munum við nýta útivistarsvæði Menningarhúsanna og vera eina viku í Lindasafni."

Það er þeim mikið hjartans mál að viðhalda því flotta og öfluga menningarstarfi sem Menningarhúsin í Kópavogi bjóða upp á yfir vetrartímann og færa það yfir á sumartímann líka.

Mikil fjölbreytni

Guðný ætlar að leggja áherslu á skemmtilegar myndlistarsmiðjur á miðvikudögum undir heitinu Myndlistar-miðvikudagar! „Smiðjurnar verða allar mjög fjölbreyttar og snerta á sem flestum flötum myndlistarinnar. Við verðum til dæmis með klippimyndasmiðju, prentsmiðju með áherslu á endurvinnslu á efniviði og vatnslitasmiðju."

Ýr, sem skapar undir nafninu Ýrúrarí, stendur fyrir smiðjunum á fimmtudögum, sem verða með furðu- og flækjuþema. „Það verða meðal annars textíltilraunir og leikir úti á túni, fléttað úr lofti og vatni, frumlegar fataviðgerðir og skapandi útsaumur og dúskagerð, með endurunnum efnivið."

Leyniletur og sólkerfi

Jóhanna Malen, sem meðal annars hefur unnið með námi í vísindasmiðju Háskóla Íslands, við vísindamiðlun til grunnskólabarna, mun sjá um þverfaglegar smiðjur. „Ég mun leggja áherslu á sköpun í tengslum við vísindi og náttúru og bjóða upp á til dæmis tetrisþrautasmíði, seglasmiðju, leyniletur og sólkerfið, svo fátt eitt sé nefnt."

Starf Þórhildar í sumar felst einna helst í að spila á víóluna og tvinna saman lifandi tónlist og annars konar list, sem fram fer í smiðjunum, á skapandi hátt.

Nánari upplýsingar verða svo settar jafnóðum inn á Facebook hópinn „Sumarspírur Menningarhúsanna" og á facebook síðu Menningarhúsanna í Kópavogi.



Það er alltaf líf og fjör hjá ungu kynslóðinni í Kópavogi enda margt í gangi.



Það er margt í boði fyrir börn í Bókasafninu í Gerðarsafni í Kópavogi.



Salalaug er glæsileg en hún er önnur tveggja sundlauga í bænum.

Eitthvað fyrir alla

Menningarhúsin í Kópavogi eru Gerðarsafn, Náttúrufræðistofa Kópavogs, Bókasafn Kópavogs, Héraðsskjalasafn Kópavogs og tónleikhúsið Salurinn, en öll húsin eru staðsett í hjarta Kópavogsbæjar í Hamraborginni.

Í sumar standa þau fyrir samvinnuverkefni sem ber heitið Söfnum sumri í Menningarhúsunum í Kópavogi. Um er að ræða fjölskylduverkefni sem skapar vettvang til útiveru og samveru, þar sem fjölskyldan getur unnið saman að skemmtilegum og fræðandi verkefnum. Þátttakendur fá afhentan glæsilegan taupoka, stútfullan af fjölbreyttum og sumarlegum verkefnum og þrautum, sem fjölskyldan er hvött til að taka með sér út í sumarið og í ferðalögin fram undan.

» Nokkra fimmtudaga í sumar verður boðið upp á Sumarbræðing í Menningarhúsunum. Þá verður boðið upp á Sumarjazz í Salnum og lengri opnunartíma í Gerðarsafni.

Nokkra fimmtudaga í sumar verður boðið upp á svokallaðan Sumarbræðing í Menningarhúsunum í Kópavogi. Þá verður boðið upp á Sumarjazz í Salnum og lengri opnunartíma í Gerðarsafni og Pure Deli, eða til klukkan 21. Næsti Sumarjazz í Salnum er 9. júlí, en þá koma fram Unnur Birna og Bjössi Thor. Ókeypis er á Sumarjazzinn og í Gerðarsafn frá klukkan 17.

Gerðarsafn opnar sýninguna Þegar allt kemur til alls, eftir tólf íslenska samtímalistamenn, laugardaginn 4. júlí. Verkin eru sérvalin út frá því hvernig fegurðin í hversdagsleikanum, léttleiki, húmor og leikgleði, birtast í þeim.

Á sýningu Náttúrufræðistofu Kópavogs er gestum boðið í ferðalag um helstu búsvæði sem finnast á Íslandi, allt frá myrkustu undirdjúpum til hæstu fjallatoppa. Á leiðinni mæta gestum þær lífverur sem finna má í hinum mismunandi búsvæðum.

Bókasafn Kópavogs býður upp á mikið úrval bóka og tímarita, auk þess sem lestraraðstaða safnsins er hin huggulegasta.

Útivistarsvæði Menningarhúsanna í Kópavogi býður upp á eitthvað fyrir alla fjölskylduna. Fullorðnir geta notið sín með kaffibolla frá Pure Deli og bók við hönd, á meðan börnin leika sér á svæðinu, sem inniheldur meðal annars ærslabelg, klifurgrind og gosbrunn.

Að lokum má nefna að í Kópavogi eru tvær frábærar sundlaugar, Salalaug og Sundlaug Kópavogs. Þær eru opnar frá klukkan 6.30 – 22 alla virka daga og frá klukkan 8 – 20 um helgar.

Nánari upplýsingar um viðburði og opnunartíma er að finna á menningarhusin.kopavogur.is.

Minni losun í sumar á heildina litið

Ætla má að plánetan njóti góðs af því að dregið hefur úr flugsamgöngum í kjölfar COVID-19. Þrátt fyrir það er ennþá mikilvægt að leggja sitt á lóðarskálarnar þegar kemur að umhverfisvernd.

Jóhanna María Einarsdóttir
johannamaria@frettabladid.is



Ragnhildur Freysteinsdóttir hjá Landvernd hvetur fólk til að kolefnisjafna ferðalögin í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR.

Þegar minna verður um ferðalög erlendis er þó fyrirséð að fjöldi Íslendinga taki sig til og ferðist á heimilisbílunum innanlands í sumar. „Blaðagrein í Times, sem var í apríl, spáði 38% samdrætti í losun frá flugi í ár, en það eru náttúrulega mjög margir óvissuþættir varðandi það hvernig flugsamgöngur verða út árið. Eitthvað af samdrættinum vegna flugsins mun koma fram aftur, vegna aukins aksturs í staðinn. Fólk ekur á áfangastað í stað þess að fljúga þangað, en sú losun er þó mun minni. Almennt virðast horfurnar vera þær að það verði heildarsamdráttur í ferðalögum, sérstaklega lengri ferðalögum, þannig að á heildina litið mun losunin dragast saman," segir Ragnhildur Freysteinsdóttir hjá Skógrækt Íslands og hlutastarfsmaður hjá Kolviði.

Hve mörg tré þarf að gróðursetja til að kolefnisjafna?

En hver er munurinn á kolefnislosun til dæmis miðað við það að keyra á bensínbíl hringinn í kringum landið og að ferðast með flugvél til San Fransisco? „Beint flug til SF er um átta og hálfur tími og kolefnislosun miðað við hvern farþega, fram og til baka, er um 1,4 tonn. Á móti kemur að hringvegurinn er um 1.300 km. Ef við miðum við að bíllinn eyði um 7 l/100 km, þá brennir hann um 92 lítrum af eldsneyti alla leiðina, sem samsvarar losun á um 0,2 tonnum af CO2. Þannig að losun tengd einum farþega með flugi til SF, samsvarar akstri um sjö bíla hringinn um landið. Til að binda 1,4 tonn af CO2 þarf af gróðursetja fjórtán tré hjá Kolviði."

Ragnhildur segist ekki geta spáð fyrir hver heildarmismunurinn geti verið á minni losun vegna minnkandi flugsamgangna og þeirri losun sem verður af völdum aukinna bílasamgangna í sumar. „Hver áhrifin verða fer eftir akstursvegalengd og bílgerð. Rafmagnsbílar eru ekki með beina losun vegna aksturs og dísel-bílar losa ívið meira en bensínbílar. Þá losar lengri akstur meira en skemmri. Almennt gildir það sama um bíl og flug. Ef þú vilt lágmarka losunina frá ferðalögum er betra að velja umhverfisvænni ferðamáta ef hægt er, ferðast styttri vegalengdir frekar en lengri og dvelja lengur á hverjum stað."

> **Fyrsta skrefið er að hugsa út ferðaplönin, til að minnka losunina. Næsta skref er svo að slá á losunina frá ferðalaginu og velja mótvægisaðgerð, svo sem bindingu kolefnis hjá Kolviði eða önnur góð verkefni.**

Þó svo losun á gróðurhúsalofttegundum verði líklega minni í sumar en í fyrra, má lengi gott bæta og má ýmislegt gera til þess að lágmarka eða binda kolefnislosun af völdum ferðalaga. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að kolefnisjöfnun er ekki „vottorð til þess að menga meira," heldur kemur hún ávallt í kjölfar aðgerða til samdráttar. „Fyrsta skrefið er að hugsa út ferðaplönin, til að minnka losunina. Næsta skref er svo að slá á losunina frá ferðalaginu og velja mótvægisaðgerð, svo sem bindingu kolefnis hjá Kolviði eða önnur góð verkefni."





Í FlyOver Iceland finnst gestum sem þeir svífi yfir undurfagurt landslag Íslands.

Spennandi upplifun og ólík öllu öðru

Ferðalag um Ísland hefst í FlyOver Iceland. Landsmenn taka andköf af undrun og fögnuði þegar farið á staði sem enginn kemst nema fuglinn fljúgandi. Flestir þrá að komast aftur.

Íslendingar eru hvattir til að ferðast innanlands í sumar og FlyOver Iceland er hin fullkomna byrjun á ferðalaginu um Ísland. Myndin gefur ákveðinn forsmekk af því hvað Ísland hefur að bjóða og sýnir magnaðar myndir af því stórkostlega landi sem við búum í. Gestir okkar sem þekkja landið vel segjast sjá Ísland í alveg nýju ljósi, og það eitt, er mikið hól fyrir okkur," segir Agnes Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri FlyOver Iceland.

Hjá FlyOver Iceland gefst fólki færi á að sjá Ísland með augum fuglsins fljúgandi.

„Já, það má segja það. Að sjá Ísland úr lofti og í miklu návígi er einstök upplifun. Ég held að okkur öll dreymi um að geta svifið og það er smá galdur á bak við það að herma eftir þeirri tilfinningu, að svífa um eins og fuglinn fljúgandi. Að baki liggur gífurleg vinna, bæði við upptökur á myndinni og við tæknilegu útfærsluna, að ná þessari einstöku tilfinningu að finnast maður raunverulega svífa yfir íslenska náttúru," upplýsir Agnes.

Sýning á heimsmælikvarða

Í FlyOver Iceland komast ferðalangar í tæri við staði sem fæstir sjá á lífsleiðinni.

„Í upphafi var ákveðið að sýna fólki bæði þekkta og óþekkta staði. Við förum ekki með fólk í Gullna hringinn eða Bláa Lónið sem dæmi, en það eru nokkrir kunnuglegir staðir eins og Dyrhólaey og Mælifell. Aðrir staðir eru jöklar, hálendi, faldir fossar og djúp gil sem flestir sjá í fyrsta sinn og er afar erfitt að komast að nema vera fuglinn fljúgandi sem við bjóðum gestum okkar upp á."

Gestirnir hefja ferðalagið í Langhúsinu.

„Þar segir sögumaðurinn okkar, Páll Pálsson, fyrrum sjómaður, frá sagnahefð og þrautseigju Íslendinga í gegnum aldirnar og kynnir til sögunnar íslensku tröllin. Í seinni forsýningunni er kíkt í Brunn tímans þar sem tröllskessan Sú Vitra, sem Hanna María Karlsdóttir leikkona ljáir rödd sína, segir frá náttúruöflunum sem mótuðu Ísland og gera enn, og hverjir voru fyrstu landnemarnir á Íslandi: Jú, auðvitað tröllin! Að lokum er stigið inn í salinn fyrir flugsýninguna. Gestir sitja í sætum með fæturna dinglandi og hreyfast með myndinni sem varpað er á 270 fermetra skjá," upplýsir Agnes um sýningu FlyOver Iceland, sem er tæknilega fremst á meðal jafningja og ein af fáum sambærilegum sýningum í heiminum.

„Það er afar spennandi að geta boðið Íslendingum upp á slíka sýningu, sem er á heimsmælikvarða," segir Agnes.

Með tár í augum af hrifningu

Í FlyOver Iceland er lögð áhersla á að efla öll skilningarvit, en upplifunin er þó alls ekki hrikaleg.

„Það heyrist nóg af gleðiópum og andköfum," segir Agnes. „Í heimi skemmtigarða og afþreyingasýninga er FlyOver Iceland skilgreind sem „mildly thrilling", eða temmilega æsileg sýning. Upplifunin er afar raunveruleg og margir lyfta fótum, svo þeir rekist ekki í jökulsporð eða turninn á Hallgrímskirkju. FlyOver Iceland hentar því fjölskyldum afar vel og nær til breiðs aldurshóps og oftar en ekki hef ég tekið á móti fólki með tárin í augunum af hrifningu. Það eitt færir manni yl í hjarta."



Agnes Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri FlyOver Iceland. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Agnes segir það hafa komið sér skemmtilega á óvart hversu vel Íslendingar hafa tekið í sýninguna, en alls hafa 70.000 Íslendingar heimsótt FlyOver Iceland frá opnun.

„Það er afar algengt að gestir komi aftur og aftur og við höfum heyrt af gestum sem eru að koma í fjórða, fimmta og jafnvel tólfta skiptið! Þetta er afþreying sem er ólík öllum öðrum. Hún hentar öllum aldurshópum, er tilvalin fyrir fyrirtækjahópa, vinahópa og fjölskyldur. Það skiptir höfuðmáli að Íslendingar hafi trú á því sem við bjóðum upp á, því það er besta auglýsingin – orðspor FlyOver Iceland dreifist hratt um landið."

Sömu viðbrögð komi fram hjá öllum aldurshópum.

„Fólk kemur yfirleitt skælbrosandi og hlæjandi út. Við tökum á móti krökkum frá fjögurra til fimm ára, en þau þurfa að hafa náð 102 sentimetra hæð, og upp í 90 ára fólk. Elsta konan sem hefur prófað FlyOver Iceland var í Kanada. Hún var 104 ára og vildi ólm fara aftur í flugið. Ferðamenn koma oft út af sýningunni og spyrja hvort þetta sé raunverulega allt á Íslandi; þeir eru orðlausir yfir fjölbreytileika íslenska landslagsins."

FlyOver Iceland í Vancover

Að geta skoðað heiminn með þessum hætti segir Agnes vera það sem koma skal í ferðamennsku og FlyOver Iceland ætlar að færa heiminn nær Íslendingum.

„Ég lít á FlyOver Iceland sem forsmekk af því sem landið hefur upp á að bjóða og á sama tíma að kitla forvitna aðila til að kynnast landinu enn betur. Til dæmis erum við að sýna íslensku myndina í FlyOver Canada í Vancouver. Það eitt og sér er mögnuð landkynning. Á næsta ári munum við einnig opna annað FlyOver í Las Vegas, þar sem vesturströnd Bandaríkjanna verður sýnd og árið 2022 verður ný FlyOver Canada-mynd frumsýnd í Toronto. Kosturinn við að vera partur af slíku sterku alþjóðlegu fyrirtæki er að okkur gefst tækifæri á að sýna Íslendingum myndir frá fleiri stöðum og í haust munum við til dæmis sýna FlyOver Canada-myndina hér á landi. Þetta er frábær leið til að kynnast öðrum löndum og á sama tíma fá innblástur að nýjum ferðalögum."

Hún segir fólk ekki verða uggandi við að sveiflast um í lausu lofti.

„Í raun er fólk ekki laust í loftinu heldur í sætum með sætisbelti og fæturnir dingla niður. Sætin hreyfast svo í takt við myndina. Við mælum ekki með sýningunni fyrir þá sem kljást við mikla lofthræðslu en á hinn bóginn hafa mjög margir lofthræddir heimsótt okkur og viljað fara strax aftur í aðra ferð. Einnig er gott að vita að við leggjum mikla áherslu á allt öryggi og fylgjumst vel með hverjum og einum einstaklingi. Ef við sjáum að viðkomandi líður illa stöðvum við sýninguna samstundis þannig að sá aðili komist út, svo höldum við áfram fluginu. Fyrir flesta er þetta frábær og jákvæð upplifun. Hún er spennandi og ólík öllu öðru.

Raunveruleg upplifun

Í FlyOver Iceland er öll upplifun gerð eins raunveruleg og mögulegt er.

„Við leggjum mikið upp úr góðu aðgengi og sýningin gerir mörgum kleift að ferðast um Ísland sem annars hefðu ekki tök á því að ferðast, klífa fjöll og sjá marga af stöðum sem eru fótgangandi ferðalöngum ómögulegt að sjá. Það að geta fundið vindinn í hárinu og ilm af nýslegnum akri færir svo upplifunina á annað plan," segir Agnes.

Að fluginu loknu segir Agnes nokkur börn hafa spurt hvort þau séu enn á Íslandi.

„Flestir koma út af sýningunni og eru spenntir að fara út til að upplifa Ísland og sjá nýja staði. Aðrir koma hrærðir út með tárin í augunum. Enn aðrir hafa stofnað gönguhópa með það að markmiði að heimsækja þá 27 staði sem við sýnum í myndinni. Viðbrögðin eru margvísleg og það er einstakt að fá þau frá gestum okkar."

Í sumar ætlar starfsfólk FlyOver Iceland að njóta þess að taka á móti kátum og ævintýraþyrstum Íslendingum.

„Ferðagjöfin er ákaflega skemmtilegt tækifæri fyrir gesti að koma og prófa þessa sýningu sem er á heimsmælikvarða. Sjálf ætla ég að vera dugleg að ferðast um landið í gönguferðum, hjólandi og á hestum. Ísland er einstakt land og fyllir mann endalausri orku."

Hægt er að sjá allar nánari upplýsingar á tilboðum á heimasíðu FlyOver Iceland, flyovericeland.is.







Margt í boði í blómlegri sveit

Oft er sagt að Eyjafjarðarsveit sé blómlegasta sveit Íslands. Þar eru frábærar gönguleiðir og margt í boði.


Það er skemmtilegt fyrir fjölskyldur að koma á Kaffi kú í Eyjafjarðarsveit.

Finnur Yngvi Kristinsson, sveitarstjóri í Eyjafjarðarsveit, segir að mikil aðsókn sé á útivistarstíginn sem liggur á milli Hrafnagils og Akureyrar. „Þetta er mátulega löng ganga á sléttlendi, sem hentar allri fjölskyldunni. Hægt er að ganga stíginn, hjóla eða hlaupa," segir hann. „Hér er mikið framboð af alls kyns afþreyingu, sem gaman er að taka þátt í, fyrir alla fjölskylduna. Við erum með öflugt ferðamálafélag sem er duglegt að skipuleggja hina ýmsu viðburði," segir Finnur. „Útivistarstígurinn hefur opnað marga möguleika fyrir þá sem vilja hreyfa sig og upplifa sveitina um leið," bætir hann við og bendir á Hælið í Kristnesi, þar sem er gott kaffihús. „Þaðan er stutt að rölta yfir í jólagarðinn og fá sér ís áður en haldið er í laugina í Hrafnagili."

Finnur segir að einnig sé skemmtilegt að fara í bíltúr út í sveit og koma við í Holtseli, þar sem hægt sé að fá heimagerðan ís. Þar er kúabúskapur og ísgerð. „Smámunasafnið er í um 8 km fjarlægð frá Hrafnagili og þar er gaman að koma við," segir hann. „Það er mikil hjólaumferð á milli Akureyrar og Hrafnagils. Margir kjósa líka að ganga um skóglendið en hér í kring eru nokkrar merktar gönguleiðir. Síðan eru margir sem ganga frá Kaffi kú, þar sem er veitingastaður, og upp Uppsalahnjúk en útsýnið þaðan er mjög fallegt."

Handverkshátíðin í Hrafnagili er alltaf vinsæll atburður á sumrin, en að þessu sinni hefur henni verið frestað, eins og svo mörgum öðrum hátíðum. Hins vegar verður boðið upp á Matarstíg Helga magra, sem er samvinnuverkefni matvælaframleiðenda á svæðinu. „Þetta er verkefni sem hefur verið í bígerð í langan tíma. Það verða nokkrar uppákomur í Hrafnagilsskóla í sumar, þar sem bændur bjóða upp á matartengda viðburði með mat úr héraðinu. Þetta verða bændamarkaðir sem eru mjög spennandi," segir Finnur. „Stefnt er að matarhátíð, helgina sem Hrafnagilshátíð ætti að vera. Svo má benda á að hér í sveitinni er mikið úrval af góðum gisti- og veitingastöðum.

Í Hrafnagili er fjölskylduvæn sundlaug með leiktækjum auk glæsilegs tjaldsvæðis og fjölbreytts úrvals veitingastaða.

Ekki láta Hvolsvöll framhjá þér fara

Útvarpsmaðurinn Ómar Úlfur Eyþórsson er Hvolsvellingur í húð og hár. Ræturnar toga hann reglulega úr ys og þys borgarinnar að heimsækja æskuslóðirnar.

Ég er fæddur og uppalinn á Hvolsvelli og tengist því Rangarþingi eystra afar sterkum böndum. Þarna þekkir maður hvern hól og hverja þúfu. Frelsið sem maður upplifði í æsku hefur svo mikið að gera með það hvernig maður er í dag. Við smíðuðum kofa, ég gerði við skellinöðrur og var í raun með heilt þorp sem leikvöll. Það er algerlega ómetanlegt að hafa fengið að alast upp á svona stað. Minn uppáhaldsstaður á öllu svæðinu er að sjálfsögðu æskuheimilið að Litlagerði 10. Þar er alltaf heitt á könnunni þegar ég er á svæðinu, enda eru Hvolsvellingar þekktir fyrir eindæma gestrisni," segir Ómar.


Ómar Úlfur útvarpsmaður og Bára Jónsdóttir, kona hans, skelltu sér í dagsferð í Þórsmörk. Upphafsstaðurinn var að sjálfsögðu Hvolsvöllur.

Leyndarmál Ómars

Ómar lumar á nokkrum ráðum þegar kemur að því að ferðast um Suðurlandið. „Ekki keyra framhjá Hvolsvelli, því þetta heillandi þorp er ótrúlega vel staðsett fyrir þá sem ætla að ferðast á þessu svæði. Þar er æðislegur veitingastaður og rólóinn við leikskólann Örk er líka stórskemmtileg dægrastytting fyrir krakkana. Frá Hvolsvelli er hægt að skella sér í geggjaðar göngur, til dæmis upp á fjallið Þríhyrning. Einnig er steinsnar að kíkja í dagsferð í Þórsmörk, eða jafnvel til Vestmannaeyja. Þar eru líka ferðaþjónustufyrirtæki líkt og Midgard og South Coast Adventure, sem hafa margt spennandi upp á að bjóða."

Söguslóðir

Ómar segir svæðið vera gullkistu fyrir útivistarfólk. „Ég mæli með að fólk skipuleggi útivistarferðir, hvort sem eru göngur, hestaferðir eða annað. Þetta eru náttúrulega Njáluslóðir og það að upplifa svæðið á hestbaki, eins og Njáll og Gunnar forðum, er algerlega ólýsanlegt. Ég mæli líka sérstaklega með því að kíkja í Sögusetrið, ef fólk vill kynna sér Njálu betur, áður en haldið er á Njáluslóðir. Njála er spennusaga fyrir alla aldurshópa og krakkarnir hafa jafn gaman af því að læra um kappana og fullorðna fólkið."

Heillandi helgarferð

Hin fullkomna helgarferð í huga Ómars myndi byrja á því að kíkja í sund til að starta deginum. „Næst myndi ég draga fjölskylduna í góða gönguferð, til dæmis upp á einn tind Þríhyrnings. Því næst myndum við renna að Hellishólum og fá okkur snæðing, áður en við héldum á ærslabelginn á Hvolsvelli, sem er alveg æðisleg útrás fyrir yngri kynslóðina. Krakkarnir falla svo í djúpan og ótruflaðan svefn fram á næsta morgunn. Daginn eftir væri snilld að halda inn í Þórsmörk, sem er ein fallegasta náttúruperla okkar Íslendinga, skella upp tjaldi fyrir nóttina, ganga um svæðið og grilla svo eitthvað girnilegt um kvöldið."



Jólasveinarnir í Dimmuborgum taka á móti gestum. MYND/ MARCIN KOZACZEK



Að skoða Goðafoss er skemmtileg upplifun fyrir alla fjölskylduna. MYND/JÓN TÓMAS EINARSSON



Gríptu hjólið með þér norður í sumar.

Dásamlegur staður að heimsækja

Einstök veðursæld, náttúrufegurð og dásamleg gestrisni, einkenna Þingeyjarsveit og Skútustaðahrepp, ásamt útivistarmöguleikum og ýmiss konar afþreyingu. Margt verður um að vera í sumar.

Það sem helst einkennir Þingeyjarsveit og Skútustaðahrepp er gríðarleg fjölbreytni í landslagi og útivistarmöguleikum, ásamt afþreyingu sem henni tengist, segir Soffía Kristín Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Mývatnsstofu. „Á svæðinu má líka finna margt gott að borða beint frá býli og mikið úrval af gistimöguleikum. Hér eru 40 gistiheimili, stór og smá, og sjö tjaldsvæði. Hægt er að njóta svæðisins á marga mismunandi vegu eftir áhugasviði hvers og eins, hvort sem það eru fjallgöngur, hjólaferðir, hestaferðir, hálendisferðir, hellaskoðun, skoðunarferðir, flugferðir eða bara afslöppun í fallegri náttúru. Á svæðinu gætir þú dvalið í viku án þess að borða á sama veitingastað tvisvar, eða gista á sama gistiheimili eða tjaldsvæði.“

Ýmsar náttúruperlur

Aðspurð um helstu náttúruperlur og afþreyingu sem svæðið býður upp á, segir hún margt koma upp í hugann. „Það má nefna hraunið, fjöllin, fossana og háhitasvæðin, en þau standa upp úr á þessu svæði að mínu mati. Flestir þekkja Dettifoss og Goðafoss, en einnig mælum við með Selfossi og Hafragilsfossi við Dettifoss og Aldeyjarfossi og Hrafnabjargafossi í Bárðardal.“ Hún segir margar styttri og lengri gönguleiðir á svæðinu og það sé einstaklega gaman að labba um Dimmuborgir, en þar geta gestir líka rekist á jólasveina. „Öll fjölskyldan getur síðan hæglega skokkað upp á Hverfjall (Hverfell) og Vindbelgjarfjall. Allir ættu síðan að nýta tækifærið í sumar og kíkja í hálendisferð upp í Öskju og Drekagil og skoða fjalladrottningu Íslands, Herðubreið, en hægt er að fara þangað í jeppaferðir, og dagsferðir með rútu. Dalirnir í Þingeyjarsveit eru líka dásamlegir og vel þess virði að skoða, t.d. Flateyjardalur og svo má skreppa í Flatey. Mývatnssveitin stendur alltaf fyrir sínu og þar eru margar perlur sem eru mörgum kunnugar eins og Skútustaðagígar, Höfði og Grjótagjá, ásamt fjölbreyttu fuglalífi.“



Fjölskylda á ferðalagi um svæðið snemmsumars, hér í Dimmuborgum. MYND:/JÓN TÓMAS EINARSSON.

Tónlistarhátíð endurvakin

Í sumar verður tónlistarhátíðin Úlfaldi úr Mýflugu endurvakin, en hún mun fara fram dagana 3.- 4. júlí í Jarðböðunum við Mývatn og flugskýli Mýflugs. „Þar munu koma fram listamennirnir Auður, Bríet, krassasig, Dimma, Haki, Stefán Elí og Cell7. Hátíðin fór fram síðast árið 2010, svo það ríkir mikil spenna í loftinu yfir þessari endurvakningu.“

Hún minnir síðan á að það sé alltaf upplifun að heimsækja jólasveinana í Dimmuborgum. „Þeir taka á móti gestum í sögustund alla laugardaga í sumar klukkan 13, en það eru ekki margir sem hafa hitt þá svona yfir hásumarið og heyrt þá segja sögur af sér.“

Einnig má nefna að Umhverfisstofnun býður upp á daglegar gönguferðir með leiðsögn landvarðar í Dimmuborgum, við Goðafoss og víðar.

Fjölbreytt matarframboð

Að sjálfsögðu er nóg af góðum mat í Þingeyjarsveit og Skútustaðahreppi og svæðið býður upp á fjölbreytta flóru matvæla fyrir fólk á öllum aldri. „Við Mývatn er mikið af reyktum silungi og hverarúgbrauði sem allir þurfa að smakka. Margir bændur selja síðan eigin afurðir beint frá býli, eins og lambakjöt og nautakjöt, og þeir sem eru með reykhús bjóða að sjálfsögðu líka upp á hangikjöt. Síðasta sumar opnaði ísbúðin Skúta-ís á Skútustöðum, sem framleiðir ís úr mjólk frá býlinu. Mozzarella-osturinn og fetaosturinn í Vogafjósi er einnig framleiddur þar. Mikið er lagt upp úr því að bjóða upp á afurðir frá Norðurlandi, hvort sem það er kjöt eða grænmeti, mjólkurafurðir og ís.“

Ýmis afþreying í boði

Fyrir utan alla náttúruna sem fjölskyldan getur upplifað saman, geta ferðalangar farið í sundlaugina á Laugum eða í Jarðböðin við Mývatn til að baða sig, segir Soffía. „Fuglasafnið er einnig virkilega skemmtilegt og svo er hægt að heimsækja byggðasafnið á Grenjaðarstað, sem er glæsilegur torfbær. Það er virkilega gaman fyrir alla fjölskylduna að heimsækja húsdýrin í Daladýrð og heimsækja kýrnar í Vogafjósi. Síðan er hægt að nýta sér bændagistingu, þar sem börn geta nálgast dýrin á bæjunum. Laugavöllur er skemmtilegur íþróttavöllur við tjaldsvæðið og sundlaugina á Laugum, þar sem börn á öllum aldri geta leikið sér. Ekki má gleyma Vaglaskógi, en hann er kjörinn til útivistar fyrir börn og fullorðna. Það má því með sanni segja að hér ríki einstök veðursæld, náttúrufegurð og dásamleg gestrisni og ég vona svo sannarlega að sem flestir landsmenn stoppi hér í sumar.“

„Í sumar verður tónlistarhátíðin Úlfaldi úr Mýflugu endurvakin en hún mun fara fram dagana 3.- 4. júlí í Jarðböðunum við Mývatn Mývatn og flugskýli Mýflugs.

Nánari upplýsingar má finna á www.visitmyvatn.is.

Aðgengilegar náttúruperlur

Snæfellsbær er fjölskylduvænn áfangstaður, prýddur stórbrotnum náttúruperlum, í nágrenni höfuðborgarsvæðisins. Þar má finna fjölda möguleika til afþreyingar, útivistar og skemmtunar.

Það eru fáir staðir í veröldinni sem búa yfir jafn mikilli dulúð eins og Snæfellsjökull. Svæðið í kring er þó ekki síður töfrandi. „Það þekkja auðvitað allir Snæfellsjökul og fegurð hans og hafa heyrt sögu Jules Verne um ferðina að miðju jarðar, en ég held það geri sér ekki allir grein fyrir hversu aðgengilegar og fjölskylduvænar margar náttúruperlur eru hér í Snæfellsbæ“, segir Heimir Berg Vilhjálmsson, markaðs- og upplýsingafulltrúi Snæfellsbæjar.

Fullkominn áfangastaður

Snæfellsbær er ansi víðfeðmt sveitarfélag á Snæfellsnesi og liggja bæjarmörkin annars vegar í Staðarsveit, rétt vestan við Vegamót og hins vegar í Búlandshöfða að norðanverðu. Er þar að finna þéttbýliskjarnana Ólafsvík, Hellissand og Rif, smærri byggðakjarna á Arnarstapa og Hellnum, auk dreifbýlis í Staðarsveit. Þá liggur þjóðgarðurinn Snæfellsjökull að öllu leyti innan Snæfellsbæjar.

Heimir Berg segir Snæfellsbæ tilvalinn áfangastað fyrir ferðalög innanlands. „Það tekur ekki nema rétt rúma tvo tíma að keyra hingað frá höfuðborgarsvæðinu og hér er allt til alls fyrir fullkomið ferðalag innanlands. Innviðirnir eru mjög góðir eftir uppgang ferðaþjónustunnar síðustu ár og fjölbreytt verslun, þjónusta og afþreying í boði fyrir gesti og gangandi.“

> Íslendingar ferðast kannski með öðrum hætti og á öðrum forsendum og hafa ef til vill lengri tíma til að staldra við og njóta.

Svæðið hafi notið góðs af áhuga og heimsóknum ferðamanna í gegnum tíðina. „Þjóðgarðurinn hefur verið ákveðinn segull undanfarin ár og dregið til sín mörg hundruð þúsund erlendra gesta ár hvert og samhliða því hefur átt sér stað mikil uppbygging af hálfu bæði ríkisins og sveitarfélagsins á svæðinu, þar sem útsýnispallar, göngustígar, bílastæði og fleira er víða eins og best verður á kosið.“

Hann nefnir nokkra staði sem njóti alltaf vinsælda meðal ferðamanna. „Það er auðvitað hægara sagt en gert að velja það, en ætli vinsælustu staðirnir síðustu ár hafi ekki verið Arnarstapi, Búðir, Djúpalónssandur og Ingjaldshólskirkja, auk þess sem Svöðufoss hefur verið að koma sterkur inn.“

Íslendingar og erlendir ferðamenn hafi þó ólíkar ferðavenjur. „Stór hluti erlendu gestanna hefur farið tiltölulega hratt í gegnum svæðið og tikkað í ákveðin box, ef svo má segja, tekið myndir á vinsælum stöðum og þess háttar, en Íslendingar ferðast kannski með öðrum hætti og á öðrum forsendum og hafa ef til vill lengri tíma til að staldra við og njóta alls þess sem Snæfellsbær hefur upp á að bjóða.“



Það er ægifagurt á hinum tilkomumikla Djúpalónssandi.

Fjölbreytt afþreying

Fjölskyldur af öllum stærðum og gerðum geta hæglega gert sér glaðan dag í Snæfellsbæ. „Eins og ég minntist á er aðgengi að náttúruperlum hér náttúrulega einstakt. Þegar komið er á svæðið er stutt á milli staða og hægt að upplifa alveg ótrúlega fjölbreytta flóru af náttúrutengdum upplifunum í auðveldu göngufæri fyrir litla eða lúna fætur. Það er nefnilega heilmargt hægt að gera í Snæfellsbæ sem er skemmtilegt fyrir alla fjölskylduna.“

Möguleikarnir á afþreyingu séu ótæmandi. „Það er hægt að fara í sund og náttúrulaug, leika sér á einhverjum af þeim fjölmörgu ströndum sem hér er að finna og busla, eða stinga sér til sunds, í Breiðafirðinum fagra. Hér eru fjölmargir leikvellir með sparkvöllum, ærslabelgjum og svo framvegis og nokkur skógræktarsvæði sem hægt er að stoppa á, borða nesti og teygja úr sér.“

Ævintýrin eru aldrei langt undan. „Svo er auðvitað hægt að kíkja í hella, ganga upp að fjölda fossa og jafnvel ganga upp á gíga. Ég meina, hvaða krakki vill ekki hlaupa upp á eldfjall? Ég á sjálfur tvo stráka sem hafa skokkað upp á Saxhól og þeir draga ekkert undan í hetjusögunum og leggja mikla áherslu á eldfjalla-elementið,“ segir Heimir Berg og hlær.

Lifandi samfélag

Þá er alltaf nóg um að vera í bænum og er sumarið í ár engin undantekning. „Það kom mér á óvart hversu lifandi samfélagið er og hvað það er í raun og veru mikið að gera hérna. Bærinn er iðulega fullur af lífi og sem dæmi um það má nefna að núna í júlí og ágúst verður fjölskyldufjör í Frystiklefanum á Rifi, þar sem dagskráin er sniðin að fjölskyldum. Þar koma fram meðal annars Jón Jónsson, Frikki Dór, Ásgeir Trausti, Vök, Emmsjé Gauti og fleiri tónlistarmenn, í bland við töframenn og vísindasýningar,“ segir Heimir Berg.

„Sumarið er auðvitað komið hjá okkur, en við ætlum að hlaupa það formlega inn núna um helgina þegar Snæfellsjökulshlaupið, algjörlega einstakur viðburður, fer fram,“ segir Heimir Berg að lokum, í sama mund og hann býður alla hjartanlega velkomna til Snæfellsbæjar í sumar og hvetur fólk til að kynna sér sveitarfélagið á nýjum ferðavef á vefsíðunni snaefellsbaer.is.

AUSTURLAND

Á Austurlandi er fjöldi áhugaverðra staða sem gaman er að heimsækja. Smelltu kortinu á ísskápinn og hakaðu við þá staði sem þú heimsækir í sumar.

Fangaðu augnablikin í ferðalaginu og merktu myndirnar með #AUSTURLAND og #ELSKAAUSTURLAND og þú gætir unnið vegleg verðlaun!
Dregið 1. september 2020.

Á ***austurland.is*** og ***visitausturland.is*** er að finna upplýsingar um landshlutann.
Þú finnur okkur á Facebook og Instagram undir merkjum Austurlands og VisitAusturland.

Dagleiðir á Austurlandi

- **NORÐURHRINGURINN** *3 klst.*
  Vopnafjörður – Sænautasel – Möðrudalur
- **HÁLENDISMENNING** *45 mínútur*
  Sænautasel – Möðrudalur
- **HÁLENDISHRINGURINN** *3 ½ klst.*
  Egilsstaðir – Laugarfell – Kárahnjúkar – Jökuldalur
- **FLJÓTSDALSHRINGURINN** *1 ½ klst.*
  Egilsstaðir – Valþjófsstaður – Fellabær
- **STEFNUMÓT VIÐ LUNDA** *1 ½ klst.*
  Borgarfjörður eystri
- **VÍKKAÐU SJÓNDEILDARHRINGINN** *30 mínútur*
  Seyðisfjörður
- **DREIFBÝLISMENNING** *1 klst.*
  Mjóifjörður
- **FLAKKAÐ UM FIRÐI** *45 mínútur*
  Reyðarfjörður – Eskifjörður – Norðfjörður
- **AUSTURSTRÖNDIN** *3 ½ klst.*
  Egilsstaðir – Fáskrúðsfjörður – Stöðvarfjörður – Breiðdalsvík – Djúpivogur – Öxi
- **SUÐURHRINGURINN** *3 klst.*
  Egilsstaðir – Fáskrúðsfjörður – Stöðvarfjörður – Breiðdalsheiði

Aksturstími dagleiða er áætlaður út frá þægilegum og löglegum akturshraða.



Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is 550 5626

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára

job



GOTT STARF Í BOÐI FYRIR RAFVIRKJA EÐA RAFEINDAVIRKJA

Olís óskar eftir að ráða tæknimann til starfa. Starfið felur m.a. í sér þjónustu og ráðgjöf við viðskiptavini félagsins og uppsetningu búnaðar hjá þeim.

Helstu verkefni

- Uppsetning og viðhald á hreinsi- og þvottakerfum.
- Almennt viðhald á hreinsitækjum s.s. háþrýstitækjum, gólfþvottavélum og ryksugum.
- Ráðgjöf og þjónusta við viðskiptavini félagsins um land allt.

Hæfniskröfur

- Rafvirkja eða rafeindavirkjamenntun er nauðsynleg
- Góð almenn tölvuþekking
- Forritunarþekking
- Þekking á iðntölvur og iðntölvustýringar
- Sjálfstæð vinnubrögð skipulag og frumkvæði
- Gott vald á íslensku og ensku
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

Viðkomandi starf tilheyrir þjónustuverkstæði fyrirtækjasviðs Olís og er aðsetur í Vatnagörðum 10, Reykjavík

Umsóknir berist til mannauðsstjóra Olís, merktar „tæknimaður“ á rbg@olis.is fyrir 5. júlí 2020.

JAFNLAUNAVOTTUN 2019 - 2022

Hjá Olís er lögð áhersla á góðan aðbúnað starfsfólks, stuðning til náms og heilsueflingar, heiðarleika í samskiptum, snyrtimennsku og fagleg vinnubrögð.

olís

Vinur við veginn

HMS Húsnæðis- og mannvirkjastofnun

hms.is

Framkvæmdastjóri eldvarnasviðs

Vilt þú taka þátt í að byggja upp framsækinn vinnustað sem leggur áherslu á nýsköpun, aðgengi upplýsinga og stafrænar lausnir?

Við leitum að öflugum stjórnanda til að leiða nýtt svið eldvarna og taka þátt í uppbyggingu stofnunarinnar á sviði húsnæðis- og mannvirkjamála á Íslandi. Eldvarnasvið verður staðsett á starfsstöð HMS á Sauðárkróki.

Hlutverk sviðsins er að sinna lögbundnu eftirliti og samræmingarhlutverki á sviði eldvarna. Sviðið hefur eftirlit með slökkvistarfi á Íslandi, samþykkir brunavarnaáætlanir sveitarfélaga, annast rannsóknir, fræðslu og forvarnir á sviði eldvarna og sér um útgáfu leyfa. Eldvarnasvið ber jafnframt ábyrgð á starfrækslu Brunamálaskólans.

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Leiða og þróa hlutverk nýs eldvarnasviðs HMS
- Skipulagning og samræming eftirlits með öryggisþáttum bygginga á sviði eldvarna
- Þátttaka í undirbúningi reglugerða og gerð leiðbeininga á sviði eldvarna
- Yfirumsjón með úttektum á slökkviliðum og búnaði slökkviliða
- Yfirumsjón með öllu námi innan Brunamálaskólans og forvörnum um eldvarnir
- Ráðgjöf til stjórnvalda og hagsmunaaðila um eldvarnir

Hæfnikröfur

- Meistarapróf í byggingarverkfræði, sambærileg menntun sem nýtist í starfi eða umtalsverð reynsla af brunamálum
- Forystuhæfileikar og drifkraftur
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Reynsla af stefnumótun og áætlanagerð
- Hæfni til að stýra breytingum og teymisvinnu
- Frumkvæði og ríkir skipulagshæfileikar
- Sjálfstæði og framúrskarandi hæfni í samskiptum
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

Um framtíðarstarf er að ræða og fullt starf. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Starfskjör eru í samræmi við kjarasamning ríkisins og viðkomandi stéttarfélaga. Í ráðningarferlinu verður óskað eftir að umsækjendur skili sakavottorði. Hafi umsækjandi verið fundinn sekur um refsiverða háttsemi getur það orðið til þess að viðkomandi telst ekki hæfur til að gegna starfinu.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hvetur karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.

Nánari upplýsingar:
Sigrún Þorleifsdóttir, framkvæmdastjóri gæðastjórnunar og mannauðs
Netfang: sigrun.thorleifsdottir@hms.is
Sími: 440 6400

Umsóknir skulu sendar á netfangið:
starfsumsokn@hms.is

Umsóknum skal fylgja:
Starfsferilsskrá
Kynningarbréf

Umsóknarfrestur:
Til og með 30. júní

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

STAÐA SVIÐSSTJÓRA FJÖLSKYLDUSVIÐS Í BORGARBYGGÐ

Undir fjölskyldusvið heyra félagsþjónusta, málefni aldraðra, málefni fatlaðra, æskulýðsmál, forvarnarmál, leik-, grunn- og tónlistarskóli og íþrótta- og tómstundamál. Markmið sviðsins er meðal annars að stuðla að barnvænu, heilsueflandi og valdeflandi samfélagi.

Borgarbyggð auglýsir starf sviðsstjóra fjölskyldusviðs laust til umsóknar. Um er að ræða fjölbreytt og áhugavert starf í lifandi umhverfi. Viðkomandi verður einn af þremur sviðsstjórum sem heyra beint undir sveitarstjóra í skipuriti Borgarbyggðar.

Sviðsstjóri fjölskyldusviðs stýrir starfsemi sviðsins í samræmi við lög og reglugerðir, stefnumörkun og samþykktir sveitarstjórnar, fjárhagsáætlun og greiðsluáætlanir á hverjum tíma.

Starfssvið:

- Umsjón með gerð og eftirfylgni fjárhagsáætlana, starfs- og framkvæmdaáætlana sem undir sviðið heyra
- Framkvæmd verkefna í samræmi við samþykktir sveitarstjórnar hverju sinni
- Undirbúningur og framkvæmd stefnumótunar og áætlanagerðar
- Eftirlit með framkvæmd samninga, laga og reglugerða sem gilda hverju sinni og heyra undir sviðið
- Samskipti við opinberar stofnanir, íbúa sveitarfélagsins og aðra þá sem tengjast verkefnum sviðsins
- Önnur verkefni sem undir sviðið heyra hverju sinni

Menntunar og hæfniskröfur:

- Háskólapróf á meistarastigi sem nýtist í starfi er skilyrði
- Þekking á lögum og reglugerðum í þeim málaflokkum sem heyra undir sviðið er skilyrði
- Haldbær reynsla af stjórnun og opinberri stjórnsýslu í málaflokkum sviðsins
- Reynsla af stefnumótun, verkefnastjórnun og áætlanagerð
- Leiðtogahæfileikar og farsæl stjórnunarreynsla
- Góð íslenskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð samskiptahæfni

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til 14. júlí nk.
Upplýsingar veitir Katrín S. Óladóttir, **katrin@hagvangur.is**

Umsóknir óskast fylltar út á **hagvangur.is**

HAGVANGUR

Störf kennslustjóra og alþjóðafulltrúa við Háskólann á Bifröst



Auglýst eru tvö laus störf við Háskólann á Bifröst, starf kennslustjóra og starf alþjóðafulltrúa. Háskólinn á Bifröst er framsækinn háskóli sem hefur verið leiðandi í uppbyggingu hagnýts fjarnáms á háskólastigi hér á landi síðastliðin 20 ár.

Kennslustjóri

Leitað er að einstaklingi með skipulags- og stjórnunarhæfileika, reynslu á sviði skólamála og metnað og áhuga á að taka virkan þátt í frekari uppbyggingu og þróun fjarnáms Háskólans á Bifröst.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- Stjórnun kennslu- og þjónustusviðs skólans.
- Ábyrgð á kennslu- og prófakerfum og þátttaka í þróun stafrænnar þjónustu.
- Ábyrgð á skipulagi, mati á námi, innritun, prófum og brautskráningu nema.
- Ábyrgð á tölfræðilegum upplýsingum.
- Þróun á sviði kennslumála, námskrár, kennslufyrirkomulags ofl.
- Ábyrgð á birtingu námskeiðslýsinga og námskráa í samráði við deildarforseta.
- Ábyrgð á upplýsingastreymi til kennara og nema um skipulagsmál.
- Skipulagning fræðslu fyrir kennara í samvinnu við deildarforseta.
- Þátttaka í nefndarstarfi utan og innan skólans eftir atvikum.
- Samstarf og samráð við aðra stjórnendur skólans varðandi kennslumál.
- Kennslustjóri situr í framkvæmdastjórn skólans og háskólaráði.

Hæfniskröfur:

- Meistaragráða sem nýtist í starfi.
- Þekking á skólaumhverfi, kennslukerfum, uppbyggingu og þróun náms.
- Reynsla af umsjón og skipulagsmálum í skólastarfi.
- Reynsla af stjórnun, skipulagsmálum og/eða kennslu á háskólastigi er kostur.
- Færni í greiningu og túlkun tölfræðilegra gagna.
- Leiðtoga- og stjórnunarfærni.
- Skipulagshæfileikar.
- Samskipta- og samráðsfærni.
- Mjög góð færni í íslensku og ensku, í ræðu og riti.

Umsókn: Með umsókn skulu fylgja náms- og starfsferilsskrá, afrit af útskriftarskírteinum og kynningarbréf þar sem kemur fram m.a. lýsing á hugmyndum umsækjanda um hlutverk kennslustjóra á háskólastigi, hugmyndafræði í kennslumálum og stjórnun og teymisvinnu starfsfólks. Starfsstöð er á Bifröst.

Alþjóðafulltrúi

Leitað er að einstaklingi með þekkingu, metnað og reynslu á sviði alþjóðlegra samskipta og áhuga á virkri þátttöku í frekari uppbyggingu og þróun alþjóðlegra tengsla og skiptináms við Háskólann á Bifröst.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- Verkefnastjórn alþjóðlega sumarskólans og náms fyrir erlenda nema.
- Markaðssetning og kynning á námsframboði.
- Þjónusta við erlenda nema skólans.
- Umsjón með skiptinemum.
- Samskipti við erlenda samstarfsskóla.
- Móttaka erlendra skiptikennara og aðstoð við heimakennara.
- Umsóknir í evrópskar starfsáætlanir.
- Þátttaka í erlendum tengslanetum.
- Önnur þróunarverkefni og tilfallandi verkefni á alþjóðasviði.
- Virkt samráð við markaðssvið, kennslusvið og deildarforseta.

Hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Reynsla af alþjóðasamskiptum er æskileg.
- Reynsla úr skólastarfi er æskileg.
- Skipulagshæfileikar.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Þjónustulipurð og jákvæðni í samskiptum.
- Menningarlæsi.
- Mjög góð færni í íslensku og ensku í ræðu og riti.

Umsókn: Með umsókn skulu fylgja náms- og starfsferilsskrá, afrit af útskriftarskírteinum, ásamt kynningarbréfi þar sem lýst er reynslu er nýtist í starfi alþjóðafulltrúa. Starfsstöð er á Bifröst.

Nánari upplýsingar: Arney Einarsdóttir, dósent og mannauðsstjóri, mannaudsstjori@bifrost.is eða í síma 433-3004.
Umsóknir sendist á mannaudsstjori@bifrost.is.

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
-í fararbroddi í fjarnámi

Umsóknarfrestur er til og með 5. júlí 2020

MEN&MICE

Are you a Product Manager that can help us shape the future of networks?



We are looking for a Product Manager and a team player who is motivated, detail-oriented, and dedicated towards our goals!

Skills and experience

- Successful experience in product management is required
- Preferably a degree in Computer Science/Engineering
- Organized, independent and a good team member
- Leader, collaborator and a diplomat
- Fluency in English is a must
- Attitude to get the job done

We offer

- International and high-performing team environment
- Strong product with a global presence
- Developing network solutions for Fortune 100 companies
- A chance to work with experienced entrepreneurs
- Inspiring and positive work environment
- Competitive salary

The closing date for applications is July 6, 2020. Further information can be provided by Torfi Markússon (torfi@intellecta.is) and Hafdís Ósk Pétursdóttir (hafdis@intellecta.is) at Intellecta, tel + 354 511 1225.

All applications are strictly confidential and will be answered. Applications should be completed at www.intellecta.is. Please attach a CV with an introduction letter.

Men&Mice is one of the oldest tech companies in Iceland, playing with the newest technologies in the world. We're niche enough to impress your friends with tech jargon, but easy enough to understand for the Sunday lunch with your Mum.

It's a workplace that inspires employees to innovate and create an environment that helps customers to see and run their networks securely and efficiently. Bringing to the world a portfolio of products that makes networks more visible, manageable, resilient, and ultimately safer. Customers include Microsoft, Intel, Intuit, Xerox, IMF, Sprint, Unilever, T-Mobile and FedEx.



Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta



Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

hagvangur.is

HAGVANGUR

LAUS STÖRF
HJÁ HAFNARFJARÐARBÆ

Grunnskólar
- Íslensku- og stærðfræðikennari - Hvaleyrarskóli
- Myndmenntakennari - Hvaleyrarskóli
- Stuðningsfulltrúi - Hraunvallaskóli

Leikskólar
- Deildarstjóri - Hraunvallaleikskóli
- Leikskólakennari - Álfasteinn
- Leikskólakennari - Hlíðarberg
- Leikskólakennari - Hlíðarendi
- Leikskólakennari - Hörðuvellir
- Leikskólakennari - Víðivellir
- Leikskólastjóri - Hamravellir

Málefni fatlaðs fólks
- Forstöðumenn - Erluás og Smárahvammur
- Hlutastarf - Steinahlíð
- Sumarstarfsfólk - Blikás
- Vinna og virkni - úrræði fyrir fatlað fólk
- Þroskaþjálfi - Hæfingarstöðin að Bæjarhrauni
- Þroskaþjálfi - Geitungarnir
- Þroskaþjálfi - Steinahlíð

Mennta- og lýðheilsusvið
- Sérkennslufulltrúi grunnskóla

Vakin er athygli á stefnu Hafnarfjarðarbæjar að jafna hlutfall kynjanna í störfum hjá bænum og að vinnustaðir bæjarins endurspegli fjölbreytileika samfélagins.

Nánar á **hafnarfjordur.is**



HAFNARFJÖRÐUR 585 5500 **hafnarfjordur.is**



LEKTOR Í UMHVERFISFRÆÐUM

Laust er til umsóknar 100% starf lektors í umhverfisfræðum með áherslu á sjálfbæra landnýtingu við deild Náttúru og skóga hjá Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ).

HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ
- Byggja upp alþjóðlega viðurkenndar rannsóknir á sérsviði sínu, birta ritrýndar vísindagreinar, afla rannsóknarstyrkja og taka virkan þátt í alþjóðlegu og innlendu samstarfi
- Leiðbeina nemendum í rannsóknaverkefnum og kenna námskeið á grunn- og framhaldsstigi. Lektor hefur tækifæri til að þróa námskeið í grunn- og framhaldsnámi
- Taka virkan þátt í störfum deildar eftir því sem þörf krefur

HÆFNIKRÖFUR
- Doktorspróf í plöntuvistfræði, vistkerfisfræði, vistfræði landnýtingar, vistþjónustu, jarðvegsfræði eða öðrum greinum er nýtast við starfið
- Góð tölfræðikunnátta og geta til að vinna úr viðamiklum gögnum er kostur
- Þekking og reynsla af rannsóknum er tengjast sjálfbærni og landnýtingu, þ.m.t. af notkun landupplýsingakerfa, er æskileg
- Umsækjandi hafi kynnt rannsóknir sínar á viðurkenndum vettvangi og hafi skýra framtíðarsýn í þeim efnum
- Reynsla af kennslu og geta og vilji til fjölbreyttrar þekkingarmiðlunar á fræðasviðinu
- Aðild að rannsóknarverkefnum og öflun rannsóknastyrkja í samvinnu við aðra
- Samstarfshæfni og lipurð í samskiptum
- Íslenskukunnátta er æskileg

NÁNARI UPPLÝSINGAR

UMSÓKNARFRESTUR » **10.08.2020**

Nánari upplýsingar veita **Guðmunda Smáradóttir**, mannauðs- og gæðastjóri, gudmunda@lbhi.is sími 433-5000 og **Isabel C Barrio**, deildarforseti Náttúru og skóga í síma 869 3876, isabel@lbhi.is.

Upphafleg ráðning verður til fimm ára í samræmi við lög um opinbera háskóla nr. 85/2008. Að þeim tíma liðnum verður tekin ákvörðun um framhaldið. Gert er ráð fyrir að umsækjandi hefji störf sem fyrst og eigi síðar en 1. janúar, 2021.

Athygli er vakin á því að samkvæmt reglum LbhÍ er rektor heimilt að veita framgang í starf dósents eða prófessors strax við nýráðningu ef umsækjandi uppfyllir viðkomandi hæfnisviðmið.

Um meðferð umsókna, mat á hæfi umsækjenda og ráðningu í starfið er farið eftir ákvæðum laga um opinbera háskóla nr. 85/2008 og reglna um nýráðningar og framgang akademískra starfsmanna við Landbúnaðarháskóla Íslands frá 20. september 2012.

Launakjör eru skv. kjarasamningum opinberra starfsmanna. Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.



VERKEFNISSTJÓRAR Í KORNRÆKT OG FÓÐURJURTUM

LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS

Laust er til umsóknar störf tveggja verkefnisstjóra í kornrækt annarsvegar og fóðurjurtum hinsvegar við Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ). Starfsmennirnir yrðu hluti af teymi LbhÍ sem sinnir rannsóknum, nýsköpun og fræðslu á sviði jarðræktar.

STARFSKYLDUR
- Sinna rannsóknum í jarðrækt með áherslu á kornrækt / fóðurjurtir
- Sækja rannsóknarstyrki í erlenda og innlenda sjóði
- Leitast eftir samstarfi/samvinnu við annað vísindafólk
- Sækja sér faglega þekkingu á ráðstefnum, samráðsvettvangi erlendis og innanlands
- Kennsla á grunn- og framhaldsstigi og leiðbeining nemenda
- Kynna niðurstöður rannsókna á ritrýndum vettvangi og fyrir almenningi
- Vera virkur þátttakandi í faglegu þróunarstarfi og uppbyggingu innan skólans

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR
- Framhaldsnám (MSc/PhD) á háskólastigi í búvísindum, líffræði, plöntuvistfræði eða skyldum greinum
- Þekking á lífeðlis- og erfðafræði plantna
- Þekking á kynbótum og/eða ræktun nytjajurta á norðlægum slóðum æskileg
- Áhugi á kennslu og miðlun þekkingar
- Getu til að vinna sjálfstætt og sem hluti af hóp

UMSÓKNARFRESTUR
» **15.08.2020**

NÁNARI UPPLÝSINGAR

Nánari upplýsingar um starfið veita **Guðmunda Smáradóttir**, mannauðs- og gæðastjóri, gudmunda@lbhi.is sími 433-5000 og **Þóroddur Sveinsson** forseti deildar ræktunar og fæðu, thorodd@lbhi.is, sími 843-5331

Launakjör eru skv. kjarasamningum opinberra starfsmanna. Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

Starfsstöðvar skólans eru þrjár: Keldnaholt í Reykjavík, Hvanneyri í Borgarfirði og Reykir í Ölfusi

LBHI.IS/STORF

STÖRF HJÁ GARÐABÆ

Álftanesskóli
- Þroskaþjálfi

Leikskólinn Akrar
- Leikskólakennari

Leikskólinn Bæjarból
- Deildarstjóri

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar **https://starf.gardabaer.is**

GARÐABÆR
gardabaer.is

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

Menntaskólinn í Kópavogi er framhaldsskóli sem kennir samkvæmt áfangakerfi og býður upp á kennslu til stúdentsprófs á bóknámsbrautum, einnig kennslu á iðn- og verknámsbrautum á matvælasviði og kennslu í ferðagreinum einkum í kvöldnámi. Um 100 starfsmenn starfa við skólann og nemendur eru um 850.

Menntaskólinn í Kópavogi óskar eftir kennurum í eftirfarandi stöður:

Stærðfræði 100% næsta skólaár
Íslenska 100% staða næsta skólaár
Enska 100% staða á haustönn 2020
Danska 100% staða á haustönn 2020
Tölvukennsla 100% staða á haustönn 2020

Helstu verkefni og ábyrgð:
- Kennsla og námsmat
- Faglegt samstarf
- Önnur verkefni samkvæmt starfslýsingu.

Hæfnikröfur
- Umsækjendur skulu uppfylla kröfur um menntun og hæfni samkvæmt lögum nr. 95/2019
- Eiga sögu um góð og jákvæð samskipti í starfi
- Hafa reynslu af kennslu eða vinnu með ungu fólki
  Búa yfir faglegum metnaði, frumkvæði, öguðum vinnubrögðum og jákvæðu hugarfari
- Búa yfir samskiptafærni og hæfni til að starfa með öðrum sem og að vinna sjálfstætt

Í samræmi við jafnréttisáætlun skólans er fólk af öllum kynjum hvatt til að sækja um starfið

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra og Kennarasambands Íslands.

Umsóknum skal skila í gegnum starfatorg (www.starfatorg.is) og skal náms- og starfsferilsskrá fylgja með innsendri umsókn ásamt þeim gögnum í viðhengi sem umsækjandi telur skipta máli í ráðningaferlinu. Innsend gögn verða lögð til grundvallar ráðningu.

Umsóknarfrestur er til loka vinnudags 06.07.2020

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðríður Eldey Arnardóttir skólameistari gudridur.eldey@mk.is

Slippurinn AKUREYRI

FAGMENNSKA - METNAÐUR - HAGKVÆMNI

VERKEFNISSTJÓRI

Verkefnisstjóri vinnur að því markmiði að verk séu unnin í samræmi við verksamninga og áætlanir.
Verkefnisstjóri ber ábyrgð á þeim tilboðum í verk sem hann gerir og eftirliti, verkskipulagningu og uppgjörum þeirra verka sem hann hefur umsjón með, svo og samskiptum við og upplýsingum til viðskiptavina.

Helstu verkefni:
- Stýring verkefna.
- Kostnaðarútreikningar og tilboðsgerð.
- Áætlanagerð og skipulagning verkefna.
- Samskipti við birgja, undirverktaka og viðskiptavini.
- Þátttaka í innkaupum vegna verkefna.
- Fjárhagsleg eftirfylgni og uppgjör verka.
- Eftirfylgni gæða- og öryggiskrafna.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólagráða í vélaverkfræði/tæknifræði, meistaragráða er kostur.
- Reynsla af verkefnastjórnun eða sambærilegu starfi er skilyrði. Vottun í verkefnastjórnun er kostur.
- Skipulagshæfileikar og dugnaður.
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum.
- Framúrskarandi hæfni í íslensku og ensku ásamt kunnáttu í einu norðurlandamáli.

VERKUMSJÓNARMAÐUR

Verkumsjónarmaður er mikilvægur hlekkur í samskiptum fyrirtækisins við viðskiptavini sína og tryggir að þeim sé veitt sú þjónusta sem þeir vænta af félaginu. Verkumsjónarmaður vinnur að því markmiði að ætíð séu valdar hagkvæmustu leiðir við vinnslu verka, jafnframt því að gæðakröfum sé fullnægt í hvívetna.

Helstu verkefni
- Utanumhald um daglegt innra skipulag verkefnis
- Tryggja skilvirka miðlun upplýsinga innan starfsmannateymis, til umsjónarmanns verkkaupa og annara tengiliða verkefnis.
- Tryggja að verk gangi samkvæmt áætlunum.
- Sjá til þess að samskipti við viðskiptavini séu með góðum og eðlilegum hætti.
- Tryggja að gæðakröfum sé fullnægt og gæðaeftirliti sinnt.
- Skráning samskipta, fundargerða og annara verkefnatengdra skjala.

Menntunar og hæfniskröfur:
- Iðnmenntun í málmiðnaði.
- Iðn- eða tæknifræðimenntun og/eða umtalsverð reynsla af sambærilegum störfum.
- Gott vald á íslensku og ensku í tali og riti auk kunnátta í einu norðurlandamáli.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Þjónustulipurð.
- Snyrtimennska.
- Skipuleg vinnubrögð.
- Sjálfstæði í starfi.
- Fagmennska í hvívetna.

Nánari upplýsingar veitir:
Kristján Heiðar Kristjánsson
Netfang: khk@slipp.is
eða í síma: 460 2900

Sótt er um rafrænt á www.slipp.is
Umsóknarfrestur er til 25. júlí 2020



Slippurinn Akureyri er leiðandi fyrirtæki á sviði málmiðnaðar á Íslandi og býður heildarlausnir í málmiðnaði og véltækni með sérhæfingu í endurnýjun og viðhaldi á skipum, ásamt hönnun og framleiðslu á vinnslubúnaði fyrir sjávarútveg.

Slippurinn leitast við að vera eftirsóknarverður vinnustaður, þar sem fyrsta flokks fagleg þekking og þjónustuvilji fara saman.

Markmið mannauðsstefnu fyrirtækisins er að starfsmenn njóti jafnréttis og öðlist faglegan þroska í starfi þar sem styrkleikar hvers og eins fái notið sín.

Upplýsingafræðingur

ÞJÓÐKIRKJAN

Þjóðkirkjan – Biskupsstofa leitar að öflugum upplýsingafræðingi í fjölbreytt og krefjandi starf á skrifstofu sína í Reykjavík í tímabundið starf í 6 mánuði, með möguleika á fastráðningu.

Þekking og hæfni:
- Háskólamenntun á sviði upplýsingafræða (áður bókasafns- og upplýsingafræði)
- Góð almenn tölvukunnátta er skilyrði
- Þekking og reynsla af skjalastjórnarkerfum er nauðsynleg, þekking á CoreData æskileg
- Leyfi til skráningar í Gegni er kostur
- Gott vald á íslensku og ensku er skilyrði. Kunnátta í norðurlandamáli er æskileg

Helstu verkefni:
- Skráning, varðveisla og miðlun skjala
- Frágangur skjala og eftirfylgni með skráningu
- Upplýsingagjöf og notendaaðstoð
- Þátttaka í þróun verklagsreglna

Þjóðkirkjan - Biskupsstofa er skrifstofa biskups Íslands, sem annast starfsmannahald vegna presta þjóðkirkjunnar og stuðningur veittur í starfsmannamálum í sóknum, stofnunum og prófastsdæmum.

Sótt er um starfið á heimasíðu kirkjunnar, www.kirkjan.is

Umsóknarfrestur er til 10. júlí nk.

Súðavíkurskóli
Laus störf skólaárið 2020 -2021

Súðavíkurskóli er samrekinn leik- grunn-, og tónlistarskóli með u.þ.b. 30 nemendur, þar sem unnið er eftir Uppyggingarstefnunni og starfið hverfist um einkunnarorðin: **Vellíðan - Virðing – Framfarir – Heiðarleiki.**

Þá er lögð áhersla á fjölbreytta og sveigjanlega kennsluhætti, vellíðan nemenda og samvinnu starfsmanna.

Núna eru lausar stöður leikskólakennara við leikskóladeildina og kennara við grunnskóladeildina.

Helstu hæfniskröfur eru kennarmenntun, leikskólamenntun eða sambærileg menntun. Hæfni í mannlegum samskiptum. Frumkvæði og sjálfstæði í starfi.
Reynsla af sambærilegum störfum.

Umsóknarfrestur er til 17. júlí 2020.
Súðavíkurhreppur greiðir laun eftir kjarasamningi KÍ og Sambandi íslenskra sveitarfélag. Allar nánari upplýsingar veitir Anna Lind Ragnarsdóttir skólastjóri.

Umsóknir, ásamt ferilskrá, meðmælum og umsagnaraðilum sendist á annalind@sudavikurskoli.is sími. 8934985

Fjallableikja ehf. – Stöðvarstjóri

Óskar eftir að ráða stöðvarstjóra til að stjórna eldisstöð fyrirtækisins sem er staðsett á Hallgeirshólum í Grímsnesi.

Þeir sem áhuga hafa á starfinu er bent á að skila umsóknum fyrir **29. júní** inn á netfangið: **gositre@gmail.com**

Forstöðumaður óskast

Hlutfall: Fullt starf **Tegund:** Iðnfræðingur

Leitað er eftir öflugum og drífandi einstaklingi sem sýnir metnað og frumkvæði í starfi.

Umsóknarfrestur til 6. júlí

Sjá nánar á Job

job
Finnum draumastarfið saman

SÖLUMAÐUR MEÐ MATREIÐSLUMENNTUN

Stórkaup óskar eftir að ráða einstakling með menntun á sviði matreiðslu til sölustarfa.
Um er að ræða starf sem felur í sér sölu og þjónustu við stóreldhús, mötuneyti og veitingastaði.

Stórkaup þjónustar mötuneyti fyrirtækja, stofnana og útgerða og býður breitt úrval af matvörum og öðrum rekstrarvörum fyrir eldhús. Jafnframt rekur Stórkaup verslun í Faxafeni 8 sem er opin bæði fyrir almenning og fyrirtæki. Þar má finna mikið úrval af vörum í stórum pakkningum ásamt miklu úrvali af ýmiskonar vörum fyrir veislur.

Önnur helstu verkefni
- Samskipti við núverandi viðskiptavini
- Öflun nýrra viðskiptavina
- Þátttaka í uppbyggingu á framtíðarvöruvali og þjónustu
- Tilboðs- og samningagerð
- Þátttaka í áætlanagerð

Hæfniskröfur
- Matreiðslumenntun
- Sölureynsla af matvælamarkaði
- Góð almenn tölvuþekking
- Sjálfstæð vinnubrögð, skipulag og frumkvæði
- Gott vald á íslensku og ensku
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Um er að ræða sölustarf á fyrirtækjasviði Olís, Vatnagörðum 10, Reykjavík, en Stórkaup er hluti af Olís.

Umsóknir berist til mannauðsstjóra Olís, merktar „Stórkaup" á **rbg@olis.is** fyrir 5. júlí 2020.

STÓRKAUP
BIRGÐAVERSLUN

KVIKMYNDASKÓLI ÍSLANDS
LEITAR AÐ AÐSTOÐARREKTOR

Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem hefur þekkingu og reynslu af stjórnun og rekstri menntastofnunar. Aðstoðarrektor er yfirmaður stjórnsýslu skólans og mun bera ábyrgð á yfirfærslu Kvikmyndaskólans á háskólastig og uppbyggingu alþjóðlegrar deildar við skólann. Hann ber ábyrgð á gerð starfs- og rekstraráætlana skólans og er staðgengill rektors.

HELSTU VERKEFNI
- Ábyrgð á daglegum rekstri skólans
- Ábyrgð á að markmiðum kennslu og að staðlar séu uppfylltir
- Ábyrgð á mannauði skólans, nemendum og starfsfólki
- Umsjón með kynningarmálum skólans
- Umsjón með þróun skólans og uppbygging kennslu
- Þátttaka í stefnumótun og umbótastarfi

REYNSLA, HÆFNI OG ÞEKKING
- Framhaldsmenntun á háskólastigi sem að nýtist í starfi
- Doktorspróf kostur
- Kennsluréttindi skilyrði
- Reynsla og þekking á stjórnun og rekstri menntastofnunar
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla og þekking á mannauðsmálum kostur
- Reynsla og færni í kynningarmálum kostur
- Reynsla og þekking á gæðamálum kostur

Kvikmyndaskóli Íslands er einkaskóli og hefur starfað frá árinu 1992. Boðið er upp á nám á framhaldsskólastigi en nú hefur skólinn sótt um **viðurkenningu á háskólastigi á fræðasviði lista,** á tveim undirsviðum, kvikmyndagerð og leiklist.

Boðið er upp á nám í fjórum deildum: Leikstjórn og framleiðsla, Skapandi tækni, Handrit og leikstjórn og Leiklist. Einnig er boðið upp á alþjóðlegar námsleiðir fyrir enskumælandi nemendur.

Umsækjendur sendi umsókn með ferilskrá og kynningabréfi á netfangið, **katrin@projects.is**. Fyrirspurnir skal senda á sama netfang.
Umsóknarfrestur hefur verið framlengdur til og með 28. júní n.k.

ráðum ráðningarstofa

Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.
Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.



Viltu taka þátt í að breyta tryggingum?

Við erum á góðu flugi í stafrænni vegferð með skýrum markmiðum til framtíðar. Lykillinn að árangri felst í kraftmiklu starfsfólki sem getur tekist á við áskoranir framtíðarinnar. Okkur vantar því kröftuga eldhuga í teymið okkar.

Við leitum að **liðsmanni í tækniþjónustu** sem tryggir að tæknin vinni með okkur og öflugum **forriturum** til þess að hanna og þróa stafrænar lausnir.

Við erum á fullri ferð til móts við nýja tíma. Komdu með!

Umsóknarfrestur er til og með 6. júlí 2020. Þú getur sótt um á vis.is/storf. Þar má einnig finna nánari upplýsingar um störfin.

JAFNLAUNAVOTTUN

VR
FYRIRTÆKI ÁRSINS 2020



Laus er til umsóknar íþróttakennarastaða við Húnavallaskóla

Um er að ræða 100% stöðu í íþrótta- og sundkennslu bæði á leik- og grunnskólastigi ásamt kennslu í íþróttatengdum valgreinum.

Í Húnavallaskóla er samkennsla árganga og eru u.þ.b. 38 nemendur í grunnskóladeild og 18 nemendur í leikskóladeild. Í skólanum er góður skólabragur þar sem áhersla er lögð á samstöðu, vináttu og virðingu.

Hæfniskröfur:

- Kennsluréttindi sem og hæfnispróf til sundkennslu.
- Jákvæðni og sveigjanleiki í samskiptum.
- Góðir skipulagshæfileikar og góð tölvukunnátta.
- Ábyrgð og stundvísi.
- Faglegur metnaður og sjálfstæð vinnubrögð.
- Áhugi á að vinna með börnum og unglingum.
- Góð íslenskukunnátta æskileg.
- Hreint sakavottorð.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands.



Umsóknarfrestur er til 3. júlí nk.
Umsókninni skal fylgja ferilskrá og staðfesting á kennsluréttindum.
Umsóknir sendast á netfangið:
skolastjori@hunavallaskoli.is eða til skólastjóra Húnavallaskóla, Húnavöllum, 541 Blönduós.

Nánari upplýsingar:
Sigríður B. Aadnegard í síma 455 0021 og 847 2664 eða í gegnum netfangið skolastjori@hunavallaskoli.is

Húnavatnshreppur

hunavatnshreppur.is



BÍLAR & PARTAR
421-7979

Bílar og Partar Reykjanesbæ

Óskar eftir bifvélavirkja í 100% starf strax

Um er að ræða fjölbreytt og skemmtilegt starf í frábærum félagsskap við viðgerðir,bilanagreiningu og aðra þjónustu við allar gerðir bíla.
Vinnutími 8-18 mánudaga-fimmtudaga og 8-16 föstudaga

Starfslýsing:
- Viðgerðir og viðhald á bifreiðum
- Bilanagreining
- Smurþjónusta
- Ráðgjöf til viðskiptavina

Hæfniskröfur
- Bifvélavirki
- Gilt bílpróf skilyrði
- Þarf að vera vandvirkur, reglusamur og stundvís
- Geta sýnt frumkvæði í starfi og unnið sjálfstætt
- Þarf að vera góður í mannlegum samskiptum og hafa góða þjónustulund

Umsóknum ásamt ferilskrá og mynd skal skila á netfangið **bilarogpartar@simnet.is** eða til Bíla og Parta Brekkustíg 38 Reykjanesbæ.

Nánari upplýsingar veitir Rakel í síma 421-7979.

ÁS STYRKTARFÉLAG

Yfirþroskaþjálfi

Spennandi og fjölbreytt starf við Vinnu og virkni

Ás styrktarfélag óskar eftir yfirþroskaþjálfa í 100% starf í Bjarkarás, Stjörnugróf 9.

Um er að ræða vinnu- og virknitilboð fyrir fullorðið fólk með fötlun og deild fyrir börn á leikskólaaldri. Vinnutími er frá 8.00-16.00 virka daga.

Helstu verkefni og ábyrgð:
- Ber ábyrgð á og skipuleggur faglegt starf á vinnusvæðum í samvinnu við forstöðumann
- Veitir starfsmönnum faglega ráðgjöf og fræðslu
- Umsjón og eftirfylgd með dagskipulagi
- Situr í fagteymi vinnu og virkni. Teymið ber ábyrgð á faglegu starfi, sér til þess að unnið sé eftir ríkjandi hugmyndafræði og samræmir daglegt skipulag milli starfsstöðva
- Vinnur eftir gæðaviðmiðum og lýsingum úr þjónustu-samningum
- Er staðgengill forstöðumanns í fjarveru hans

Hæfniskröfur:
- B.A. próf í í þroskaþjálfafræðum og starfsréttindi til að starfa sem þroskaþjálfi eða háskólapróf sem nýtist í starfi
- Þekkingar á sviði þjónustu við fatlað fólk og ríkjandi hug-myndfræði.
- Að minnsta kosti 5 ára starfsreynsla í sambærilegu starfi
- Góð samskipta- og samstarfsfærni og sjálfstæð vinnubrögð
- Þarf að geta unnið undir álagi og eiga auðvelt með að til-einka sér nýjunar
- Tölvufærni í word, excel og power point ásamt góðrar íslensku- og enskukunnáttu

Umsækjandi þarf að taka virkan þátt í innra starfi félagsins, hafa stefnu þess og góða starfshætti að leiðarljósi.

Við hvetjum áhugasama karla jafnt sem konur að sækja um.

Nánari upplýsingar veitir Heba Bogadóttir í síma 414-0571/414-0540 á virkum dögum.
Umsókn sendist á heba@styrktarfelag.is.

Upplýsingar um félagið má finna á heimasíðu þess www.styrktarfelag.is

Staðan er laus frá 10. ágúst 2020 eða eftir nánara samkomulagi.

Umsóknarfrestur er til 9. júlí 2020

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningum Áss styrktar-félags.



Skólasamfélagið í Fellaskóla hefur nú sett sér stóra framtíðarsýn sem felur í sér breytingar á starfsháttum skólans. Yfirskriftin er ***Draumaskólinn Fellaskóli*** undir merkjum menntastefnu Reykjavíkurborgar, ***Látum draumana rætast.*** Megináhersla er á leiðsagnarnám og teymisvinnu kennara, tónlist/listsköpun og málþroska og læsi.

Draumaskólinn Fellaskóli er námssamfélag þar sem um 320 nemendur í 1. - 10. bekk sækja menntun og taka virkan þátt í að móta framtíð sína. ***Skólabragur er fjölmenningarlegur*** þar sem víðsýni, jöfnuður, metnaður, valdefling, virðing og sköpun eru leiðarljós. Fagmennska starfsfólks og ástríða fyrir öflugu og litríku skóla- og frístundastarfi skiptir sköpum. Í Draumaskólanum Fellaskóla er skóla- og frístundastarf samþætt fyrir börn í 1. og 2. bekk. Draumaskólinn Fellaskóli er spennandi vettvangur fyrir metnaðarfullt starfsfólk.

Draumaskólinn Fellaskóli auglýsir eftir aðstoðarskólastjóra.

Leitað er að áhugasömum og öflugum stjórnanda sem er tilbúinn að taka þátt í að leiða breytingar út frá nýrri sýn skólans og áhersluþáttum. Aðstoðarskólastjóri vinnur náið með skólastjóra og er staðgengill hans.

Helstu verkefni:

- Virk þátttaka í starfi fagteyma skólans og innleiðingu áhersluþátta í daglegt starf.
- Að skipuleggja samfelldan og heildstæðan skóladag nemenda í samræmi við áherslur skólans, stefnu borgarinnar og lög og reglugerðir.
- Fylgjast með innleiðingu og framkvæmd náms og kennslu og tryggja samþættingu við áætlanir, verklagsreglur og megináherslur starfsins.
- Ábyrgð á upplýsingagjöf um starfsemi skólans til nemenda, starfsmanna, foreldra, nærsamfélags og fræðsluyfirvalda.
- Umsjón með innritun og móttöku nýrra nemenda og starfsmanna í samræmi við mótttökuáætlun í samráði við rekstrarstjóra og aðra stjórnendur.
- Ábyrgð á samskiptum og samvinnu við foreldrafélag í samræmi við lög.
- Vinnur náið með öðrum stjórnendum skólans.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leyfi til að nota starfsheitið kennari.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á grunnskólastigi.
- Leiðtogahæfileikar, skapandi hugsun, frumkvæði og kraftur til að hrinda hugmyndum í framkvæmd.
- Færni til að innleiða áhersluþætti skólans í daglegt skólastarf.
- Þjónustulund og framúrskarandi hæfni í samskiptum.

Umsóknarfrestur er til 6. júlí 2020.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Helgi Gíslason, skólastjóri, í síma 6648175 eða með því að senda fyrirspurn á netfangið helgi.gislason@rvkskolar.is.

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Viltu starfa hjá einu öflugasta íþróttafélagi landsins?

Forstöðumaður í frístundaheimili Hauka

Knattspyrnufélagið Haukar óskar að ráða forstöðumann fyrir frístundaheimili Hauka að Ásvöllum, Haukasel, fyrir komandi vetur. Leitað er að barngóðum einstaklingi sem hefur yndi af börnum, er glaðvær, reglusamur, og á gott með að starfa með öðrum.

Umsækjandi um stöðuna þarf að hafa uppeldismenntun á háskólastigi.

Í frístundaheimili Hauka er sérstök áhersla lögð á hreyfifærni barna, byggða á þroskaþáttum skv. aðalnámskrá grunnskóla, þar sem hver einstaklingur fær tækifæri til að þroska líkamlega- og félagslega hæfileika sína með aðstoð fagmenntaðra einstaklinga.

Umsóknir um starfið skal senda, eigi síðar en **10. júlí** á netfangið magnus@haukar.is .

Frekari upplýsingar um starfið eru veittar í síma 665-8910.

MAINTENANCE ASSISTANT

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu Maintenance Assistant lausa til umsóknar.
Umsóknarfrestur er til og með **5. júlí 2020.**
Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins:
https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/
Umsóknir skulu sendar í gegnum Electronic Recruitment Application (ERA)

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Maintenance Assistant. The closing date for this postion is **July 5, 2020.** Application instructions and further information can be found on the Embassy's home page:https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/
Applications must be submitted through Electronic Recruitment Application (ERA)



Sviðsstjóri umhverfissviðs

Prjon ÍTBWA \ SÍA

Kópavogsbær auglýsir starf sviðsstjóra umhverfissviðs laust til umsóknar. Hlutverk umhverfissviðs er að tryggja gæði í faglegu starfi og fjárhagslega hagkvæman rekstur þeirra málaflokka og stofnana sem undir sviðið heyra. Jafnframt að annast jákvæða og skilvirka þjónustu við bæjarbúa og aðra sem til sviðsins leita. Á umhverfissviði starfa um 60 starfsmenn. Sviðið skiptist í eftirfarandi starfssvið; framkvæmdadeild, embætti skipulagsstjóra, embætti byggingarfulltrúa, eignadeild, gatnadeild og almenna skrifstofu.

Helstu verkefni sviðsstjóra

- Daglegur rekstur umhverfissviðs.
- Umsjón með afgreiðslu erinda og stjórnsýslumála er varða skipulagsráð, umhverfis- og samgöngunefnd og önnur ráð/nefndir sem vísað er til sviðsins.
- Umsjón með gerð fjárhagsáætlunar sviðsins og framkvæmd hennar.
- Umsjón með vinnslu umhverfismats áætlana og gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.
- Vinna að þróun skipulags í bæjarfélaginu í samræmi við ákvörðun bæjarstjórnar.
- Undirbúningur og framkvæmd stærri verkefna er heyra undir sviðið í samráði við hagsmunaðila hverju sinni.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólanám sem nýtist starfseminni.
- Framúrskarandi leiðtoga-, samstarfs- og samskiptahæfni.
- Umtalsverð reynsla í stjórnun og rekstri.
- Umtalsverð reynsla og þekking á opinberri stjórnsýslu.
- Reynsla og þekking í umhverfismálum.
- Góð verkkunnátta og víðtæk reynsla við stjórnun stærri verkefna.
- Sjálfstæði, frumkvæði og skipulögð vinnubrögð.
- Þekking á lögum, reglum og stöðlum sem starfinu tilheyra.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku.

Umsóknarfrestur er til og með 12. júlí 2020.

Upplýsingar um starfið gefur Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri.
Tekið er við umsóknum í gegnum **ráðningarvef Kópavogsbæjar**.
Umsóknum skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Kópavogsbær

kopavogur.is



LÆKNIR

Heilsustofnun í Hveragerði þarf að bæta við sig lækni

Heilsustofnun veitir árlega um 1350 einstaklingum endurhæfingarþjónustu skv. samningi við Sjúkratryggingar Íslands. Um er að ræða fjölbreytt og þverfaglegt starf í notalegu umhverfi. Reynsla af endurhæfingu, heimilislækningum, lyflækningum, öldrunarlækningum og geðlækningum er kostur. Almennir læknar hvattir til að sækja um.

Starfshlutfall eftir samkomulagi. Starfsmannarúta til og frá Reykjavík.

Nánari upplýsingar veitir G. Birna Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri lækninga, birna@heilsustofnun.is, sími 4830300.

Starfið veitist frá 1. september nk.

Umsóknarfrestur til 1. ágúst.
Umsóknir sendist mannauðsstjóra, aldis@heilsustofnun.is

www.heilsustofnun.is

REYKJALUNDUR endurhæfing

FYRIRMYNDAR STOFNUN 2019

Framkvæmdastjóri þjálfunar og ráðgjafar

Lögbýlið Hjallanes 2 Rangárþingi Ytra landnúmer 164978. Um er að ræða bújörð í fullum rekstri. Í dag er rekið þarna kúabú með framleiðslurétt í mjólk 209.612 lítra. Gott einbýli/tvíbýli á jörðinni + útihús. Frábær staðsetning ca 1 klst. frá Rvk, malbikað alla leið. Óvenju falleg og grasmikil jörð sem er vel í sveit sett. Heitt og kalt vatn. Áhöfn: 91 nautgripur þar af 34 mjólkandi, sauðfé 105 stk. Ath: ca 77 hektarar í sláttutúnum. Samtals stærð á landi cirka 120 hektarar, þar af cirka 70 hektarar í sláttutúnum. Tæki og tól fylgja með samkvæmt vélalista.

Lækkað verð. 140 milljónir.



Þrastarás 55, 221 Hafnarfjörður

Glæsilegt vandað raðhús með innbyggðum bílskúr samtals 188,1 fm. Frábært útsýni og staðsetning í hinu vinsæla Áslandshverfi Hfj. Hiti í gólfum. Húsið er á einni hæð að undanskildu útsýnistofu/arinstofu og góðu herbergi. Garður í suður er viðhaldsléttur (afgirtur) og að mestu hellulagður með gróðri, heitur pottur. Hiti í rúmgóðu hellulögðu bílaplani. Vönduð velbyggð eign. **Verð 81,9 milljónir.**



Gjáhella 13, 221 Hafnarfjörður

Glæsilegt bjart nýlegt (2018) atvinnuhúsnæði, endabil í nýlegu húsi, samtals 138,6 fm með stórum innk.dyrum. Húsnæðið er á tveimur hæðum og býður það upp á mikla möguleika. Frábær staðsetning á móti Héðni hf. Fullbúin eign í sérflokki. Malbikuð lóð.

Laust strax.
Verð 35,9 milljónir.



Strandgata 9, 220 Hafnarfjörður

Þar sem Súfistinn kaffihús hefur verið til húsa sl 25 ár, glæsileg húseign á þremur hæðum 235 fm og að auki er búið að heimila samkvæmt samþykktu deiluskipulagi 396 fm til viðbótar þ.e. stækkun á veitingarsal og þrjár glæsilegar íbúðir.

Einstök staðsetning í hjarta bæjarins. Verðtilboð.



Berjavellir 6, 221 Hafnarfjörður

Mjög björt og falleg 110.6 fm endaíbúð á 2 hæð í góðu fjölbýli á Völlunum Hfj. Einstök staðsetning í hverfinu,við hraunjaðarinn. Húsið er í göngufæri við verslun, þjónustu, sundlaug, skóla ofl. Fallegt útsýni frá íbúðinni. Ath: þrjú rúmgóð herbergi eru í íbúðinni.

Verð 45,9 milljónir



Spóaás 3, 221 Hafnarfjörður

Glæsilegt vandað einbýli á einni hæð með innbyggðum rúmgóðum bílskúr samtals 213 fm. Glæsilegur garður. Fullbúin vönduð eign. Frábær staðsetning í botnlanga, örstutt í göngustíga og útivistarsvæði, m.a. Ástjörnina. Arinn í stofu. Heitur pottur í garði.

Verðtilboð.



Eskivellir 11, 221 Hafnarfjörður

Nýtt fjölbýlishús við Eskivelli 11, vel staðsett í Vallarhverfnu í Hafnarfirði, húsið er á sex hæðum og eru 39 íbúðir í húsinu og eru þær allar 3ja herbergja. Íbúðirnar skilast fullbúnar með gólfefnum. Sérinngangur á svölum.

Verð frá 42 – 42,8 milljónir.



Dofrahella 9, 221 Hafnarfjörður

Nýtt geymsluhúsnæði með tólf 60,5 fm fullbúnum einingum. Ath: Húsnæðið er ekki bundið kvöð um vsk skilda starfsemi. Húsnæðið skilast fullbúið að utan sem innan með malbikaðri lóð. Áætluð afhending er á seinasta ársfjórðungi 2020. Mikil lofthæð og háar innkeyrlsudyr.

Verð 20,4 milljónir. (60,5 fm)

Nánari upplýsingar gefur Helgi Jón Harðarson sölustjóri s. 893-2233 eða helgi@hraunhamar.is og Freyja M. Sigurðard.lgf.

STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984
535-1000
BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK
FÉLAG FASTEIGNASALA
Þorlákur Ómar Einarsson
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI

KEILISBRAUT 747, 262 REYKJANESBÆR



HEIL HÚSEIGN MEÐ 67 HERBERGJUM

FULLBÚIÐ ÍBÚÐARHÓTEL - TILBÚIÐ Í REKSTUR - GÓÐAR LEIGUTEKJUR Í DAG

GÓÐ FJÁRMÖGNUN Í BOÐI

Í dag er húsið leigt út í langtímaleigu sem býr til góðar tekjur. Glæsilegt hótel á góðum stað í Ásbrú, stutt frá Keflavíkurflugvelli. Hótelinu er skipt upp í 67 fullbúin herbergi frá 14,5 - 29,0 fm. og eru þau að stórum hluta í útleigu í dag. Húsið var allt tekið í gegn á vandaðan máta á árunum 2017-2018. Öll herbergi eru nýuppgerð og vel útbúin, með nýjum rúmum, rúmfötum og handklæðum, minibar og skrifborði og með flísalögðu baðherbergi með sturtu.

Móttaka með aðstöðu fyrir starfsfólk er á jarðhæð.
Í húsinu eru tvö fullbúin eldhús með öllum búnaði, sem og fullbúið þvottahús, einnig með öllum búnaði. Línherbergi og ræstikompa eru á hverri hæð. Húsið er á þremur hæðum og er heildarstærð þess 1516,1 fm. Nýbúið er að setja fullkomið talnalásakerfi á allar hurðar í húsinu sem auðvelt er að fjarstýra og fylgjast með. Brunaútgangar eru á báðum göflum húss.











NÁNARI UPPLÝSINGAR

MATTHILDUR SUNNA ÞORLÁKSDÓTTIR
Lögfræðingur, lögg. fasteignasali
690 4966 - matthildur@stakfell.is

ÞORLÁKUR ÓMAR EINARSSON
Löggiltur fasteignasali
820 2399 - thorlakur@stakfell.is



ÚTILEGUDAGAR

20%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ÚTILEGUVÖRUM

24.–28. JÚNÍ



COLEMAN SPRUCE FALLS 4 PLUS
~~74.995 KR~~
59.996 KR



EUROM RAFMAGNSHITARI
~~8.995 KR~~
7.196 KR



BARDANI UNICORN STÓLL
~~6.995 KR~~
5.596 KR



COLEMAN KOBUK VALLEY 2
~~22.995 KR~~
18.396 KR



CAMPINGAZ POTTASETT
~~6.995 KR~~
5.596 KR



COLEMAN DECK STÓLL
~~16.995 KR~~
13.596 KR



PRIMUS LOKE TJALDHITARI
~~15.995 KR~~
12.796 KR



COLEMAN SILVERTON 250 SVEFNPOKI
~~14.995 KR~~
11.996 KR



COLEMAN FRISCO SVEFNPOKI
~~8.995 KR~~
7.196 KR



BARDANI MUSICA BORÐ
~~17.995 KR~~
14.396 KR

CAMPINGAZ XTRA SINGLE LOFTDÝNA
~~6.995 KR~~
5.596 KR





CAMPINGAZ PLUS KÆLIBOX 28L
~~28.995 KR~~
23.196 KR



CAMPINGAZ CAMP BISTRO 300
~~10.995 KR~~
8.796 KR

Ferðumst **innanlands** í sumar

ELLINGSEN

FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVABRAUT 1–3 AKUREYRI / 580 8500 / SÍÐAN 1916 / WWW.ELLINGSEN.IS

*Verð eru birt með fyrirvara um innsláttarvillur

Fjölskylduvænt sveitarfélag

Rangárþing eystra er í um klukkustundar fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu. Þar má finna margar af helstu náttúruperlum landsins, frábæra aðstöðu til hjólreiða og fjölbreytta afþreyingu.

Rangárþing eystra býður upp á margar af helstu náttúruperlum Íslands, auk þess sem jarðvangurinn Katla er hluti þess. Sveitarfélagið samanstendur af Hvolsvelli, Fljótshlíð, Landeyjum og Eyjafjöllum og er lega þess þannig að á stuttum tíma er hægt að komast yfir stórt svæði frá fjöru til fjalls, að sögn Ísólfs Gylfa Pálmasonar, fyrrverandi alþingismanns og sveitarstjóra og núverandi skógarbónda og áhugamanns um hjólreiðar. „Það er einungis um klukkustundarakstur frá Reykjavík á Hvolsvöll, sem stundum hefur verið nefndur lykillinn að Suðurlandi, þar sem þetta er í raun síðasti áfangastaðurinn áður en haldið er til fjalla, svo sem í Emstrur, Þórsmörk og fleiri staða. Þess vegna er upplagt að koma í styttri eða lengri ferðir í Rangárþing."

Einnig er hentugt fyrir þá sem vilja fara í dagsferð, jafnvel eftir vinnu, að fara í hjóla- eða gönguferð og njóta í leiðinni einhvers af þeim fjölmörgu góðu veitingastöðum sem svæðið býður upp á. „Þó er best að koma og dvelja í nokkra daga og upplifa allt það sem sveitarfélagið hefur upp á að bjóða. Hér má meðal annars finna átta tjaldsvæði, þannig að allir eiga að geta fundið sitt uppáhaldstjaldsvæði."



Hvolsvöllur er hjólabær og allt sveitarfélagið vinsælt hjá hjólreiðafólki.

Margar perlur

Í sveitarfélaginu eru vinsælir áfangastaðir sem allir þekkja, eins og Seljalandsfoss, Skógafoss, Þórsmörk og Emstrur, bætir Ísólfur við. „En hér eru líka ýmsar faldar perlur og þær má finna á nýrri heimasíðu sveitarfélagsins, visithvolsvollur.is. Til fróðleiks má nefna nokkrar, t.d. Efri-Hvolshella, sem eru friðlýstir, manngerðir hellar, rétt austan við Hvolsvöll. Tumastaðaskógur og Tunguskógur eru með helstu leyndarmálum okkar, en þar eru mjög fallegar göngu- og hjólaleiðir, auk hjólaleiða fyrir lengra komna. Ekki má svo gleyma ævintýralandi barnanna, sem er svokallaður „furðuveruskógur," en nemendur Hvolsskóla hafa tekið skóginn í fóstur."

Hvolsvöllur er fjölskylduvænn staður með íþróttamiðstöð, skemmtilegan heilsustíg, sem gaman er að ganga og ærslabelg á miðbæjartúninu. „Í miðbænum stendur yfir árleg útiljósmyndasýning sem ber heitið 860+. Afþreyingarmöguleikar eru fjölmargir, hvort heldur er úti í náttúrunni, í menningu og sögu, eða á sýningum og viðburðum. Einn merkasta og ríkasta menningararf okkar Íslendinga er að finna á Byggðasafninu á Skógum og á Hvolsvelli má finna margverðlaunaða eldfjallasýningu í Lava Center. Árleg Kjötsúpuhátíð verður haldin dagana 28.-30. ágúst en þá gleðjast íbúar og gestir saman og njóta alls þess sem sveitarfélagið hefur upp á að bjóða."



Í miðbænum á Hvolsvelli stendur yfir árleg útiljósmyndasýning sem ber heitið 860+. Afþreyingarmöguleikar eru fjölmargir í sveitafélaginu.

Hjólabærinn Hvolsvöllur

Hvolsvöllur er mikill hjólabær og í raun allt sveitarfélagið, segir Ísólfur, en árið 1993 var haldin líklega fyrsta hjólreiðahátíð landsins, undir merkinu Tour de Hvolsvöllur. „Síðan þá hefur sveitarfélagið vaxið mikið sem vinsælt hjólasvæði og hér má finna fjölmargar skemmtilegar hjólaleiðir, bæði í byggð og í óbyggðum. Sem dæmi, þá hjóla ég gjarnan í Fljótshlíðinni þar sem ég bý og í nágrenni Hvolsvallar, en svæðið hentar mjög vel til hjólreiða fyrir alla aldurshópa og ólík getustig. Ég hvet því landsmenn til að kynna sér hvað sveitarfélagið hefur upp á að bjóða inni á visithvolsvollur.is."



Ávísun á frábært sumar

Neðangreind stéttarfélög bjóða félagsmönnum sínum gistingu í sumar, á kjaraverði í krafti fjöldans, í samstarfi við íslensk hótel og gistiheimili.

Kíktu á **felag.is** eða orlofsvef þíns stéttarfélags og skoðaðu frábær tilboð á mörgum af betri hótelum og gistiheimilum landsins.

Kauptu ferðaávísun og njóttu Íslands á sérkjörum.


Keahótel


Íslandshótel


Gistiheimilið Hvoll


Hótel Ísland


Hótel Laugarbakki


Hótel Ísafjörður


Hótel Bifröst


Hótel Heydalur



Fékk hjólhýsi í útskriftargjöf

Freyja Leópoldsdóttir var farin að láta sig dreyma um hjólhýsi til að létta á umstanginu sem fylgdi ferðalagi fjölskyldunnar í fellihýsinu. Eiginmaðurinn kom henni þægilega á óvart.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Eiríkur hafði sagt hart nei en birtist svo með þetta æðislega hjólhýsi og sagði það útskriftargjöfina mína.

„Ég var auðvitað himinsæl með hjólhýsið og yfir mig spennt að fara í útilegu. Við brunuðum strax með hjólhýsið í hlaðið hjá sumarhúsi ömmu hans og afa og börnin hlökkuðu ekkert smá til að sofa í kojum," segir markaðsfræðingurinn Freyja Leópoldsdóttir, sem fékk hjólhýsi að gjöf frá sínum heittelskaða, Eiríki Lárussyni, þegar hún útskrifaðist úr MBA-námi í vor.

„Ég sjálf er ekki alin upp við útilegur en Eiríkur mjög mikið. Foreldrar hans voru duglegir að ferðast með börnin sín fjögur um landið og pabbi hans smíðaði meira að segja eigin húsbíl með kojum fyrir krakkana," upplýsir Freyja.

Þau Eiríkur hófu útilegubúskapinn í tjaldvagni, en færðu sig yfir í fellihýsi þegar fjölskyldan stækkaði.

„Mér finnst óskaplega notalegt að vera í tjaldi en þegar börnin voru orðin þrjú á aldrinum fimm ára og yngri var okkur farið að vaxa í augum allur sá tími sem tekur að pakka upp og niður. Við vorum því farin að gæla við það að fá okkur hjólhýsi, en það var samt alls ekki á dagskránni eftir dýrt nám og endurtekin fæðingarorlof," segir Freyja.

Það var svo Lárus sem lét draumana rætast, þegar frændfólk hans fékk sér nýtt hjólhýsi.

„Þá hafði hann samband við frændfólkið og keypti gamla hjólhýsið í laumi. Hann hafði sum sé sagt hart nei við hjólhýsi áður, en birtist svo með þetta æðislega hjólhýsi heima og sagði það vera útskriftargjöfina mína, sem var svo sem meira sagt í gríni en alvöru," segir Freyja sæl.

Hún segir fyrstu nóttina í hjólhýsinu hafa verið allsendis ólíka því að sofa í tjaldvagni eða fellihýsi.

„Það var skrýtið að sofna í svona miklu myrkri, því myrkvunargardínur hjólhýsisins hleypa engu ljósi inn og maður finnur heldur ekkert fyrir veðri í hjólhýsinu. Öll umhverfishljóð og partí í næstu tjöldum fara framhjá manni og maðurinn minn upplifir sig minna í útilegu en áður, en lúxusinn er æðislegur og það fer rosa vel um mann," segir Freyja.



Mæðgurnar Freyja og Ísmey, sem er sex ára og elskar nýja hjólhýsið eins og mamma hennar, enda komin með sér hillu undir dótið sitt og getur meira að segja dregið tjald fyrir kojuna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Dásamleg samvera í útilegu

Hjólhýsi Freyju er það eina sinnar tegundar á landinu, afmælisútgáfa sem var flutt inn sem stakt sýningareintak.

„Það fer ekki framhjá neinum þegar við erum á ferðinni. Hjólhýsið er fagurlega skreytt blómamunstri og það er pínulítið, en þó með svefnplássi fyrir sex fullorðna því hjónarúmið kemur niður úr loftinu," segir Freyja sem orðin er mikil útilegukona.

„Já, ég elska að fara í útilegur og ekki síst núna þegar ég get fyrirhafnarlaust sett hjólhýsið á krókinn og lagt af stað. Við höfum undanfarin ár byggt okkur hús og það er gott að komast úr því amstri og geta bara keyrt í sveitina og slappað af. Áður snerist allt um hversu mikið maður tók með í tjaldvagninn, eða komst í litla sjö manna bílinn, en nú hálfskammast maður sín fyrir hvað maður tekur mikið með. Þetta eru því breyttir tímar. Þá voru glös og diskar í einum plastkassa og maturinn í öðrum og hver með sína tösku, en nú á hver sína hillu í hjólhýsinu, sem ekki er tæmd milli ferða."

Þau Eiríkur hafa alltaf ferðast meira innanlands saman en utan.

„Uppáhaldstjaldsvæðið mitt er á Bjarteyjarsandi í Hvalfirði. Það er við sveitabæ og í námunda við húsdýrin og börnin elska það. Svo labbar maður í gegnum undirgöng og yfir í fjöruna þar sem er trilla til að leika sér í og heitur pottur," segir Freyja sem stefnir á útilegu flestar helgar í sumar.



Hjólhýsið er lítið en plássið vel nýtt og kemur hjónarúmið niður úr loftinu.

„Mér finnst nálægðin við náttúruna mest heillandi við útilegur. Okkur þykir gaman að fara í gönguferðir og skoða læki og fossa. Börnin bíða alltaf spennt eftir að komast í útilegu og þykir nú æðislegt að klifra upp í hjólhýsið og geta dregið gardínur fyrir kojurnar. Það er líka gaman að sýsla með mat í þessu fína eldhúsi, en við kaupum aldrei hefðbundinn grillmat, tilbúinn maríneraðan út úr búð, heldur útbúum okkar mat sjálf, bökum pönnupitsur og brauðstangir á grillinu sem er mjög vinsælt."

Hvert farið er, fer oftast eftir veðri og vindum.

„Með hjólhýsi þarf maður að fylgjast grannt með veður- og vindaspám. Við ferðumst mikið með fjölskyldu mannsins míns. Þar eru allir á húsbílum og hjólhýsum. Bróðir minn keypti sér reyndar fellihýsi í fyrra, en ég held að maður þurfi að vera alinn upp við útilegur til að fara mikið í þær sjálfur. Þannig láta foreldrar mínir sér nægja að koma til okkar í dagsferð og fá sér kaffisopa, ef þau eru í nágrenninu."

Freyja segir útilegur dýrmætar og uppbyggjandi fyrir fjölskyldulífið.

„Í útilegum fer maður í annan takt en þegar maður er heima í rútínunni. Krakkarnir njóta þess að vera frjálsir og eignast nýja vini og þau kynnast frændfólkinu vel. Útilegur skapa því góðar minningar og dásamlega samveru."

MÝVATN
www.visitmyvatn.is

HOTEL HOLT
Gallery Restaurant



Hótel-Veitingastaður-Listagallerý

Bergstaðastræti 37 101 Reykjavík
552-5700 E-mail: Holt@holt.is
www.holt.is

FERÐASTU UM ALLT ÍSLAND

Á ALVÖRU JEPPA MEÐ ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIFI

Jeep®

JEEP® GRAND CHEROKEE – VERÐ FRÁ: 11.690.000 KR.

- 3.0 V6 250 HÖ. DÍSEL, 8 GÍRA SJÁLFSKIPTING
- 570 NM TOG
- HÁTT OG LÁGT DRIF
- RAFDRIFIN LÆSING Í AFTURDRIFI
- LOFTPÚÐAFJÖÐRUN AÐ FRAMAN OG AFTAN
- HLÍFÐARPLÖTUR UNDIR VÉL, KÖSSUM OG SKIPTINGU
- BI-XENON LED FRAMLJÓS MEÐ ÞVOTTAKERFI
- RAFDRIFIN OPNUN Á AFTURHLERA
- ÍSLENSKT LEIÐSÖGUKERFI
- BAKKMYNDAVÉL MEÐ BÍLASTÆÐAAÐSTOÐ
- FJARLÆGÐASKYNJARAR AÐ FRAMAN OG AFTAN
- BLINDHORNSVÖRN

BÍLL Á MYND: JEEP® GRAND CHEROKEE TRAILHAWK 35” BREYTTUR

JEEP® WRANGLER RUBICON – VERÐ FRÁ: 11.990.000 KR.

- BENSÍN 273 HÖ / DÍSEL 200 HÖ
- 8 GÍRA SJÁLFSKIPTING
- ROCK-TRACK® FJÓRHJÓLADRIF
- SELECT-TRAC® MILLIKASSI
- TRU-LOCK® 100% DRIFLÆSINGAR AÐ FRAMAN OG AFTAN
- AFTENGJANLEG JAFNVÆGISSTÖNG AÐ FRAMAN
- HEAVY DUTY FRAM- OG AFTURHÁSING
- BAKKMYNDAVÉL MEÐ BÍLASTÆÐAAÐSTOÐ

BÍLL Á MYND: JEEP® WRANGLER RUBICON 35” BREYTTUR

ISBAND

UMBOÐSAÐILI JEEP® OG RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6
270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18

Nú er einfalt að skipuleggja draumafríið

Það er tilvalið að panta gistingu og afþreyingu gegnum íslensku bókunarsíðuna hey.is, sem er í eigu Ferðaþjónustu bænda hf. Innan hennar má finna ferðaþjónustubændur á um 160 stöðum víða um land. Staðirnir eru eins ólíkir og þeir eru margir, sem gerir upplifunina skemmtilega.



Gistimöguleikarnir innan Hey Ísland eru mjög fjölbreyttir.

Gistimöguleikarnir innan Hey Ísland eru mjög fjölbreyttir: sumarhús, íbúðir, gistiheimili af öllum stærðum og gerðum og hin glæsilegustu sveitahótel. Það ættu því allir að finna eitthvað við sitt hæfi," segir Berglind Viktorsdóttir, gæðastjóri hjá Ferðaþjónustu bænda.

Víða er afþreying í boði á gististaðnum, eða í nánasta umhverfi hans. „Það er hægt að kynnast dýrunum í sveitinni, kanna skemmtilegar gönguleiðir, fara í hestaferðir, kajakferðir, eða spila golf. Möguleikarnir eru endalausir á ferðalögum um landið okkar."

Einnig er hægt að leita að veitingastöðum, en margir þeirra bjóða upp á hráefni beint frá býli eða annað spennandi hráefni úr héraði. „Margir þessara veitingastaða eru mjög skemmtilegir og það er gaman að kynnast ólíku hráefni og réttum eftir landshlutum."

Gjafabréfin eru vinsæl

„Einfalt er að kaupa gjafabréf á hey.is en þau verða sífellt vinsælli gjafakostur, enda stórsniðug gjöf sem gleður," segir Berglind. Þau gilda bæði fyrir ferðalög innanlands með Hey Íslandi og Bændaferðum út í heim, sem er annað vörumerki Ferðaþjónustu bænda hf.

» Það er hægt að kynnast dýrunum í sveitinni, kanna skemmtilegar gönguleiðir, fara í hestaferðir, kajakferðir, eða spila golf.

Tilboð og séróskir

Fjölbreytt tilboð eru í gangi yfir sumarið sem gott er að kynna sér þegar sumarfríið er skipulagt. Má þar meðal annars nefna gistingu og golf um allt land, lúxusgönguferðir eða gistiupplifun, aftur til gamla tímans á Austurlandi og matarupplifun á Norðurlandi. „Svo má skoða ævintýradvöl á Vestfjörðum, sjálfbærni í sveitinni á Suðurlandi og sveitasælu á Vesturlandi, svo nokkur tilboð séu talin upp."

Þeir sem ferðast um landið á rafbílum, eða eru með gæludýr með sér á ferðalaginu, geta leitað á hey.is eftir gististöðum sem bjóða upp á sérhæfðri þjónustu, sem og gististaði með hjólastólaaðgengi.

Mögnuð, íslensk náttúra

Berglind segir magnað að vera úti í íslenskri náttúru og í sumar gefist Íslendingum einstakt tækifæri til að njóta hennar og jafnframt að upplifa alla þá grósku sem fyrirfinnst í íslenskri ferðaþjónustu í dag. „Við hjá Hey Íslandi hvetjum alla til að ferðast sem mest innanlands í sumar og njóta alls þess sem náttúran og fólkið í landinu hefur upp á að bjóða. Gleðilegt ferðasumar!"

Út með gæruna

„Út með gæruna!" er ein þekktasta setning íslenskrar kvikmyndasögu fyrr og síðar. Setningin kemur fram í kvikmyndinni Stella í orlofi sem frumsýnd var þann 18. október 1986.

Jóhanna María Einarsdóttir
johannamaria@frettabladid.is


Frú Stella Löve og Salomon skála fyrir góðum feng í Selá.

Um er að ræða eina af ástsælustu vegasögum okkar tíma. Þeim fáeinu hræðum sem hafa enn ekki kynnt sér þessa frábæru menningargersemi er bent á að hætta að lesa greinina undir eins, því hér á eftir munu fara ýmsar uppljóstranir sem ætlaðar eru aðdáendum Stellu en gætu skemmt fyrir fyrsta áhorfi ókunnugra.

Með aðalhlutverk í Stellu í orlofi fara þau Edda Björgvinsdóttir (Stella), Gestur Einar Jónasson (Georg), Þórhallur Sigurðsson (Salomon), Sólveig Arnarsdóttir (Eva), Unnur Berglind Guðmundsson (Silja), Gísli Rúnar Jónsson (Anton flugstjóri), Ása Hlín Svavarsdóttir (sænska gæran), Björgvin Franz Gíslason (sveitastrákur) og Hildur Guðmundsdóttir (sveitastelpa). Leikstjóri er Þórhildur Þorleifsdóttir og handritshöfundur er Guðný Halldórsdóttir.

Bláar sokkabuxur, lýsislykt, pappír og berjaljóð

Stella, ráðagóð og eiturhress húsmóðir í Reykjavík, tekur þá afdrifaríku ákvörðun að skella sér í veiðiferð eftir að Georg, maðurinn hennar handleggsbrotnar og þarf að hætta við téða veiðiferð, sem að sjálfsögðu er ekkert annað en framhjáhaldsferð í dulargervi með „gærunni" sem nefnd er í upphafi pistils. Upphefst stórskemmtilegt ferðalag þar sem alkóhólistinn Salomon, sem sjálfur ætlar í SÁÁ-meðferð, er sóttur á flugvöllinn í misgripum fyrir „viðskiptafélaga Georgs", sem að sjálfsögðu er engin önnur en framangreind gæra sem í kjölfarið sést reglulega skakklappast um vegakerfi landsins í leit að Georg á háum hælum og bláum sokkabuxum alla leið í veiðihúsið við Selá, þar sem megnið af kvikmyndinni á sér stað. Við sögu koma kátir meðlimir Lionsklúbbsins Kidda, ógleymanleg veiðiferð lituð dagdrykkju, fornmælt sveitasystkini, bændafólk sem selur engar landbúnaðarafurðir, horfin veska, laxahjarta sem angar af lýsi og fjölmörg önnur ógleymanleg atriði.

Egg eru uppspretta ógæfu

Egg, spæld eður ei, koma víða við sögu í kvikmyndinni, en atriðið þar sem Stella og Salomon vippa upp hurðinni að veiðihúsinu endar á því að egg brotnar á höfði Salomons og eftirfarandi setning hljómar: „Herregud, þetta er blóð". Einnig muna margir eftir gömlu konunni í hjólastólnum sem lemur göngustaf sínum ítrekað í bæjardyrnar og æpir í sífellu: „egg!". Persónur kvikmyndarinnar efast sífellt um gæfusemi og manngildi Georgs enda er hann sérlega aumkunarverð persóna. Ólán hans hefst á því þegar hann missir andlitið bókstaflega ofan í „gulu majónesuna" í afmælisboði í upphafi kvikmyndarinnar, en glöggir lesendur vita að majónes er ekkert annað en egg og olía. Einnig má nefna sveitasystkinin sem hafna peningum Georgs og systirin hefur orð á því að hann virðist eigi gæfumaður vera. Á eftir koma þessi fleygu orð frá bróður hennar: „Vel var þetta mælt Sigríður mín og segir mér hugur um að þú hafir spælt mann þennan."

Þessi stórskemmtilega ferðasaga er án efa ein tilvitnaðasta kvikmynd Íslandssögunnar og kveikir hjá flestum óslökkvandi ferðaþrá um íslenska vegi og náttúru.

Faldar perlur í Ríki Vatnajökuls

Hornafjörður geymir margar af fegurstu náttúruperlum Íslands. Mannlífið er líka blómlegt, sem og margslungin menningin, gómsætur maturinn og mögnuð sagan sem drýpur af hverju strái.



Leyndardómar í Ríki Vatnajökuls eru svo margir að það tæki ferðafólk margar vikur að skoða þá alla. MYND/ÞORVARÐUR ÁRNASON

Ég get fullyrt að Hornfirðingar eru skemmtilegir heim að sækja og góðir gestgjafar“, segir Ásta Júlía Theodórsdóttir sem býr á Hala í Suðursveit og rekur þar gistihúsið Skyrhúsið, sem er umvafið litríkum og lögulegum fjöllum.

„Perlur Hornafjarðar eru margar og náttúrufegurðin allt um kring, en ég held að Lónið sé einhver vanmetnasta sveit landsins, náttúrulega séð. Hér er einstök fjallasýn, jöklarnir, sandarnir og sjórinn, og orkan eftir því.“

Ásta Júlía segir gott fyrir munn og maga að kynnast matarmenningu Hornafjarðar.

„Það er auðvitað ómissandi að fá sér hornfirskan humar. Á Höfn er einn fegursti og besti veitingastaður landsins, OTTO Matur og drykkur, og svo stendur Hafnarbúðin alltaf fyrir sínu og ekkert að humarlokunni þar. Þá svíkur Hala-lambið og bleikjan á Þórbergssetri engan. Því er ekki annað en að drífa sig af stað, finna plötuna Algjör Sveppur með Gísla Rúnari á Spotify, hækka í botn og syngja hástöfum með; „Í sveit, í sveit, í Suðursveit ...“.“

Leyndarmálin ótal mörg

„Helstu töfrar Hornafjarðar eru stórbrotin náttúra allt í kring, sem mótast hefur í aldanna rás af eldvirkni, rofi og framburði jökla og jökulvatna. Jöklarnir og svartir sandarnir, ásamt jökulsorfnum fjöllum, setja sterkan svip á svæðið og það má með sanni segja að jöklasýnin sé engu lík í Hornafirði,“ segir Berglind Steinþórsdóttir, eigandi afþreyingarfyrirtækisins Glacier Adventure á Hala.

Hún segir Íslendinga eiga eftir að uppgötva kyrrðina í náttúru Hornafjarðar og hversu fjölbreytt hún er, bæði stórbrotið landslagið en ekki síður sé menningarsaga Vatnajökulsþjóðgarðs einstæð á heimsvísu.

„Margt er ómissandi að sjá og upplifa í Hornafirði og best geymdu leyndarmálin eru svo ótal mörg og það tæki ferðafólk margar vikur að skoða þau öll,“ upplýsir Berglind. „Á svæðinu eru fjölbreyttar gönguleiðir, sumar fjölfarnar en aðrar ekki. Ein falin perla sem má nefna er Þröng, austan við Jökulsárlón. Þar mæli ég með að ganga inn í Veðurárdal, ganga á Breiðamerkurjökul að sumri til, eða skoða íshella á veturna. Hafa ber í huga að mikilvægt er að fara ekki á jökulinn nema í fylgd reyndra jöklaleiðsögumanna, og eru þó nokkur heimafyrirtæki sem bjóða upp á jöklaferðir í Vatnajökulsþjóðgarði.“

Hlustað á nið aldanna

„Í menningu Hornfirðinga er af mörgu að taka. Á Höfn er listasafn sem er gaman að heimsækja og þar er hægt að panta gönguferðir með leiðsögn um þorpið. Fjölmargir veitingastaðir með flottum mat eru við höfnina og þar er göngustígur meðfram firðinum með einstöku útsýni og hægt að fræðast um sólkerfið í leiðinni,“ segir Þorbjörg Arnórsdóttir á Þórbergssetrinu á Hala, þar sem er sýning um Þórberg Þórðarson rithöfund og sögusvið bóka hans.

„Ég held að Íslendingar eigi eftir að uppgötva alla fallegu staðina við þjóðveginn á Hornafirði, að staldra við um stund og taka sér gönguferð út í náttúruna þar sem stutt er að fara, skynja ósnortna náttúru og vera í raun aleinn í heiminum. Sem dæmi má nefna Sandfell í Öræfum, Kvíármýrarkamb, Kvísker að austan, eyðibýli undir Fellsfjalli að vestan, þar sem Breiðamerkurjökull mætir Fellsfjalli. Austar er gaman að keyra inn að Heinabergsjöklum, þar eru kajakferðir á Heinabergslóni, aka að Fláajökli og Hoffellsjökli, svo að ég tali nú ekki um vegslóða inn að Haukafelli, reit og tjaldstæði Skógræktarfélags Austur-Skaftafellssýslu. Það er því ástæða til að dvelja í Hornafirði, kaupa sér gistingu í nokkrar nætur, njóta veitinga á heimaveitingastöðum og kanna nýja staði þar sem hægt er að lesa í landið. Einnig mæli ég með að kynna sér einstaka sögu um sambýli við jökul og jökulár, líta augum einstakt jöklalandslag, villtan gróður og „hlusta á nið aldanna,“ við horfnar húsarústir, svo vitnað sé í höfuðskáld Skaftfellinga, Þórberg Þórðarson,“ segir Þorbjörg.



Hélt það væri búið að toppa tæknina

Söngkonan ástsæla, Salka Sól, birti á dögunum mynd af sér á Instagram með sólgulum Kia XCeed bíl. Henni kom það skemmtilega á óvart hvað bíllinn var vel útbúinn nýrri og flottri tækni.

Salka segist ótrúlega sátt við nýja bílinn, en það eru um tvær vikur síðan hún fékk hann afhentan. „Ég hef verið í góðu samstarfi við Öskju síðustu þrjú ár, en áður var ég á Kia e-Soul. Ég hélt að með Kia e-Soul væri búið að toppa bílatæknina, en það er enn hægt að finna meira upp og það sést greinilega á Kia XCeed sem er enn að koma mér á óvart," segir Salka.

Það gerir ferðalagið svo miklu betra og skemmtilegra að ferðast á vel útbúnum og öruggum bíl. „Það er hátt undir lægsta punktinum sem gerir það að verkum að útsýnið er frábært. Manni líður eins og maður sé í hálfgerðum jeppa og finnur aukið öryggi á vegum úti. Topplúgan hleypir inn fallegri birtu í bílinn og það er geggjað að opna hana á fallegum sumarkvöldum. Mér líður bara eins og ég sé stjarna í Hollywood, með svört sólgleraugu og blaktandi slæðu."

Þarf ekki að muna eftir hleðslutækinu

„Leiðsögutækið er þægilegt í notkun. Svo er þráðlaus símahleðsla í bílnum á milli sætanna, sem er alger snilld fyrir konu eins og mig, sem er alltaf að gleyma hleðslutækinu. Ég þarf aldrei að taka upp billykilinn því bíllinn svarar lyklinum innan ákveðins radíuss. Svo er bara takki á hurðinni til að læsa og aflæsa. Bíllinn er búinn flottu símkerfi og svo er takki í stýrinu til að svara, svo það er enginn vandi að eiga mikilvæg símtöl alveg handfrjálst. Eftir að ég eignaðist barn þá tek ég svo vel eftir því hvað það er gott að geta stýrt hljóðinu í bílnum. Þá hlusta börnin í aftursætinu á Kardimommubæinn á meðan fullorðna fólkið spjallar saman í framsætinu, og það er engin truflun."



Salka Sól er hæstánægð með nýja bílinn og getur ekki beðið eftir því að ferðast um Ísland í sumar.



Það á ekki eftir að fara fram hjá neinum þegar Salka fer úr bænum.

Rúmgóður fjölskyldubíll

Kia XCeed er rúmgóður og skemmtilegur fjölskyldubíll. „Það er alveg nýtt fyrir okkur að ferðast sem fjölskylda og við trúðum því eiginlega ekki fyrst hversu mikill farangur fylgir svo litlu barni. En það kemst alveg ótrúlega mikið fyrir í nýja bílnum. Þegar við ferðumst þá er ekkert mál að koma öllum farangri fyrir, öllu barnadótinu og svo kemst golfsettið líka með. Og það er enn pláss. Þetta kemur sér vel í næstu sumarbústaðaferð, en það er golfvöllur í nágrenninu sem karlinn ætlar að nýta sér."

Syngur sæl í Kia XCeed

Stór hluti af vinnudegi Sölku Sólar fer fram í bílnum í akstri á milli staða. „Ég nota bílferðir mjög mikið til að hlusta, syngja og læra ný lög fyrir brúðkaup og veislur. Það er geggjað Bluetooth-kerfi í Kia XCeed og frábærar græjur.

Það bólar lítið á útihátíðunum sem er ein helsta tekjulind tónlistarmanna á sumrin. „Ég er að spila í veislum og brúðkaupum úti á landi í sumar, en ákvað líka að nýta þessa skrítnu tíma til að taka mér gott og kærkomið frí til að ferðast svolítið innanlands. Ég er virkilega spennt fyrir því að kíkja á Flúðir, í sumarbústað og á Norðurland að heimsækja tengdaforeldrana. Svo er aldrei að vita nema maður skelli sér austurleiðina til baka til borgarinnar. Það eru svo margir fallegir staðir á þeirri leið og það verður alveg ný upplifun að ferðast á þessum flotta bíl frá Öskju."

DEMANTS HRINGURINN



ÍSLAND KOMDU MEÐ

UPPLIFÐU NÝ ÆVINTÝRI Á REYKJANESI

REYKJANES · UNESCO · GLOBAL · GEOPARK ·



reykjanesgeopark.is — visitreykjanes.is

www.fi.is

Árbók FÍ 2020

Árbók Ferðafélags Íslands Rauðasandshreppur hinn forni, er nú í dreifingu til félagsmanna sem hafa greitt árgjaldið. Þegar hafa um 6500 árbækur verið bornar í hús til félagsmanna.

Margvísleg fríðindi fylgja því að vera félagi í Ferðafélagi Íslands. Árbókin, sem er ein nákvæmasta íslandslýsing sem völ er á, er innifalin í árgjaldinu, afsláttur í allar ferðir og skála félagsins og afsláttur hjá fjölmörgum útivistarverslunum og fleiri verslunum og þjónustuaðilum.



Ferðaáætlun FÍ 2020 er aðgengileg á heimasíðunni www.fi.is

Árbók Ferðafélags Íslands kemur nú út í nítugasta og þriðja sinn. Í ár er til umfjöllunar syðsti hluti Vestfjarða: Patreksfjörður – og þar með taldar Örlygshöfn og Hænuvík – ásamt Kollsvík, Breiðuvík og Látravík. Að auki er fjallað um Látrabjarg, Keflavík og Rauðasand. Inn í sérstæða náttúrufegurð svæðisins fléttast svo áhugaverð menningar- og atvinnusaga.

Aðalhöfundar þessarar árbókar eru dr. Gísli Már Gíslason vatnalíffræðingur og Ólafur B. Thoroddsen fyrrverandi skólastjóri. Báðir eru útivistarmenn af lífi og sál og þaulkunnugir svæðinu og sögu þess. Ólafur er fæddur og uppalinn á Patreksfirði og Gísli ólst upp á Hvallátrum.

Nú er rétti tíminn til að ganga í Ferðafélag Íslands

FÍ

FERÐAFÉLAG ÍSLANDS | Mörkinni 6 | 108 Reykjavík | Sími 568 2533 | www.fi.is

Scholl

Það er að ýmsu að huga þegar fjallgöngur, útihlaup og hjólreiðar eru byrjaðar af krafti.

Vörurnar frá Scholl hjálpa þér að stunda þína hreyfingu án nokkurra óþæginda.



Scholl Med innlegg fyrir verki í neðra baki

Innlegg sem eykur stuðning fyrir fótinn. Er sérstaklega hannað til þess að dreifa þunganum og þrýstingnum þegar þú gengur og koma þannig í veg fyrir verki í neðra baki.
Stærð 37-45.



Scholl Med Innlegg fyrir ilsig

Sérstaklega hannað til þess að veita stuðning við ilina með tábergspúðum. Léttir á þrýstingi á ilinni og dregur úr verkjum í fótum. Veita góða dempun og stuðning. Gott fyrir þá sem eru með flatan fót, vægar aflaganir eða tábergssig.
Stærð 37-45.



Scholl Med Innlegg fyrir verki í hælum

Sérstaklega hannað til að létta á þrýstingi á hælsvæði og draga þannig úr verkjum. Verndar hælsvæðið, gefur góða dempun og stuðning.
Stærð 37-45.



Scholl hælsærisplástur

Minnkar sársauka af slæmum núningssárum. Verndun gegn núningi og blöðrum. Ytra lagið verndar blöðrur frá núningi og mjúkt gel veitir stuðning og flýtir fyrir gróanda með því að halda sveigjanleika og vökva í blöðrunni.



Scholl Skósprey

Eyðir lykt samstundis. Þornar fljótt. Hentar fyrir allar tegundir af skóm. Skilur ekki eftir sig leifar. Ferskir lyktarlausir skór í 24 tíma. Léttur og svalur ilmur



Scholl Fótasprey

Eyðir lykt samstundis ástamt því að veita 24 tíma vörn gegn lykt. Dregur úr raka og heldur fótum þurrum. Léttur og svalur ilmur. Gott fyrir fólk með sykursýki og lélega blóðrás.



Scholl gel tá/fingrahlíf

Gel tá og fingrahlíf sem notuð er til þess að draga úr eymslum og verkjum á tám og fingrum. Nauðsynlegt að fjarlægja hlífina í 3-4 tíma á dag til að leyfa húðinni að anda. Má þvo með mildri sápu og volgu vatni.



Scholl fótakrem til daglegrar notkunar

Mikilvægt er að næra fætur þegar þú stundar t.d. langar göngur og hlaup. Fótakremið vinnur sérstaklega á þurrum fótum. Inniheldur náttúruleg rakagefandi efni. Gefur einstakan raka til lengri tíma.



Scholl Triple Oil fótamaski

Fótamaski sem hannaður er eins og sokkar. Inniheldur þrjár mismunandi olíur; Jojoba, avacado og arganolíu. Mýkir og sléttir fæturnar á aðeins 20 mínútum. Veitir góðan raka og næringu eftir langar göngur eða hlaup.

Fæst í helstu apótekum, Fjarðarkaup, heimkaup.is og stórmörkuðum.

Þykkara hár með Nanogen

Hárlos getur hent okkur öll og orsökin er ekki alltaf þekkt en algengt er að hármissi megi rekja til veikinda, mikils álags, vandamála með skjaldkirtil, lyfjameðferða og barnsburðar.

Hárumhirðan sem við temjum okkur skiptir miklu máli. Hvernig hárið er þurrkað og greitt, hvort hitamótunartæki séu notuð og hvort við litum á okkur hárið.

Nanogen hefur sérhæft sig í að þróa vörur sem örva hárvöxt og hjálpa okkur að halda hárinu heilbrigðu og fallegu. Nanogen býður einnig upp á einstaka vöru sem lætur hárið virðast þykkara samstundis og hjálpar okkur þannig að líða betur meðan hárið er að vaxa.

Þessi sérstaka vara kallast Nanogen Hair Thickening Fibres, en innihaldið er keratín trefjar sem stráð er yfir það svæði þar sem hárið er farið að þynnast. Trefjarnar bindast við hvert hár, svo það virðist þykkara en það er í raun.

Nanogen trefjarnar koma í nokkrum litum og hægt er að blanda saman tveimur litum, til þess að finna réttan tón fyrir hvern og einn.

»Nanogen hefur sérhæft sig í að þróa vörur sem örva hárvöxt og hjálpa okkur að halda hárinu heilbrigðu og fallegu.

Þegar trefjarnar eru komnar í hárið, er mælt með að úða Nanogen Fibre Locking Spray yfir hárið, til þess að festa trefjarnar betur og þú getur farið út í rigningu og rok án þess að trefjarnar skolist til. Trefjarnar fara annars úr við almennan hárþvott.

Ef þú ert að berjast við skallabletti eða mikið hárlos og langar að kynna þér Nanogen hártrefjarnar betur, getur þú fengið ráðgjöf og prófað þær í verslun Beautybox.is, Langholtsvegi 126.

Nanogen vörurnar fást einnig í apótekum.





Á þessum myndum sést hvernig hægt er að hylja mikið hárlos, en hér hefur Nanogen hártrefjunum verið stráð í hár ungrar konu sem glímir við hárlos í kollvikum eftir meðgöngu. Eftir að trefjunum hefur verið stráð í hárið virkar það strax þykkara og heilbrigðara. MYNDIR: INGUNN SIG./BEAUTYBOX.IS



Nanogen er hárvörulína sem örvar hárvöxt og hentar báðum kynjum.



Nanogen hártrefjarnar láta hárið virðast þykkara á nokkrum sekúndum.

Skorað á flakk og flandur

Sumarið í ár er útivistar – og ferðasumarið mikla. Af því tilefni setti Ungmennaráð Bandalags íslenskra skáta saman áskorun fyrir rekka- og róverskáta, en öllum er velkomið að taka þátt.

Til að taka þátt þarf að samþykkja áskorun, taka mynd og setja á samfélagsmiðla með myllumerkjunum #flakkogflandur og #skátarnir.

Áskoranirnar eru miserfiðar og miserfitt að ná fullkláruðu verkefni á mynd, en finna má eitthvað fyrir alla. Skátarnir treysta því að allir sýni heiðarleika við að klára einstakar áskoranir og senda þær inn. Allir sem klára að minnta kosti fimm áskoranir fá þátttökuverðlaun og þau sem klára þær allar fá sérstaka viðurkenningu, en munum að skátar eru heiðarlegir.

Gakktu á fimm fjöll

Á landinu eru ótal fjöll sem gaman er að klífa. Skemmtilegast er að fara á fjöll sem þú hefur ekki klifið áður, fara nýja leið upp fjall sem þú þekkir vel eða reyna að bæta tímann frá því þú gekkst á það síðast. Klifur verður sífellt vinsælla enda góð og spennandi líkamsrækt. Til að ljúka áskoruninni þarf að klifra samtals 50 metra og læra að þræða áttuhnút. Gott er að skoða klifur.is til að finna upplýsingar um klifurleiðir á víð og dreif um Ísland og hægt er að klifra inni á Klifurloftinu, Smiðjuloftinu og Klifurfelli.

Plokkaðu rusl

Fylltu heilan svartan ruslapoka af rusli úr umhverfinu, til dæmis í hverfinu þínu eða úti á landi í sumar. Til dæmis er hægt að skella í eitt Tiktok af sér að plokka rusl.



Ein af áskorunum skáta er að sofa tíu nætur í tjaldi yfir sumarið en þær þurfa ekki að vera allar í röð. MYND/GETTY

Ferðast 200 km á eigin vegum

Það má hjóla, synda, ganga, hlaupa, róa og fleira til að ná þessum kílómetrum, en ekki má nota tæki knúin annarri orku en þinni eigin.

Tíu nætur í tjaldi

Sofa þarf samtals tíu nætur í tjaldi, en þær þurfa ekki endilega að vera allar í röð.

Sofðu undir berum himni

Fátt er betra en að sofna undir stjörnunum eða miðnætursólinni og anda að sér fersku lofti alla nóttina, þegar ekki rignir.

Syntu í sjónum

Á heitum degi er fátt meira hressandi en að skella sér í kaldan sjóinn og synda smá.

Ráðleggingar fyrir byrjendur í sjósundi eru á nautholsvik.is.

Eldamennska í náttúrunni

Til að klára þessa áskorun þarf að elda minnst þriggja rétta máltíð úti í náttúrunni og þarf máltíðin að innihalda minnst tvö hráefni sem finnast þar.

Gætið fyllstu varúðar með opinn eld úti og í kringum fólk og passið að það megi örugglega borða það sem þið notið til átu úr náttúrunni.

Prófaðu nýja íþrótt

Margir æfa íþrótt en eiga eftir að prófa aðrar. Uppástungur um íþróttir eru til dæmis sjálfsvörn, CrossFit, fótbolti, handbolti, körfubolti, dans (tiktok), blak, lyftingar, kajak, ruðningur, badminton, borðtennis, spretthlaup, golf, hjólaskautar, hjólabretti og keila.

Syntu í stöðuvatni

Tilvalið er að taka sundsprett í stöðuvatni til að hressa sig við, en gætið varúðar og þess að allir séu syndir.

Sigldu bát eða fleka

Það er alltaf gaman að skella sér út á vatn og blotna smá. Hægt er að kíkja á bátaleiguna á Úlfljótsvatni eða byggja sér fleka.

Passið bara að allir séu vel syndir áður en flekanum er siglt á vatni.

Heimild: skatar.is

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

KRÓKUR

ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupi bíla 25-350þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Uppýsingar í síma 868-2055



Garðyrkja



Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

PROSTONE
» Jarðvinna
» Drenlagnir
» Hellulagnir
» Þökulagnir
Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög
519 7780
prostone@prostone.is

Hekkklipping og umsjón grasflata fyrir sumarið !!! Sími: 7600231.

Sláttur og öll almenn garðvinna. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga, klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

Málarar

MÁLNINGARVINNA.
Get bætt við verkum. 30 ára reynsla, fagmennska og sanngjörn verð. Einar málari s: 832-6017.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

k2
LOFTSTOKKAHREINSUN IN
• FYRIRTÆKI
• FJÖLBÝLISHÚS
• SKIP
• VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

PROSTONE
» Smíðavinna
» Múrvinna
» Málningarvinna
Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög
519 7780
prostone@prostone.is

Höfum í boði verkamenn og aðstoðarmenn til ýmissa starfa td. Málara, smiði og fleira. Upplýsingar í síma 7803344 eða í netfangið starfsmidlun@gmail.com



Skemmtanir

ÓSKA EFTIR SÖNGKONU OG GÍTARLEIKARA.
Söngkona og gítarleikari á góðum aldri óskast í hljómsveit, 70' músik.
Uppl. á antonben@simnet.is

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Önnur þjónusta

STARFSMENN
til fjölbreyttra starfa um lengri eða skemmri tíma
PROVENTUS
Starfsmannaþjónusta
551 5000
proventus@proventus.is
Ármúla 15, 108 Reykjavík
www.proventus.is

Keypt & Selt

Til sölu



Kassagítarar í úrvali Gítarinn ehf Kassagítarar á tilboði Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is

Til sölu

GLUGGA GERÐIN
Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það
Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.
Hafðu samband og við metum ástandið.
Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

Til sölu/leigu



Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

Ferðaþjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

AUSA
ÖLL JARÐVINNA
S:7773555

E-Forward
Sportlegt rafmagnshjól
Shimano gírar, diskabremsur, bretti, böglaberi, standari, ljós og bjalla, allt innifalið.
165.000,-
Topphjól
Bíldshöfða 16, Rvk
Sími 661-1902



Geymsluskúrar /gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

viftur.is
Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir
ÍSHÚSIÐ
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur



ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR
ÞARFT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?



HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ
FRÉTTABLAÐIÐ
Sími 550 5055 | smaar@frettabladid.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

gudruninga@frettabladid.is

HUMARSALAN

Humar, Ferskur Lax, Risarækjur og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677

myranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Skólar & Námskeið

Námskeið



ICELANDIC, ENGLISH, NORWEGIAN, DANISH & SWEDISH F. FOREIGNERS - ENSKA, NORSKA, DANSKA, SÆNSKA

Only/Aðeins 1-3 students/ nemendur/ per course !/hvert námskeið! Einnig Sérnámskeið fyrir Heibrigðisstarfsfólk / Also Special Courses for Health Staff. Enska fyrir Leiðsögumenn/English and Icelandic for Tourist Guides. Start/Byrja: 29/6, 27/7, 14/9, 12/10, 9/11, 7/12. 4 weeks/vikur x 5 days/ daga. AM & PM/fh. & eh. Price/ Verð: 49.500. Labour Unions / Office pay back 55-90 % of price/ Stéttafélög/Vinnumálastofnun endurgreiða 50-90% gjalds. www. iceschool.is - ff@icetrans. is - facebook.com/ fullordinsfraedslan - Fullorðinsfræðslan-IceSchool, Ármúli 5. 108, s. 8981175/5571155

SIGLINGANÁMSKEIÐ

Lærðu að sigla seglskútu, námskeið fyrir börn og fullorðna.

Siglingafélag Reykjavíkur - www.brokey.is - brokey.felog.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

Heimilið

Barnavörur



VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA

Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. s. 5538313 barnidokkar.is

Húsnæði

Húsnæði í boði

Herbergi til leigu með húsgögnum,afnot af interneti, sameiginlegt baðherbergi og eldhús og afnot af þvottavél. Laust nú þegar. Mánaðarlegar greiðslur. Uppl. síma 775-8897.

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Atvinna

Atvinna í boði

STARFSMAÐUR ÓSKAST.

Óskum eftir starfskrafti til að sjá um ræstingar á skrifstofum og til framreiðslu í hádegi í litlu mötuneyti á Suðurlandsbraut 30, Reykjavík.
Til greina kemur að ráða tvo samhenta einstaklinga í starfið.
Gott starfsumhverfi.

Umsóknir berist á netfang: starfsumsokn@eignaumsjon.is

Óska eftir manni í húsaviðgerðir, múr og málun. Einhver reynsla æskileg. Uppl: 618 5286 Þórður.

Tilkynningar

Tilkynningar

WWW.YAAKOVSWELL.NET

Here you will find a series of studies of the Blessed Torah. All the material is completely free. you may download it, copy it and give it away.





Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi

hagvangur.is

HAGVANGUR



Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.
Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is

ÍBÚÐIR TIL SÖLU Í SKEKTUVOGI

Byggingarnar í Skektuvogi eru í kjarna með fjórum húsum og sameiginlegum bílakjallara.
Vandaðan söluvef verkefnisins er að finna á **tgverk.is/vogabyggd/**

Hér er um að ræða skjólsæla perlu á höfuðborgarsvæðinu í nálægð við hafið og náttúruna.
Hjóla- og göngustígar liggja rétt hjá meðfram ströndinni sem og upp í Elliðaárdal.



ÍBÚÐIR TIL SÖLU Í VINASTRÆTI





VINASTRÆTI 14–16

- Vel hannaðar 2 – 4 herbergja íbúðir í lyftuhúsnæði
- 68,3 m² – 128 m²
- Einstök hönnun á byggingunni sem unnin var af arkitektastofunni Arkís
- Listaverk eftir Sigurð Árna Sigurðsson á norðurhlið byggingarinnar
- Tvö bílastæði í bílakjallara fylgir flestum íbúðum
- Innbyggður ísskápur og uppþvottavél í öllum íbúðum
- Parket á öllum íbúðum
- Aukin lofthæð í öllum íbúðum
- Tvö baðherbergi í flestum íbúðum
- Afar fullkomið loftræstikerfi sem tryggir góða innivist
- Þjónusta og verslanir á jarðhæð
- Húsið er með álklæðningu sem tryggir lágmarks viðhald

ÞG VERK

TRAUSTUR BYGGINGARAÐILI SÍÐAN 1998

ÞG verk hefur sett sér umhverfisstefnu og markmið og gerir árlegt umhverfisuppgjör

Nánari upplýsingar veita Borgir fasteignasala: aegir@borgir.is, ragnhildur@borgir.is eða í síma 588 2030
ÞG Verk: Hrefna K Þorvaldsdóttir — hrefna@tgverk.is eða í síma 824 8448

Leikkona án landamæra

Elín Petersdóttir fer með hlutverk móður aðalleikkonunnar Rachel McAdams, í Eurovision-kvikmynd Wills Ferrell, Eurovision: The Story of Fire and Saga, sem margir hafa beðið spenntir eftir að komi á Netflix.

Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is



Ferill Elínar hefur aðallega verið í Finnlandi og hefur hún leikið á sænsku, finnsku, íslensku og ensku, en sjálf segist hún líta á sig sem bæði Finna og Íslending.

„Ég flutti ásamt foreldrum mínum til Helsinki þegar ég var eins árs. Þau skildu fljótlega og við móðir mín bjuggum á ýmsum stöðum í Finnlandi. Hún kynntist svo stjúpföður mínum Peter, sænskumælandi Finna, og upp frá því var alltaf töluð sænska á heimilinu," segir Elín, sem segist líklega vígust á sænskuna, en hún talar jafnframt ensku, íslensku og finnsku og segir styrk sinn í hverri tungu vera einmitt í þessari röð.

„Ég tilheyrði sænskumælandi minnihlutahópnum í Finnlandi, þar sem ég talaði sænsku í leikskóla og skóla, en lærði auk þess finnsku. Ég dvaldi svo hjá móðurömmu minni og -afa á sumrin hér á Íslandi og þá var töluð íslenska."

ÉG ER SKRÍTNA, FINNSKA STELPAN, EÐA SKRÍTNA, ÍSLENSKA STELPAN.

Ætlaði alls ekki að verða leikari

Elín þvertekur fyrir að hafa gengið með leikaradrauminn í maganum lengi. „Ég ætlaði alls ekki að verða leikari. Faðir minn, Borgar Garðarsson, er leikari og stjúppabbi minn heitinn, Peter Snickars, var það líka. Móðir mín, Gréta Þórsdóttir, lærði svo og starfaði við búninga- og sviðsmyndahönnun. Ég er því mikið alin upp í leikhúsinu og á heimilinu var varla talað um annað. Þetta var eiginlega of mikið," segir Elín, sem viðurkennir að hafa einnig verið í ákveðinni uppreisn og þannig reynt mikið að verða eitthvað annað. „Mig dreymdi um að verða arkitekt, eða jafnvel lögfræðingur, þó ég geri mér grein fyrir því að það hefði aldrei hentað mér.

Pabbi minn, Peter, fann lýðháskóla í Danmörku sem sérhæfði sig í kvikmyndanámi. Hann var staðráðinn í að kvikmyndaleikstjórn myndi henta mér og hvatti mig til að prófa það, sem ég og gerði. Í skólanum voru svo nemendur sem vissu miklu meira um kvikmyndalist en ég, svo ég endaði oftast fyrir framan myndavélina frekar en fyrir aftan hana." Elín fann þarna að leiklistin átti við hana og fór í framhaldi í annan lýðháskóla í leiklist, og í beinu framhaldi í leiklistarnám, við Stella Adler-skólann í New York. Þar fékk hún diplóma eftir tveggja ára nám og lauk síðar mastersnámi í faginu í Finnlandi.

Ákváðu að flytja til Íslands

Í New York kynntist Elín eiginmanni sínum, Marc, stuttu eftir útskrift.

„Hann er arkitekt svo þó ég hafi ekki farið í arkitektanám þá fékk ég arkitekt inn á heimilið og nú veit ég fyrir víst að það hefði verið algjör katastrófa ef ég hefði ákveðið að leggja það fyrir mig. Ég sé það núna mjög skýrt að ég hef ekki þetta auga fyrir smáatriðum sem þarf og hann hefur," segir Elín og hlær. „Stærðfræðin er heldur ekki mín sterka hlið, svo ég væri líklega alltaf að drepa fólk með röngum útreikningum í húsbyggingum."

Elín og Marc bjuggu í New York í nokkur ár, eða þar til þau ákváðu fyrir tæpum tveimur áratugum að flytja til Íslands. „Hann rekur stofu í New York og vinnur annaðhvort héðan eða er nokkrar vikur hvers mánaðar í New York. Það var margt sem spilaði inn í þá ákvörðun.

Við sáum að með því að búa hér gæti ég auðveldlega farið í nám og unnið í Finnlandi, og héðan er ekkert svo langt til New York heldur. Við komumst að því að ef hann vinnur hér heima, þá eru þetta tíu klukkustundir samfleytt í flug einu sinni til tvisvar í mánuði, en ef við búum í New York tekur það alla vega klukkutíma daglega að komast í vinnuna."

Börn velkomin, en komu ekki

Elín segir fjarbúðina mun auðveldari í dag en á árum áður. „Við settum strax regluna að ef við erum ekki á sama stað, þá tölum við saman í síma daglega og förum yfir hversdagsleg atriði. Við segjum hvort öðru hvort við séum búin að setja í vél og svo framvegis, til að halda hversdagslegri tengingu.

Í dag er fjarbúð orðin mun auðveldari með aukinni tækni og að mörgu leyti er hún góð fyrir sambandið. Við eigum ekki börn, ef við ættum börn væri þetta allt annað og maður þyrfti að vera meira til staðar. Börnin voru alltaf velkomin ef þau myndu koma, en þau komu ekki og við gerðum ekkert í því. Það er fullt af góðum foreldrum í þessum heimi sem gera góða hluti á hverjum degi og við þurftum kannski ekki að bætast við í þann hóp. Það koma alveg dagar sem maður saknar þess að eiga ekki börn.

Við börnin hennar mömmu erum fjögur og það var bara nú í febrúar að fyrsta barnabarnið fæddist, þegar systir mín, sem er 37 ára, eignaðist frumburðinn. Þetta er kannski óvanalegt en þetta barn er klárlega snillingur í huga okkar allra," segir Elín og samsinnir því að allar líkur séu á að það verði örlítið dekrað.

Elín segir það hafa átt stóran hlut í þeirri ákvörðun að flytja hingað, að móðuramma hennar og -afi voru komin á aldur og hana langaði að vera nærri þeim. „Án þess að virka of fílósófísk, þá reyni ég að hugsa ákvarðanir mínar þannig að ég verði sátt við þær eftir tíu ár. Með því að flytja heim fékk ég mikinn tíma með þeim síðustu árin þeirra og það var rosaleg gjöf fyrir mig."



Elín var aðeins eins árs gömul þegar hún flutti til Finnlands, en fyrir tveimur áratugum ákvað hún að flytja til Íslands og hér býr hún enn. Hún vinnur mest í Finnlandi og eiginmaður hennar í New York. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Elín í hlutverki sínu sem móðir Rachel McAdams, en hún segir leikstjórann, David Dobkin, hafa haft orð á því hversu líkar þær væru. MYND/NETFLIX

Erfiðara að hugsa á íslensku

Elín hefur aðallega unnið í Finnlandi undanfarin ár, þar sem hún hefur bæði leikið á sviði, í sjónvarpsþáttum og kvikmyndum. „Ég hef leikið bæði á sænsku og finnsku, ég á svolítið erfitt með að hugsa á íslensku, og í svona leiklistarheimi eins og er hér, þá er mikilvægt að þekkja fólk. Sjálf hef ég átt erfitt með að trana mér fram," segir Elín og hlær þegar hún er spurð hvort það standi henni ekki fyrir þrifum í hennar starfi.

„Ég á svolítið erfitt með að banka upp á og segja: „Hæ, ég er komin!" Þetta fyrsta skref getur tekið á. Ég er skrítna, finnska stelpan, eða skrítna, íslenska stelpan," segir hún og brosir.

Talandi um það, hvernig ætli Elín líti á sig með tilliti til þjóðernis?

„Ég er bara bæði íslensk og finnsk, finnst mér. Sem mér finnst æðisleg gjöf og núna er það mikið eðlilegra en þegar ég var lítil og maður talinn stórfurðulegur, ef maður gat ekki skilgreint sig sem eitthvað eitt. Maður er alls staðar útlendingur, en það er ein stærsta ástæðan fyrir því að ég elska New York, það er eini staðurinn þar sem maður er alveg heima hjá sér. Þar er maður aldrei útlendingur."

Elín og Marc eiga íbúð í New York og eins og fyrr segir starfar hann mikið þar og Elín fylgir honum oft. „Planið var að vera þar í vetur, en eftir að COVID skall á breyttust öll plön. En maður getur ekki verið annað en feginn að vera hér."

Elín segist hafa haft nóg að gera undanfarin ár, þó hún segi að líklega hefði hún fengið fleiri verkefni ef hún hefði verið búsett í Finnlandi. „Það var okkar val að setjast að hér og ég vissi alveg að ég þyrfti þá að hafa meira fyrir að fá verkefni."

Hélt hún hyrfi í bunkanum

Elín fer, eins og fyrr segir, með hlutverk móður leikkonunnar Rachel McAdams – sem er líklega hvað frægust fyrir hlutverk sitt í rómantísku kvikmyndinni Notebook – í kvikmyndinni The Story of Fire and Saga, sem fór í sýningar á Netflix í gær, föstudag. Kvikmyndin er skrifuð og framleidd af grínleikaranum vinsæla Will Ferrell og fer hann jafnframt með annað aðalhlutverkanna, en Rachel hitt.

„Ég fylgist með alþjóðlegum síðum þar sem leitað er að leikurum í ákveðin verkefni. Á einni þeirra sá ég auglýst eftir íslenskri konu í þessa kvikmynd og sendi inn upplýsingar um mig, en hugsaði ekki mikið meira um það. Ég var svo beðin um að senda upptöku af mér, en mér fannst þetta svo stórt og mikið verkefni að ég hélt ég myndi hverfa í einhverjum bunka."

HVERT ER ÞITT

OMNOM?

Súkkulaðihúðaðar KARAMELLUPERLUR

VIÐ STYRKJUM Reykjavík Pride



ÍSLENSK MJÓLK

innblásið af fjölbreytileika samfélagsins

FÁANLEGT UM LAND AAAALLT

Við elskum **súkkulaði**

50% KAKÓBAUNIR

Handgert með ást á Íslandi

www.omnomchocolate.com

omnomchocolate



Rachel McAdams fer með annað aðalhlutverkanna í Eurovision: The Story of Fire and Saga og fer Elín með hlutverk móður hennar. MYND/NETFLIX



Elín ætlaði sér aldrei að verða leikkona, en bæði faðir hennar og stjúpfaðir lögðu leiklistina fyrir sig og fannst henni nóg talað um leikhúsið í sinni æsku. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Egóið varð fyrir smá hnjaski

Svo fór alls ekki og Elínu var boðið hlutverkið. „Ég fékk þá að heyra að ég ætti að leika móður Rachel og var ánægð fyrst þegar ég byrjaði að lesa lýsingu á karakternum, sem er sögð falleg svo ég var ánægð með það, en ekki eins ánægð þegar ég las að hún ætti að vera sextug," segir Elín og skellir upp úr, en sjálf er hún 48 ára.

„Egóið varð fyrir smá hnjaski, en auðvitað var ég ánægð með að fá hlutverkið. Það er búið að ala mann upp í því að það sé svo hræðilegt að eldast. Maður er kominn í einhvern hugsanaheim þar sem það er neikvætt. En það eru bara þvílík forréttindi að fá að eldast. Pabbi minn dó ungur og margir vinir mínir hafa þurft að berjast við krabbamein á unga aldri, svo ég lít á það sem forréttindi að vera hraust og fá að eldast."

Elín bendir líka á að hún sé í góðum félagsskap, því leikkonan Amy Poehler hafi áður leikið móður Rachel McAdams, í Mean Girls, en hún er aðeins hálfu ári eldri en Elín. Aðspurð um hlutverkið segist Elín hafa tekið þátt í nokkrum senum. „Þetta er svo rosalega stór kvikmynd. En ég er enn ekki búin að sjá hana í heild sinni, og ég reikna yfirleitt ekki með neinu fyrr en ég er búin að sjá myndina."

Bara venjulegt fólk

Tökur fóru fram bæði í London og á Húsavík og segir Elín þær hafa gengið vel og að vel hafi farið á með þeim „mæðgum".

„Hún er auðvitað svo sæt og fín og þau öll og þetta var allt svo almennilegt fólk. Líka íslensku leikararnir, sem ég hafði auðvitað aldrei hitt." Elín ber Will Ferrell vel söguna. „Þetta er auðvitað bara venjulegt fólk, en maður leyfir því líka að vera í friði. Ég vann á sínum tíma sem þjónn í New York og ég held að allir þeir sem hafi unnið sem þjónar þar eða í Los Angeles hafi þjónað mörgu frægu fólki. Maður lærir þá að þetta er venjulegt fólk, bara að gera sitt eins og við."

Elín segir þetta klárlega vera stærstu kvikmynd sem hún hafi tekið þátt í. „Þetta var af annarri stærðargráðu en það sem ég hef tekið þátt í. Það er skondið að hugsa til þess að þegar við vorum við tökur í London fékk ég minn eigin trailer á setti, þar sem ég var ein í friði, en tveimur vikum seinna var ég komin í verkefni í Finnlandi, þar sem ég skipti um föt á almenningsklósetti. Ég er frekar vön svona minni verkefnum, þar sem maður skiptir um baksviðs eða inni á klósetti. Það er gaman að fá að prófa allan skalann."

> ÉG VANN Á SÍNUM TÍMA SEM ÞJÓNN Í NEW YORK OG ÉG HELD AÐ ALLIR ÞEIR SEM HAFI UNNIÐ SEM ÞJÓNAR ÞAR EÐA Í LOS ANGELES HAFI ÞJÓNAÐ MÖRGU FRÆGU FÓLKI. MAÐUR LÆRIR ÞÁ AÐ ÞETTA ER VENJULEGT FÓLK, BARA AÐ GERA SITT EINS OG VIÐ.

Bjó í draumahúsinu

Eins og fyrr segir fór hluti tökunnar fram á Húsavík, en þangað hafa Elín og maðurinn hennar vanið komur sínar á sumrin. „Þarna er hús sem ég hef verið gjörsamlega ástfangin af frá því ég sá það fyrst. Ég hef alltaf hugsað að einhvern tíma muni ég kaupa þetta hús. En það er vissulega á Húsavík, sem er ekki beint praktískasti staðurinn fyrir þá sem skipta tíma sínum á milli Reykjavíkur og New York. Þegar ég svo les handritið, sé ég að þetta er húsið sem persónan mín býr í. Það fyrsta sem ég sagði við leikstjórann þegar ég mætti á settið var: Er þetta virkilega þetta gráa hús?" segir Elín og leikur geðshræringu sína með tilþrifum og við erum sammála um að nú verði hún hreinlega að kaupa þetta hús.

„Ég er auðvitað búin að segja öllum á settinu þessa sögu og ég held að þau trúi mér ekkert, enda átta þau sig varla á hversu lítið landið er."



Frumsýning!
100% rafdrifinn MG ZS EV
Verð frá 3.990.000 kr.

Hann er áreiðanlegur, það er gott að keyr'ann, hann er búinn öllum helstu nýjungum og hann er með öryggisbúnað sem fékk fimm stjörnur í EuroNCAP öryggisprófunum.

Nýr 100% rafdrifinn MG ZS er rafbíll sem allir geta notið.



Recharge yourself

Nýr MG ZS er 100% rafdrifinn 5 manna framhjóladrifinn fjölskyldubíll sem er fáanlegur í tveimur útfærslum, Comfort eða Luxury. Rafhlaðan er 44,5 kW og drægið er 263 km (WLTP-prófun). Tekur við allt að 85 kW hraðhleðslu .

Meðal staðalbúnaðar í MG ZS eru sjálfvirk há/lág aðalljós, skynvæddur hraðastillir, sjálfvirk neyðarhemlun, akreinavari og akreinastýring, E-Call neyðarhringing og leiðsögukerfi með Íslandskorti og í Luxury útgáfunni er aukalega m.a. opnanlegt glerþak, regnskynjarar og 17" álfelgur.

Verið velkomin í reynsluakstur!

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

BAUHAUS®

bauhaus.is



weber

35.695.-

Gasgrill Q1200

1 brennarar, 2,49 kW. Grillflötur: 43 x 32 cm. Grillgrind úr porselínglerungshúðuðu steypujárni. Rafrænn kveikjari. Lok og botn úr áli. Innbyggður hitamælir.

Yfirbreiðsla.....3.995.-



weber

Kjarakaup

ÞÚ SPARAR 7.000 KR!

37.995.- ~~44.995.-~~

Gasgrill Q2000

1 brennarar, 3,52 kW. Grillflötur: 54 x 39 cm. Grillgrind úr porselínglerungshúðuðu steypujárni. Rafrænn kveikjari. Lok og botn úr áli. Innbyggður hitamælir.



7.495.-

Kælibox

24 L. Stærð: L39 x B23 x H38 cm.



3.595.-

Kælibox

24 L. Stærð: L36 x B26 x H39 cm.

ALLT FYRIR FERÐALAGIÐ!



1.995.- sunfun

Útilegustóll

Með álstelli og svörtu textilene efni. Með glasavösum. Stærð: 50 x 50 cm



Kjarakaup

9.995.- ~~14.995.-~~

sunfun

Vilja útilegusett

Úr grálökkuðu stáli með gerviefni. Samfellanlegt borð 70 x 70 cm, og tveir stólar 70 x 67 cm.



16.995.-

Rennes ferðaborð

Svartllökkuð borðplata og stillanlegir borðfætur úr áli. Auðvelt að pakka saman og geyma. Stærð: 110x70x70 cm.





2 STK.

5.495.- ~~6.990.-~~

Leikföng

Leikföng í garðinn. Pr. pce 3.495.-



OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18

BAUHAUS REYKJAVÍK – Lambhagavegur 2-4 – 113 Reykjavík – 515-0800 – upplysingar@bauhaus.is – www.bauhaus.is

Verð gildir til og með mánudeginum 6. júlí



76.695.-

Gasgrill Q3200

2 brennarar, 6,36 kW. Grillflötur 63 x 46 cm. Grillgrind úr porselínglerungs-húðuðu steypujárni. Rafrænn kveikjari. Innbyggður hitamælir. Lok og botn úr áli. Opinn vagn.



Yfirbreiðsla fylgir!

109.995.-

WEBER Spirit S320 GBS

Grillflötur: 60cm x 44,5cm. 3 ryðfríir brennarar, 8,79 kW. Innfelld gas hliðarhella, 3,52 kW. Rafstýrður kveikjari.Pottjárnsgrillgrindur – „BBQ system“. Postulín-glerungshúðaðar bragðburstir (Flavorizer® bars). Ryðfrítt stállok. Innfeldur hitamælir í loki. H:113cm (145cm) B:132cm D:66cm (69cm). Fitusafnari og álbakki fyrir fitu. Gaskútahaldari.



5.995.-

PIZZA- OG BÖKUNARSTEINN 36CM

Weber pizzasteinn. Hringlaga, þv.36 cm. Úr cordierit steini og áli. Frábær til að grilla pizzur eða baka brauð. Með fylgir álplata sem auðveldar tilfærslur af og á grillið.



Gas 10 kg

Áfylling:

5.495.-

Gas 5 kg Áfylling:.....2.795.-

ALLT FYRIR SUMARVERKEFNIN!



169.995.-

JAMES sófasett

Huggulegt 6 manna sófasett. Settið samanstendur af ljósum hornsófa úr rattan og háu sófaborði úr rattan og nonwood. Stærð: (sófi) 195 x 254 x 75 cm. Stærð (borð) 146 x 86 x 66 cm. Litur á setti og púðum: ljós/viðarlitur.



Kjarakaup

79.995.- ~~87.995.-~~

Háþrýstidæla

K7 Premium Full Control Plus Black edt. 3000 W. Dæluþrýstingur 20-180 bör. Vatnsflæði 600 l/t. Hámarkshiti 60°C.



69.995.-

Háþrýstidæla

K5 Premium Full Control Plus Black Edt. Þrýstingur: 20 - 145 bar / 2 - 14,5 MPa.



17.995.-

Sláttuorf

Ryobi RLT6130. 600 w. Sláttubreidd 30 cm. Þyngd: 2,9 kg.Verð: 17.995 kr

MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ, ALLTAF!

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

27. JÚNÍ 2020 LAUGARDAGUR

Merkisatburðir

1835 Vísur Íslendinga – Hvað er svo glatt sem góðra vina fundur – eftir Jónas Hallgrímsson eru fyrst sungnar opinberlega. Það gerist í Hjartakershúsum í Danmörku.

1855 Danska gufuskipið Thor kemur til Reykjavíkur, það er fyrsta gufuskipið sem kemur til Íslands.

1903 Fyrsta kvikmyndasýning á Íslandi fer fram í Góðtemplarahúsinu á Akureyri.

1921 Rafstöðin við Elliðaár er gangsett.

1930 Skógræktarfélag Íslands er stofnað á Þingvöllum.



†

Elsku mamma okkar, tengdamamma, amma og langamma,

Solveig Thorarensen

lést í faðmi fjölskyldunnar á Jónsmessu, 24. júní.
Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík, fimmtudaginn 2. júlí kl. 15.00
Sérstakar þakkir eru færðar starfsfólki líknardeildar Landspítalans í Kópavogi fyrir yndislega umönnun og hlýju. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á ABC barnahjálp.

Ingunn Ósk Sturludóttir
S. Rósa Sturludóttir **Sigþór Sigurðsson**
Óskar Sturluson **Þorgerður Jörundsdóttir**
ömmubörn og langömmubörn.

HjartaHeill
Minningarkort á **hjartaheill.is**
eða í síma 552 5744

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA


Kristín Ingólfsdóttir


Sverrir Einarsson


Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Útfararþjónusta
& lögfræðiþjónusta

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

Með kærleik og virðingu

Útfararstofa Kirkjugarðanna
Vesturhlíð 2, Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**



Brynjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands, segir að starf félagsins sjáist víða. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Árangur skógræktarfélaga sýnilegur um allt Ísland

Skógræktarfélag Íslands fagnar 90 ára afmæli sínu í dag, en það var stofnað 27. júní árið 1930 á Alþingishátíðinni á Þingvöllum. Farið verður með félagsmenn í Vinaskóg þar sem táknræn athöfn fer fram en alls verða 90 trjáplöntur gróðursettar.

Við ætlum að stefna nokkrum félagsmönnum, heiðursfélögum og fyrirtækjum sem hafa stutt fyrirtækið í gegnum tíðina í Vinaskóg og gróðursetja 90 trjáplöntur til að fagna deginum," segir Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands.

Þar verða settar niður birki- og reyniviðarplöntur ásamt nokkrum blæöspum, ein planta fyrir hvert ár. „Þetta verður með allt með frekar látlausum en táknrænum hætti, en við ákváðum að nálgast daginn þannig þegar COVID stóð yfir," segir Brynjólfur

Aðspurður um helstu afrek félagsins í sögu þess segir hann að listinn sé of langur til að hægt sé að tína einhvern sérstakan viðburð til. „Við getum þó kannski verið nokkuð stolt af því hve vel hreyfingin ásamt aðildarfélögum hefur unnið að útivistarskógrækt um land allt. Þegar maður horfir til baka þá sáust varla nein tré í bæjum hér fyrir fimmtíu árum. Mannlífið í þéttbýlinu hefur verið bætt til muna og það hefur tekist vel um allt land," segir hann og nefnir sem dæmi Heiðmörk og Kjarnaskóg. „Þetta er í rauninni verk skógræktarfélaganna, það er þessi árangur skógræktarfélaganna sem er sýnilegur um land allt."

Stórafmælinu verður svo sinnt betur á aðalfundi félagsins sem fram fer í september.

arnartomas@frettabladid.is

> **Þegar maður horfir til baka þá sáust varla nein tré í bæjum hér fyrir fimmtíu árum.**

ÞETTA GERÐIST 27. JÚNÍ ÁRIÐ 1880

Helen Keller fæðist

Rithöfundurinn Helen Keller fæddist árið 1880 í Alabama-ríki í Bandaríkjunum. Aðeins 19 mánaða gömul veiktist hún af óþekktri veiki sem sem olli því að hún missti bæði heyrn og sjón. Keller gat með einhverju móti gert sig skiljanlega við tveggja ára dóttur fjölskyldukokksins með einföldum táknum. Þegar hún var sjö ára gömul kunni hún 60 tákn til að tjá sig við fjölskyldu sína og gat aðgreint fólk út frá skrefum þeirra.

Keller var óstýrilátt barn og foreldrar hennar leituðu til margra sérfræðinga áður en þau réðu til sín kennarann Anne Sullivan sem sjálf var sjónskert. Sullivan hóf strax að kenna Keller tjáskipti með snertingu og notkun stafrófsins. Þrátt fyrir erfiðleika í upphafi liðu ekki nema nokkrir dagar þar til hún lærði sín fyrstu orð.


Helen Keller ásamt kennara sínum, Anne Sullivan, í þá gömlu góðu daga.

Keller lýsti síðar deginum sem Sullivan kom í líf sitt sem „afmæli sálar sinnar".

Þótt margir héldu að Keller væri einangruð frá umheiminum var hún í miklum tengslum við hann. Hún hóf nám við Cambridge-skóla ungra kvenna árið 1900, en rithöfundurinn Mark Twain var mikill aðdáandi Keller og borgaði fyrir nám hennar. Keller varð fyrsta blinda og heyrnarskerta manneskjan til að útskrifast með bachelor-próf.

Keller gaf út ótal bækur og hélt fyrirlestraröð um Bandaríkin með hjálp túlks. Fyrir starf sitt í þágu blindra og heyrnarlausra var henni veitt frelsisorða árið 1968 af Lyndon B. Johnson Bandaríkjaforseta. Alþjóðlegi Helen Kellen dagurinn var fyrst haldinn hátíðlegur á fæðingardegi hennar árið 1960.



Halla Sigrún Mathiesen var kjörin formaður SUS á 45. sambandsþingi ungra Sjálfstæðismanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ungir sjálfstæðismenn fagna stórafmæli í dag

Samband ungra sjálfstæðismanna er 90 ára í dag og af því tilefni gefur það út veglegt afmælisrit þar sem farið er yfir sögu sambandsins og greinar birtar eftir núverandi og fyrrverandi félaga. Hlutverk SUS er ennþá að veita Sjálfstæðisflokknum aðhald.

Samband ungra sjálfstæðismanna (SUS) fagnar 90 ára afmæli í dag. Í tilefni dagsins gefur félagið út afmælisrit þar sem farið er yfir sögu sambandsins og greinar eru birtar eftir núverandi og fyrrverandi félaga. Halla Sigrún Mathiesen, formaður SUS, segir að herlegheitum hafi verið frestað þegar COVID skall á. „Það stóð til að vera með afmælisveislu en við ákváðum að fresta henni vegna óvissunnar sem fylgdi faraldrinum."

Halla segir að upprunalegt hlutverk SUS hafi verið tvíþætt. „Þegar félagið er upprunalega stofnað er tilgangurinn annars vegar að berjast fyrir því að Ísland taki öll mál sín í eigin hendur, og hins vegar að efla í landinu víðsýna og frjálslynda framfarastefnu, með einstaklingsfrelsið og hagsmuni allra stétta að leiðarljósi," segir hún. „Í dag fer aðeins minna fyrir fyrrnefnda markmiðinu enda erum við orðin sjálfstæð þjóð en hitt á ennþá jafn vel við. Hlutverk SUS er ennþá að veita Sjálfstæðisflokknum aðhald, vekja athygli á nýjum hugmyndum og stuðla áfram að því að við séum að taka framförum í átt að meira frelsi og auknum lífsgæðum. – atv

> **Hlutverk SUS er ennþá að veita Sjálfstæðisflokknum aðhald, vekja athygli á nýjum hugmyndum og stuðla áfram að því að við séum að taka framförum í átt að meira frelsi og auknum lífsgæðum.**



†

Elsku móðir okkar,
amma og langamma,

Elsebeth Susanna Midjord

Fannarfelli 6,

lést þann 19. júní og verður jarðsungin í Fossvogskapellu þriðjudaginn 30. júní kl. 13. Þökkum auðsýnda samúð. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Ljósið, styrktarfélag krabbameinssjúkra.

Aðstandendur hinnar látnu.



†

Elsku pabbi minn, bróðir okkar,
mágur og frændi,

Guðmundur S. Ingimarsson

Tunguheiði 18,
Kópavogi,

sem andaðist á líknardeildinni í Kópavogi 10. mars sl., verður jarðsunginn frá Seljakirkju mánudaginn 29. júní kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Heru líknarþjónustu eða líknardeildina í Kópavogi.

Alexander Már Guðmundsson
Guðrún Kristinsdóttir **Helgi H. Stefánsson**
Alexander Ingimarsson **Edda Ástvaldsdóttir**
Birna Rúna Ingimarsdóttir **Friðþjófur Th. Ruiz**
og fjölskyldur.



†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við fráfall ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,

Guðna Þórðarsonar

Sækambi vestri, Seltjarnarnesi,

sem lést 18. maí sl. á Landakoti. Við sendum starfsfólki á skilunardeild og deild 12E á Landspítalanum við Hringbraut og á deild K1 á Landakoti okkar allra bestu þakkir fyrir einstaka umönnun og hlýju við erfiðar aðstæður á Covid-tímum.

F.h. aðstandenda,
Sjöfn Guðmundsdóttir



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

Margrét Erlingsdóttir

Miðleiti 12,

lést mánudaginn 8. júní. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 29. júní klukkan 13.00.

Sigurður Hannesson **Margrét Karlsdóttir**
Kristín Hannesdóttir **Páll Einar Kristinsson**
Erlingur Hannesson **Halldóra Halldórsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.



†

Bróðir okkar og frændi,

Sigurbjörn Þorgrímsson

lést 5. júní á Hrafnistu - Boðaþingi. Útför hefur þegar farið fram í kyrrþey. Sérstakar þakkir til starfsfólks Lóulundar.

Steinunn Þorgrímsdóttir
Jónína Þorgrímsdóttir
og stórfjölskyldan.



†

Elsku systir mín, frænka og vinkona,

Gróa Jónatansdóttir

Fannborg 8,
áður Bræðratungu 36,
Kópavogi,

lést á Landspítalanum 18. júní. Útförin fer fram frá Digraneskirkju miðvikudaginn 1. júlí kl. 13.00.

Ragnar Jónatansson og aðrir aðstandendur.



†

Ástkær faðir okkar, stjúpfaðir,
bróðir, mágur og afi,

Sigurður Arnar Gunnarsson

Sléttuvegi 9, Reykjavík,

lést þann 17. júní. Útför fer fram mánudaginn 29. júní kl. 13.00 í Guðríðarkirkju.

Þórunn Björg Sigurðardóttir
Gunnar Guðni Sigurðsson **Alexandra Ósk Birgisdóttir**
Guðrún Stella Ágústsdóttir
Anna Þórdís Gunnarsdóttir **Birgir Axelsson**
Einar Gunnarsson **Anna Guðný Björnsdóttir**
Jón Björgvin Garðarsson
Gabriel Dagur Carvalho
Arnar Breki Gunnarsson
Brynjar Elvarsson
Arnar Elvarsson



†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir
okkar, tengdafaðir og afi,

Gylfi Ólafsson

bifvélavirki,
Arnarási 1, Garðabæ,

lést á Landspítalanum í Fossvogi, 17. júní. Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug. Sérstakar þakkir fær starfsfólk gjörgæsludeildar Landspítalans fyrir frábæra umönnun og hlýhug.

Hildur Friðriksdóttir
Ólafur Gylfason **Unnur Hallgrímsdóttir**
Guðbjörg Gylfadóttir
Friðrik Sölvi Gylfason
Brynjar Aron, Fanney Rún og Halla Hrund
Tania Lind Guðbjargardóttir **Heimir Morthens**
Hildur Anissa Guðbjargard. **Sebastian Loui**
Sölvi Snær Guðbjargarson **Sara Regína Rúnarsdóttir**



†

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elsku sonar okkar,

Friðriks Guðmundssonar

Lyngmóa 17,
Reykjanesbæ.

Sérstakar þakkir fyrir einstaka umönnun til núverandi og fyrrverandi starfsmanna heimilisins að Lyngmóa 17, Gylfa Pálssonar sjúkraþjálfara, heimahjúkrunar HSS og ferðaþjónustu fatlaðra á Suðurnesjum.

Guðmundur Sigurðsson **Kolbrún Geirsdóttir**
Gunnfríður Friðriksdóttir **Antonio Manuel Goncalves**

Viltu birta minningargrein á frettabladid.is?

Minningargreinar skal senda á timamot@frettabladid.is. Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á frettabladid.is/timamot

---

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055 .

KRAKKAR



Konráð og félagar á ferð og flugi 409

„Almáttugur!“ hrópaði Róbert. „Við erum föst hérna inni og munum aldrei komast út,“ bætti hann við skelfingu lostinn. „Enginn mun nokkurn tímann finna okkur, við munum svelta í hel, og, og ...,“ það drupu svitaperlur niður náfölt andlit hans „Svona nú Róbert minn,“ sagði Kata höstug. „Þetta er nú bara völundarhús og það er alltaf einhver leið út úr völundarhúsum,“ bætti hún við og leit í kringum sig.

Getur þú hjálpað Róberti og Kötu að komast út úr völundar-húsinu?

„Eða er það ekki?“ spurði hún glottandi þegar hún sá hvað Róbert hvítnaði meir og meir.

Lestrarhestur vikunnar Victor Kamenov



Hvernig bækur þykja þér skemmtilegastar? Skemmtilegastar finnast mér teiknibækur og ævintýri.

Hvaða bók lastu síðast og um hvað var hún? Síðasta bók sem ég las var Lucas fótboltakappi.

Hvaða bók ætlarðu að lesa næst? Næst er ég að spá að lesa Tímaflakkarar 4.

Ef þú myndir skrifa bók, um hvað væri hún? Hún væri örugglega um fjársjóðsleit, töfra eða gamla bíla.

Ef þú mættir velja þér persónu úr bók til að ferðast um Ísland með, hver væri hún? Viddi úr Leikfangasögu (Toy Story).

Hvernig mynduð þið ferðast? Á hestbaki.

Manstu eftir fyrstu bókinni sem var í uppáhaldi hjá þér? Já, Leikfangasaga (Toy Story) var lang-uppáhaldsbókin mín þegar ég var þriggja ára.

Ferðu oft á bókasafnið? Já, nokkrum sinnum í mánuði.

Hver eru þín helstu áhugamál? Að byggja Lego, teikna og hjóla.

Í hvaða skóla ertu? Ég var að klára 3. bekk í Seljaskóla.

Borgarbókasafnið, Bókmenntaborgin og Bókabeitan efna til sumarlesturs fyrir krakka. Verið velkomin í bókasafnið í ykkar hverfi og takið þátt í lestrarleiknum. Í hverri viku fær einn heppinn þátttakandi bók að gjöf og í lok sumarsins er veittur einn veglegur vinningur.



Svava og Edda tala tvö tungumál, bæði norsku og íslensku. MYND/AÐSEND

Elska að fara í sund á Íslandi

Systurnar Svava Moshus Myhre, átta ára, og Edda Moshus Myhre, sex ára, búa í Osló í Noregi, mamma þeirra er frá Íslandi og pabbi þeirra frá Noregi. Svava spilar á klarínett og hefur mikinn áhuga á tónlist og Edda elskar hunda og hvolpa.

Hvað finnst ykkur skemmtilegast að gera í Noregi á sumrin? Edda: Að fara í Tusenfryd.

Hvað er eiginlega Tusenfryd? Svava: Það er skemmtigarður, eða Tívolí. Mér finnst skemmtilegast að leika við vini mína.

Hvað finnst ykkur skemmtilegast að gera þegar þið komið til Íslands? Svava: Vera með fjölskyldunni minni og fara í sund. Edda: Mér finnst líka sund skemmtilegast.

Af hverju er svona gaman í sundi á Íslandi? Edda: Það eru svo skemmtilegar rennibrautir og svo heitt vatn.

Eru engar góðar laugar í Noregi? Edda: Jú, jú, en ekki margar.

Hvað er ólíkt með Noregi og Íslandi? Svava: Það er miklu heitara á sumrin í Noregi.

Er það næs? Svava: Það er næs en af og til er of heitt. Og grasið verður þurrt og ekki jafn grænt. Núna eru 30 gráður. – Edda hvíslar að systur sinni að hún þurfi líka að nefna að trúðaís sé ekki til í Noregi.

NEI, VIÐ HÖFUM EKKI GERT ALLT EINS OG VENJULEGA. VIÐ FENGUM EKKI HEIMANÁM Á BLÖÐUM EN BARA Á IPAD.

Hvernig er búið að vera í Noregi á meðan kórónaveirufaraldurinn hefur verið í gangi? Megið þið gera allt sem þið megið gera vanalega? Edda: Nei, við höfum ekki gert allt eins og venjulega. Við fengum ekki heimanám á blöðum en bara á iPad. Og maður þarf að spritta sig endalaust. Svava: Það var lokað í skólanum í örugglega mánuð eða eitthvað svona. En núna er búið að opna og það er miklu betra. Við getum gert miklu meira og við þurfum ekki að hafa einn metra á milli okkar í skólanum.

Eigið þið ykkur uppáhaldsorð á íslensku? Edda: Þvottavél. Svava: Kannski blóm, eða kannski upp-þvottavél!

ALVÖRU JEPPAR ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

Jeep®

GOÐSÖGN KNÚIN RAFORKU

JEEP PLUG-IN-HYBRID FORSALA

Jeep heldur áfram að vera tákn frelsis og ævintýra. Nú kynnum við nýja plug-in-hybrid jeppa, sem við bjóðum á frábæru forsöluverði.

Hlaðnir búnaði með alvöru fjórhjóladrifi (lágu drifi), bakkmyndavél, rafdrifnum leðursætum (Compass), rafdrifnum afturhlera (Compass), lykillausu aðgengi og ræsingu, hita í stýri og framsætum, 8,4” skjá og leiðsögukerfi, blindhornsvörn og bílastæðaaðstoð.

Skoðaðu rekstrarhagkvæma tvinn-jeppa, rafmagns og bensín, á forsöluverði á jeep.is



RAFMAGNAÐUR

JEEP COMPASS LIMITED 4X4
5.999.000*

PLUG-IN-HYBRID

4xe



JEEP RENEGADE TRAILHAWK 4X4
5.499.000*

PLUG-IN-HYBRID

4xe

UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • JEEP.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18

ISBAND

*Verð miðað við gengi USD 132, svartur Compass, hvítur Renegade, áætluð afhending í október 2020

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Laugardagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
15 °C | 2 ↓	5 °C | 6 ↙	8 °C | 2 ↘
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
9 °C | 1 ↙	14 °C | 2 ↑	6 °C | 6 ↙

Norðaustan 5-13, skýjað og smá væta sumstaðar í dag, en þykknar upp og fer að rigna á sunnanverðu landinu í kvöld. Hiti 8 til 17 stig, hlýjast sunnan til.

	Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
Reykjavík	14 °C | 1 ↗	16 °C | 1 ↙	12 °C | 2 ↗	12 °C | 2 ↘	11 °C | 2 ↖
Ísafjörður	10 °C | 3 ↙	7 °C | 5 ←	10 °C | 3 ↖	10 °C | 3 ↙	6 °C | 3 ↙
Akureyri	17 °C | 3 ↑	8 °C | 2 ↙	10 °C | 1 ←	9 °C | 2 ↘	5 °C | 1 ↓
Egilsstaðir	10 °C | 6 ↙	7 °C | 6 ↙	6 °C | 3 ↓	8 °C | 3 ↙	4 °C | 2 ↓
Kirkjubæjarklaustur	16 °C | 2 →	17 °C | 2 ↑	8 °C | 2 ↖	12 °C | 2 ↖	6 °C | 3 ↖
Hveravellir	14 °C | 2 ↙	12 °C | 6 ↙	13 °C | 0 ○	10 °C | 4 ↓	8 °C | 2 ↙

Jónsmessuhappdrætti Sjálfsbjargar

Dregið 24. júní 2020

Vinningar og vinningsnúmer

1. Ferðavinningur frá Icelandair að verðmæti kr. 1.500.000.-
4372

2.-6. Ferðavinningur frá Icelandair, hver að verðmæti kr. 450.000.-
1659 14941 19365 32803 48733

7.-14. Vöruúttekt hjá Samsungsetrinu, hver að verðmæti kr. 400.000.-
19122 21961 27636 28421 32898 36816 36954 42207

15.-39. Ferðavinningur frá Icelandair, hver að verðmæti kr. 300.000.-
1118 2324 4453 6194 7555 7632 11252
11625 12352 19213 19216 19769 21717 23589
24921 26684 26716 26972 29672 30337 33532
42984 43718 45360 46629

40.-59. Vöruúttekt hjá Samsungsetrinu, hver að verðmæti kr. 150.000.-
500 2210 3098 6895 7247 8640 12511
14127 19164 19340 19538 28811 34057 35496
35776 35785 36064 37052 39779 49410

66.-125. Vöruúttekt hjá 66 Norður , hver að verðmæti kr. 150.000.-
790 1243 4327 5515 5789 6373 6446
6514 9307 12343 13541 14165 14445 14925
15907 16073 17356 17875 18475 18710 19420
19497 19710 19813 19932 20911 20970 21222
22474 23105 23268 24182 24550 25155 26511
26995 29218 29232 31028 32154 32681 34204
35169 35929 38073 38936 39479 39481 40440
40713 41595 42228 43007 43704 44186 44994
45378 46265 46567 47220 47697 48084 48660
49534 49568 49791

Birt án ábyrgðar.

Handhafar vinningsmiða eru vinsamlega beðnir um að framvísa þeim á skrifstofu Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra að Hátúni 12, 105 Reykjavík, 3ju hæð, opið milli kl. 10:00 – 12:30 og 13:00 - 15:00 virka daga - sími: 5500-360. Byrjað verður að greiða út vinninga þann **15. júlí 2020.** Vinningaskrá er einnig birt á vefsíðu samtakanna, www.sjalfsbjorg.is.

Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra þakkar landsmönnum veittan stuðning.

LÍFIÐ ER Á FRETTABLADID.IS

Lífið á frettabladid.is fjallar um fólk, menningu, tísku, heilsu og margt fleira.

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook



Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var

ÍSLANDSKLUKKAN

H	E	I	L	L	A	S	T	J	Ö	R	N	U	■	H	■	F	■	E	■
A	■	L	■	Á	■	K	■	Á	■	E	■	M	Ú	R	A	R	A	N	A
F	A	L	S	T	R	Ú	A	R	■	F	■	B	■	A	■	A	■	D	■
N	■	S	■	A	■	R	■	N	Ý	S	M	U	R	Đ	A	N	■	I	■
A	U	K	A	L	A	G	N	A	■	I	■	N	■	F	■	K	A	N	N
R	■	Á	■	Á	■	O	■	G	Ö	N	G	U	F	Æ	R	A	■	G	■
G	A	S	S	T	Ö	Đ	V	A	■	O	■	Đ	■	T	A	R	F	U	R
Ö	■	T	■	U	■	I	■	N	E	R	Í	U	Æ	T	T	■	O	■	A
R	E	I	Đ	M	A	N	N	S	I	N	S	■	R	■	V	Ö	R	Đ	U
Đ	■	R	■	■	F	■	Æ	■	Đ	■	J	■	M	■	Í	■	V	■	P
U	■	■	K	■	G	■	R	Ú	S	T	A	Đ	I	■	S	■	I	■	A
M	A	K	A	L	A	U	S	■	T	■	K	■	G	R	A	F	T	A	R
■	U	■	R	■	N	■	T	R	A	F	I	N	U	■	■	L	■	K	■
Æ	Đ	A	L	E	G	G	I	■	F	■	N	■	N	Á	L	Æ	G	R	A
■	V	■	A	■	U	■	R	I	S	I	N	N	A	R	■	K	■	A	■
V	E	R	K	A	R	A	N	N	■	L	■	A	■	S	K	J	Ó	N	I
■	L	■	Ó	■	■	P	I	K	K	F	A	S	T	A	■	U	■	E	■
Ó	D	Ý	R	A	R	A	■	A	■	E	■	K	■	L	Á	N	A	S	T
■	I	■	U	■	■	N	■	N	E	T	T	A	R	I	■	E	■	B	■
Æ	Đ	A	M	E	I	N	I	N	■	A	■	N	■	R	I	T	B	Æ	R

LAUSNARORÐ Ef bókstöfunum í lituðu reitunum er raðað rétt saman birtist ljótur ljóður á ráði mannskepnunnar. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 2. júlí næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „27. júní“.



FORLAGIÐ

VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Olga** eftir **Bernhard Schlink** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Katrin Magnúsdóttir, Seltjarnarnesi.**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

LÁRÉTT

1 Glæðir, Græna þruman og skylduræknir garðyrkjumenn (11)
9 Kom arftaki Churchills frá Paradís? (4)
11 Demba úr dálitlu fjalli (7)
12 Spíra fyrir herrann og sæsnigilinn hans (11)
13 Iðja hefur samband ef þessar samsteypur finnast (10)
14 Sá ég þar jakans mikla söðuldýr (11)
15 Sagan um Herakles og Hómer og strákapörin þeirra (10)
16 Myrði skriðdýr með mjúkri pípu (11)
17 Gnýr tekur höfn er í óefni stefnir (10)
21 Leita til traðar ruglaðrar barónessu (9)
23 Afhjúpaðu gráðuna sem lúmenin ráða (11)
26 Banna slompuðu og skaðlegu fólki aðgang (10)
30 Enginn smá hlunkur, þessi vöðvi (7)
31 Skrifa heila skáldsögu inn í kompu (8)
32 Dreg þig á tálar milli bæla (5)
35 Hátimbraðir drykkir fyrir ferðalagið (10)
37 Ætli hinn hvatvísi gefi veiði sína? (8)
38 Legg línu úr mjaðmagrind í fót (7)
39 Tónverkið kattanna ruglar mig í ríminu (8)
43 Geldir hal fyrir spakar fyljur (9)
44 Þegar gauðin setja goðin út af sporinu (6)
45 Fórnarlamb dráttar býr að miklum þanmörkum (7)
46 Ég er að tala um hann Örn litla Arason (9)
47 Strikið yfir lóðina (6)
48 Langi stillir stöfum sínum öðruvísi (7)

LÓÐRÉTT

1 Kraflar í keltum og rætnum álum (11)
2 Ver fjandi vel, þessi leiðindadurgur (11)
3 Hvernig má herða hlýja sál, án þess að grípa til uppnefna? (9)
4 Nórungur lætur lóð sína fyrir lítið en eitthvað þó (9)
5 Dótið hvarf er dýrin drápust (9)
6 Stafurinn, Gunnólfur minn, glataðist í fjársvikunum (10)
7 Ef ég nú bara kæmist yfir fljót af fjallagrasasnafsi! (6)
8 Bera skal jöklasalat fram í viðeigandi íláti (8)
9 Skrifa þennan glæp á gyðju marsins (8)
10 Brenni ræktun á skógi (8)
18 Fór í tékk því hann var ekki lengur sólbrúnn (8)
19 Dögun seinna, dimmu fyrr, dauða ber að höndum/sýnt var mér í svefni morðið/sérðu núna lausnarorðið? (6)
20 Sakar hrygnuna um að bera út búfjárveikina (6)
22 Hefja þau þá læri á herðar sér – eða undir? (9)
23 Hann er glaðhlakkalegur, hafurinn atarna (7)
24 Munu svo róttæk samtök sætta sig við blómann? (7)
25 Börnin að neðan læra það sem börnin að ofan þylja úr skræðum sínum (7)
27 Þetta er ekki háhýsi fyrir neina nema mig, segir rægitunga (10)
28 Núna kemst minn flokkur nær kjarna tíðar sem hefur runnið sitt skeið (10)
29 Gefa flóninu fötin af hálfvitanum (10)
33 Fljót að finna tímann sem hann dó og líka tímamótin (8)
34 Með þökk fyrir örlætið, kveðja, Ari & Sunna (8)
36 Arka áfram öskureið uns gönguþjarkur gefst upp (7)
40 Ratar leita síns rétta eðlis (5)
41 Hvílíkt stagl vegna einnar rófu í ruglinu! (5)
42 Og þvílíkur rosti útaf þessu rusli! (5)

LÉTT

1		6						3
3	2				1	5		
7		4	5	9				
		5	1		8	4		
2		1						7
6	3	8			2	1		
	9						6	
	6	7				8		
			6		4	2	9	

MIÐLUNGS

2		8						5
		3	6				8	
4	6		3		8			1
	9		8	6				
3	4	7	1		5			
1			2			5		
6						2		
		1	5	3	6	4		
		4					1	

ÞUNG

3			2				8	4
		6	5				3	2
2			8					
5		3		1				
	1					9		
8		2						1
9	3						5	
7				5				
	2				3	7		9

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

8	1	5	9	2	6	3	4	7
9	2	4	7	1	3	8	5	6
6	7	3	4	8	5	9	1	2
1	4	6	5	9	7	2	3	8
5	9	7	8	3	2	1	6	4
2	3	8	1	6	4	7	9	5
7	8	9	6	5	1	4	2	3
3	6	1	2	4	8	5	7	9
4	5	2	3	7	9	6	8	1

9	1	4	5	8	6	7	2	3
8	5	7	3	9	2	4	6	1
2	6	3	4	1	7	8	5	9
3	8	1	7	5	4	2	9	6
4	7	2	9	6	1	5	3	8
6	9	5	8	2	3	1	7	4
1	3	8	6	7	5	9	4	2
7	2	6	1	4	9	3	8	5
5	4	9	2	3	8	6	1	7

1	2	9	7	3	4	8	6	5
3	8	6	5	9	1	7	4	2
4	5	7	2	6	8	9	1	3
5	7	1	8	4	6	3	2	9
6	3	8	9	2	7	4	5	1
9	4	2	1	5	3	6	7	8
8	6	5	3	7	2	1	9	4
2	1	4	6	8	9	5	3	7
7	9	3	4	1	5	2	8	6

Skák Gunnar Björnsson

Svartur á leik



Ian Nepomiachtchi (2.778) átti leik gegn Vladislav Artemiev (2.729) á Chessabel Masters mótinu á Chess24.

52...Hg7+! 53. Kxg7 ½-½.
Átta manna úrslit eru hafin. Nepo vann fyrsta einvígið 2½-½. Magnús Carlsen vann Fabiano Caruana með sama mun. Vinna þarf tvö einvígi til að komast í undanúrslit. Í dag fer fram annað einvígi kappanna.

www.skak.is: Chessable-mótið

Bridge Ísak Örn Sigurðsson

ÓVENJULEGT SPIL

Bikarkeppni Bridgesambands Íslands stendur nú yfir og í fyrstu umferð drógust tvær sterkar sveitir saman, Frímann Stefánsson og Grant Thornton. Sveit Frímanns var alveg sama þó að sveit Grant Thornton væri sterk, gerði sér lítið fyrir og vann leikinn 110-101. Spilarar í sveit Frímanns eru auk hans Reynir Helgason, Páll Þórsson, Sigurbjörn Þorgeirsson, Kristinn Kristinsson og Kristján Þorsteinsson. Í þessu spili úr þriðju lotu bikarleiksins milli sveitar Frímanns og Grant Thornton kom óvenjuleg sveifla sem þó hefði getað orðið miklu stærri, þegar bæði pör tóku afar ólíkt á spilinu. Suður gefur, AV á hættu.

Norður
♠ KG732
♥ ÁKDG4
♦ 964
♣ -

Vestur
♠ 6
♥ 10962
♦ ÁKD8
♣ 10976

Austur
♠ D9
♥ 873
♦ G5
♣ K85432

Suður
♠ Á10854
♥ 5
♦ 10732
♣ ÁDG

Þar sem Frímann Stefánsson og Reynir Helgason sátu í NS gegn Stefáni Stefánssyni og Magnúsi Magnússyni gengu meldingar: 1S - Dbl - 4L („splinter“ – stuttur litur) – Dobl – 4S (enginn áhugi) – allir pass. Eftir að hafa tekið þrjá efstu í tígli spilaði vestur þeim síðasta. Frímann tók ranga ákvörðun þegar hann spilaði vestur að eiga fleiri en 9 punkta, trompaði með gosanum og fór því einn niður. Á hinu borðinu sátu Sverrir Kristinsson og Hrannar Erlingsson í NS gegn Kristni Kristinssyni og Kristjáni Þorsteinssyni og höfðu töluvert meiri metnað þegar AV blönduðu sér ekki í sagnir. Norður spurði beint um ása og eftir að hafa fengið svar um tvo þá meldaði hann sjö spaða! Að þeirra eigin sögn var alslemman „75%“ , því hún vinnst ef vörnin kemur ekki út í tígli. Vörnin tók sömu þrjá fyrstu slagina en suður hafði vit á að trompa með spaðakóng og svína fyrir drottningu og fór því þrjá niður og þrír impar til sveitar Frímanns.

Veruleikinn með raunsæislegum stílbrigðum

Á sýningunni Allt sem sýnist á Kjarvalsstöðum er ekki allt eins einfalt og það lítur út fyrir að vera. Sýning á verkum eftir listamenn sem hafa gert raunveruleikann að yrkisefni. Fimmtíu ár dregin fram í yfirliti.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Allt sem sýnist – raunveruleiki á striga 1970-2020 er sýning á Kjarvalsstöðum. Sýningarstjóri er Markús Þór Andrésson.

„Á þessari sýningu eru sýnd verk listamanna sem hafa náð ákveðinni sérhæfingu og færni í því að gera myndir af veruleikanum með raunsæislegum stílbrigðum," segir Markús. „Þarna eru 50 ár dregin fram í eins konar yfirliti, með áherslu á tengingu hins sýnilega umhverfis við málverkið. Almennt má segja að mikill áhugi sé meðal listamanna hverju sinni á að stúdera skynjun sína og tengsl við umhverfið og tjá í málverki. Þessi leikur verður mörgum að óþrjótandi viðfangsefni. Ferill margra listamanna er einskorðaður við þetta, en aðrir nota þetta sem stuðning við annað sem þeir eru að gera."



Mig langar að brjóta niður múrana á milli yfirborðs og inntaks, segir Markús. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Á sínum forsendum

Sýningin heitir Allt sem sýnist og þá kemur óneitanlega upp í hugann orðatiltækið: ekki er allt sem sýnist. „Í þessum verkum er kannski ekki allt eins einfalt og það lítur út fyrir að vera því hver listamaður er að skoða raunveruleikann algjörlega á sínum forsendum," segir Markús. „Þarna eru listamenn sem sækja beint í poppið, gera hárfínar eftirmyndir úr neyslusamfélaginu og lýsa nærumhverfi okkar mannanna meðan aðrir eru kannski með hugann við natúralista 19. aldar. Sumir hugsa um yfirborð og handbragð meðan aðrir eru með hugmyndafræðilega nálgun, jafnvel andlega. Það er mjög gaman að setja saman í sýninguna verk sem sýna þær ólíku þarfir og hvatir sem liggja að baki þessa kima listsköpunar."

Spurður hvort mikill munur sé á verkum elstu listamannanna og þeirra yngstu segir Markús: „Á seinni tímum kemur til sögunnar ný ljósmyndatækni, vídeótækni, kvikmyndlist og stafræn tækni eins og Photoshop sem hefur áhrif á það hvernig fólk skynjar umhverfi sitt og hvernig það les myndir. Listamenn taka mið af öllum þessum breytingum, sem er lýsandi fyrir þá ævarandi grunnþörf að beita listsköpun og handverki til þess að greina veruleikann sem við búum við hverju sinni."

Vill brjóta niður múra

Markús segir að hann vilji með sýningunni brjóta niður ákveðna múra. „Mig langar að brjóta niður múrana á milli yfirborðs og inntaks, þar sem stundum hefur verið sett upp aðgreining eins og há- og láglist eða list og kitsch. Um leið vil ég andæfa því að hlutir hafi ekki djúpstæða merkingu af því að þeir eru aðlaðandi og fallega gerðir. Þegar flinkir listamenn eiga í hlut þá er viss hætta á að maður nemi staðar við yfirborðið. Þetta er alltof mikil einföldun. Það leynir sér ekki að til dæmis Erla S. Haraldsdóttir er listamaður sem kljáist við fegurðina. Hún málar verk sem eru grípandi einmitt af því þau eru aðlaðandi og máluð af mikilli natni. En þar að baki liggur jafnframt þrungin hugmyndafræði sem byggist á samtali við listasöguna og er í sjálfu sér mjög nútímaleg.

Ég vona að fólk velti þessum hlutum fyrir sér og skoði hvers konar veruleika við erum að tala um. Það er einföldun að kalla þetta bara raunsæi. Við getum stuðst við ýmis fræðiheiti, kallað sumt natúralisma, svo er ofurraunsæi, ljósmyndaraunsæi eða töfraraunsæi. Listamenn eru að nota raunsæið til að skilja umhverfi sitt en líka sjálfa sig og mála það sem stendur þeim nærri, eins og fjölskyldu sína, líkama sinn, munina í kringum sig og náttúruna. Í þessu mengi eru ekki listamenn sem eru í fantasíu eða súrrealisma, eða að setja fram einhvers konar allegóríur. Nærumhverfið er þeim hugleikið – og hér í safninu finnst okkur þessi fókus eiga ágætlega við, ekki síst í samtímanum, á tímum farsóttarinnar, þegar sjónsvið allra hefur þrengst og færst nær að okkar nánasta umhverfi."



Séð yfir hluta salarins á Kjarvalsstöðum.

LISTAMENN ERU AÐ NOTA RAUNSÆIÐ TIL AÐ SKILJA UMHVERFI SITT EN LÍKA SJÁLFA SIG OG MÁLA ÞAÐ SEM STENDUR ÞEIM NÆRRI.

Listamennirnir á sýningunni

- Eggert Pétursson (1956)
- Eiríkur Smith (1925-2016)
- Erla S. Haraldsdóttir (1967)
- Erró (1932)
- Guðjón Ketilsson (1956)
- Gústaf Geir Bollason (1966)
- Hallgrímur Helgason (1959)
- Helena Margrét Jónsdóttir (1996)
- Hlaðgerður Íris Björnsdóttir (1970)
- Hringur Jóhannesson (1932-1996)
- Karl Jóhann Jónsson (1968)
- Kristinn Guðbrandur Harðarson (1955)
- Ragnhildur Jóhannsdóttir (1977)
- Sara Vilbergsdóttir (1956)
- Sigtryggur Bjarni Baldvinsson (1966)
- Svanhildur Vilbergsdóttir (1964)
- Þorri Hringsson (1966)
- Þuríður Sigurðardóttir (1949)



Miklir hæfileikar og tækni birtast í raunsæislegum vinnubrögðum.



Þetta verkefni talaði til mín, segir Þröstur Helgason, doktor í almennri bókmenntafræði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Áhrifamikið tímarit

Þröstur Helgason er höfundur bókar um tímaritið Birting. Markmiðið var að flytja inn erlend áhrif og nýja strauma.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Opna svæðið – Tímaritið Birtingur og íslenskur módernismi er bók eftir Þröst Helgason sem Bókmennta- og listfræðastofnun HÍ og Háskólaútgáfan gaf nýlega út. Þröstur er dagskrárstjóri Rásar 1 á RÚV og doktor í almennri bókmenntafræði frá Háskóla Íslands. Bókin er byggð á doktorsritgerð hans sem hann varði árið 2015.

„Ég var forvitinn um Birting sem menningarfyrirbæri og hafði áhuga á módernisma og þessum tíma í menningarsögunni. Þetta verkefni var greinilega þvermenningarlegt og á þverfræðilegu rannsóknarsviði og það talaði til mín," segir Þröstur, sem sjálfur hefur mikla reynslu af ritstjórnarstörfum en hann ritstýrði meðal annars Lesbók Morgunblaðsins um árabil.

Flutti inn erlend áhrif

Tímaritið Birtingur kom út á árunum 1955-1968. „Einar Bragi átti hugmyndina og fékk Jón Óskar, Hörð Ágústsson og Thor Vilhjálmsson til liðs við sig. Þeir voru kjarninn í Birtingi. Hannes Sigfússon og Geir Kristjánsson voru með í stuttan tíma og svo bættust fleiri við þegar leið á útgáfutímann. Birtingsmenn vildu fyrir alla muni hafa Sigfús Daðason með sér en hann vildi það ekki. Fyrir því eru tvær meginástæður, hann var mjög tengdur Máli og menningu og svo sá hann ekki fyrir sér að eiga samleið með öllum í ritstjórn Birtings."

Þröstur segir að Birtingur hafi skipt miklu máli í íslensku menningarlífi. „Með tilkomu Birtings opnaðist íslenskt menningarlíf meira. Auðvitað voru Birtingsmenn ekki einir um að opna menningarlífið. Erlend menningaráhrif komu með stríðinu og eftir stríð opnaðist landið og siglingar og ferðalög til Evrópu hófust á ný. Fjöldi fólks fór til Evrópu í nám sem tengdist menningu og listgreinum.

Erlend áhrif komu hingað að stórum hluta í gegnum tímarit, eins og til dæmis Vaka sem var eins konar undanfari Birtings. Svo kemur Birtingur árið 1955 og verður stærsta óháða menningartímaritið og það áhrifamesta. Því er stefnt gegn ráðandi menningarstofnunum á þeim tíma, einkum Máli og menningu og tímariti hennar. Verkefni Birtings var að flytja inn erlend áhrif, nýja strauma og evrópskan módernisma."

Gríðarlega mikil áhrif

Spurður hvernig tekist hafi til segir Þröstur: „Þetta tókst með glæsibrag. Að mínu mati lék Birtingur mjög stórt hlutverk í því að búa til íslenskan módernisma. Það var meðal annars gert með miklum þýðingum á erlendum módernískum verkum en líka með því að flytja inn hugmyndir, strauma og stefnur. Hörður Ágústsson fylgdist til dæmis mjög vel með því sem var að gerast í abstraktinu í Evrópu, einkum í París. Atli Heimir Sveinsson kom frá Þýskalandi, þar sem hann hafði verið í námi hjá Stockhausen, og skrifaði í tímaritið um þá framúrstefnulegu tónlist sem var að verða til í Evrópu.

Tímaritið varð farvegur fyrir það sem var efst á baugi í Evrópu og víðar og hafði þannig gríðarlega mikil áhrif."

Útgáfu Birtings var hætt árið 1968. „Það fylgir tímaritum af þessari tegund að vera skammlíf. Þau hafa það hlutverk að vinna í jarðveginum, hræra upp í hlutum og hætta svo, en þá hafa þau markað spor sem áhugavert er að rekja," segir Þröstur.

Benjamín Gísli á Jómfrúnni

Á fjórðu tónleikum sumardjasstónleikaraðar veitingahússins Jómfrúarinnar við Lækjagötu, í dag, laugardaginn 27. júní klukkan 15.00, kemur fram kvartett píanóleikarans Benjamíns Gísla Einarssonar.

Með honum leika þeir Sölvi Kolbeinsson á saxófón, Þorgrímur Jónsson á kontrabassa og Einar Scheving á trommur. Þeir munu flytja sína uppáhalds standarda úr amerísku söngbókinni.

Benjamín Gísli Einarsson stundar framhaldsnám í djasspíanóleik í Noregi. Á þessum tónleikum á Jómfrúnni teflir hann í þessum kvartetti saman tveimur kynslóðum íslenskra djasstónlistarmanna. Aðgangur er ókeypis.



Benjamín Gísli, pianóleikari.

Ævintýrahöllin í Árbæjarsafni

Nú um helgina, 27. og 28. júní, breytist Árbæjarsafn í Ævintýrahöll fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Í Ævintýrahöllinni verður boðið upp á fjölbreytta dagskrá fyrir börn á öllum aldri frá klukkan 10.15 – 16.00 báða dagana.

Meðal viðburða: Gunnar Helgason, rithöfundur og leikari, les upp úr bók og stendur í marki í vítaspyrnukeppni, fjölskyldujóga, skapandi smiðjur, sirkussýning og smiðja, járnbrautarlestarferðir, fjölskylduafró, dans Brynju Péturs, börnum boðið á hestbak, blöðrusmiðja, myndasöguratleikur, krakkakarókí, krakkareif og Club Dub. Frítt er inn fyrir fjölskyldur.



Gunnar Helgason. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Fylgstu með á
á Hringbraut
Kynntu þér alla dagskrána á hringbraut.is

Helgarviðtalið
Björk Eiðsdóttir, ritstjóri helgarblaðs Fréttablaðsins, fer dýpra í efnistök blaðsins.





Áslaug Magnúsdóttir
hefur getið sér gott orð í tískuheiminum í New York og er stofnandi Moda Operandi. Eftir erfitt ár 2015 þurfti hún að finna sjálfa sig á ný og gerði það meðal annars með því að rækta íslenskar rætur sínar og setti á laggirnar sjálfbæru fatalínuna Kötlu. Áslaug er gestur Bjarkar í helgarviðtalinu á sjónvarpsstöðinni Hringbraut á sunnudaginn þar sem hún segir frá ævi sinni og störfum.



FRÉTTAUMRÆÐA, MENNING, HEILSA, LÍFSREYNSLA OG NÁTTÚRA
HRINGBRAUT



DAGSKRÁ

Laugardagur

HRINGBRAUT

20.00 Undir yfirborðið (e) Ásdís Olsen fjallar hispurslaust um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni og varpar ljósi á allt sem er falið og fordæmt.
20.30 Bílalíf (e) Fjörlegur og fjölbreyttur þáttur um bílana okkar í leik og starfi.
21.00 Lífið er lag (e) Þáttur um málefni fólks á besta aldri sem lifir áskoranir og tækifæri efri áranna. Umsjón: Sigurður K. Kolbeinsson.
21.30 Sögustund (e) Vettvangur rithöfunda og sagnaskálda til að segja frá bókum sínum og fræðum.

RÚV SJÓNVARP

07.15 KrakkaRÚV
07.16 SímonSimon
07.21 Hinrik hittir
07.26 Kátur
07.38 Bubbi byggir
07.49 Hrúturinn Hreinn
07.57 Alvinn og íkornarnir
08.08 Músahús Mikka
08.31 Djúpið
08.52 Hvolpasveitin
09.14 Sammi brunavörður
09.35 Stundin okkar Þessi með klósettinu, sólúrinu og plastpokabolunum.
09.57 TRIX Hugleiðsla
10.00 Herra Bean
10.10 Ævar vísindamaður
10.35 Úr Gullkistu RÚV. Andri á flandri Vestfirðir
11.05 Skólahreysti
12.05 Fagur fiskur Lúrur og grallarar
12.35 Músíkmolar
12.45 Diddú
13.30 Úr Gullkistu RÚV. Stúdíó A
14.10 Jarðtengdur
14.50 Flótt á Miðjarðarhafi Með lífið að veði
15.20 Með eigin orðum. Bruce Springsteen
16.35 Séra Brown
17.20 Úr Gullkistu RÚV. Gulli byggir
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Nýi skólinn
18.16 Rosalegar risaeðlur
18.53 Lottó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.40 Tímaflakk Doctor Who XII
20.30 Stella í framboði Gamanmynd frá 2003 um þau Stellu og Salómon sem við kynntumst fyrst í myndinni Stella í orlofi. Nú reka þau fagurkerafyrirtækið Framkoma.is. Salómon er ráðinn til þess að fegra þorp og umbreyta því. Stella verður eftir í bænum og tekur að sér að kenna stjórnmálamönnum að koma fram, enda kosningar í nánd.
22.00 Kosningavaka
00.00 As Good as It Gets Það gerist ekki betra
02.10 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

07.55 PGA Tour 2020 Útsending frá Travelers Championship.
10.55 Ryder Cup 2018 Útsending frá lokadegi.
13.55 PGA Tour 2020 Útsending frá Travelers Championship.
17.00 PGA Tour 2020 Bein útsending frá Travelers Championship.
22.00 PGA Tour. The Cut Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni.
22.25 Ryder Cup Official Film 2018
23.40 Ryder Cup Official Film 2016

SJÓNVARP SÍMANS

11.00 Aston Villa - Wolves Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
13.35 The Voice US
15.05 The Bachelorette
16.30 Survivor
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 A Million Little Things
18.20 This Is Us
19.05 LA to Vegas
19.30 The Cool Kids
20.00 Forever My Girl Eftir áratug fjarri heimahögunum snýr kántrístjarna heim til stúlkunnar sem hann elskar.
21.50 Me Before You
23.45 World Trade Center
01.40 Hercules Fyrir fjórtán hundruð árum gekk þjökuð sál um grundir, sem var hvorki maður né guð. Herkúles var hinn máttugi sonur Seifs konungs, en það færði honum ekkert nema þjáningar allt hans líf. Eftir harðræði og missi fjölskyldunnar sneri þessi vera baki við guðunum og fann eingöngu huggun í að taka þátt í blóðugum bardögum. Í gegnum árin vingaðist hann við sex álíka sálir, en það sem batt þær saman var ást þeirra á bardögum og nálægð dauðans.
03.20 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.55 Morgunbæn og orð dagsins
07.00 Fréttir
07.03 Til allra átta
08.00 Morgunfréttir
08.05 Á slóðum sjóræningja í Karíbahafi Söguríkar sólskinseyjar
09.00 Fréttir
09.03 Á reki með KK
10.00 Fréttir
10.05 Veðurfregnir
10.15 Raunir, víti og happ
11.00 Fréttir
11.02 Vikulokin
12.00 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
13.00 Gestaboð
14.00 Hannyrðapönk
15.00 Flakk
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Orð um bækur
17.00 Heimsmenning á hjara veraldar Carl Billich
18.00 Kvöldfréttir
18.10 Í ljósi sögunnar Kapphlaupið á Suðurpólinn II
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Sveifludansar Carmen McRae, Sextett Oscars Pettiford, Gerry Mulligan og Dizzy Reese
20.45 Gatan mín Um Laugarnesveg
21.15 Bók vikunnar Lovestar
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Heimskviður
23.00 Vikulokin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

12.15 Ingrid Goes West
13.50 The Fits
15.00 The Kindergarten Teacher
16.35 Ingrid Goes West
18.10 The Fits
19.20 The Kindergarten Teacher
21.00 Little Miss Sunshine
22.40 Chloe and Theo
00.00 The Nun
01.30 Little Miss Sunshine

STÖÐ 2

08.00 Strumparnir
08.20 Billi Blikk
08.30 Tappi mús
08.40 Stóri og Litli
08.50 Heiða
09.10 Blíða og Blær
09.35 Zigby
09.45 Vinafundur
09.55 Mæja býfluga
10.10 Mia og ég
10.30 Latibær
10.55 Lína langsokkur
11.20 Friends
12.00 Bold and the Beautiful
13.20 Bold and the Beautiful
13.45 Einkalífið
14.10 Nostalgía
14.35 Spegill spegill
15.05 Vitsmunaverur
15.40 Golfarinn
16.10 Friends
16.30 Friends
16.55 Modern Family
17.15 Impractical Jokers
18.00 Sjáðu
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.46 Sportpakkinn
18.55 Lottó
19.00 Top 20 Funniest
19.40 Grand-Daddy Day Care
21.15 Shawshank Redemption
23.35 Braveheart
02.25 First Man

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

07.00 Barnaefni
20.00 Friends
20.20 Friends
20.45 Modern Family
21.25 American Dad
21.40 Big Little Lies
21.50 Bob's Burgers
22.10 The Righteous Gemstones
23.35 Empire
00.15 Friends
00.40 Friends
01.00 Modern Family

STÖÐ 2 SPORT

07.30 Charlton - Tottenham 00/01
08.00 Fjölnir - Stjarnan
09.40 Pepsi Max Tilþrifin
10.25 Þór Þ - Grindavík 2012
11.05 Stjarnan - Leiknir F.
12.45 KA - Leiknir
14.30 Mjólkurbikarmörkin 2020
15.40 Norðurálsmótið
16.20 FH - Valur 2019
16.50 Rosengård - Vittsjö Bein útsending.
18.55 1 á 1
19.45 Arsenal - Chelsea 03/04
20.15 Barcelona - Athletic Club
21.55 Juventus - Lecce
23.35 Pepsi Max Stúkan Guðmundur Benediktsson fer yfir síðustu umferð Pepsi Max deildar karla ásamt sérfræðingum Stöðvar 2 Sports.

STÖÐ 2 SPORT 2

07.55 Juventus - Lecce
09.40 Sevilla - Real Valladolid
11.25 Preston - Cardiff City Bein útsending.
13.30 La Liga. Goals Galore - Gerard Moreno
13.55 Leeds - Fulham Bein útsending.
16.00 La Liga. Goals Galore - Suarez
16.20 Norwich - Manch.United Bein útsending frá leik í FA Cup.
18.25 La Liga Show 2019/2020
18.50 Inside Serie A
19.35 Lazio - Fiorentina Bein útsending.
21.40 Celta Vigo - Barcelona
23.20 Brentford - West Brom

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

MARGT & MIKIÐ

GARMIN

THE Emirates FA CUP

ENSKI BIKARINN

Í BEINNI ÚTSENDINGU Á STÖÐ 2 SPORT



LAUGARDAG 16:20
NORWICH - MAN. UTD

SUNNUDAG 11:50
SHEFFIELD UTD - ARSENAL

SUNNUDAG 14:50
LEICESTER - CHELSEA

SUNNUDAG 17:20
NEWCASTLE - MAN. CITY

SPORT

Tryggðu þér áskrift í dag á **stod2.is**

Verslun Flügger
á Stórhöfða er
opin 7 til 7
7 daga vikunnar



Flügger litir

DAGSKRÁ

Sunnudagur

HRINGBRAUT

20.00 Mannamál (e) Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Hér ræðir Sigmundur Ernir Rúnarsson við þjóðþekkta einstaklinga um líf þeirra og störf.
20.30 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta (e) Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum. Umsjón: Páll Ketilsson. Framleiðandi: Víkurfréttir ehf.
21.00 Helgarviðtalið Í Helgarviðtalinu ræðir Björk Eiðsdóttir við fólkið sem setur svip sinn á samfélagið.
21.30 Bærinn minn (e) Í þáttunum segir frá sjarma og sérstöðu bæjarfélaganna hringinn í kringum Ísland.

RÚV SJÓNVARP

07.15 KrakkaRÚV
07.16 Tulipop
07.19 Molang
07.23 Húrra fyrir Kela
07.46 Hrúturinn Hreinn
07.53 Bréfabær
08.04 Lalli
08.11 Stuðboltarnir
08.22 Konráð og Baldur
08.35 Nellý og Nóra
08.42 Robbi og Skrímsli
09.04 Múmínálfarnir
09.26 Ronja ræningjadóttir
09.50 Sammi brunavörður
09.55 Þvegill og skrúbbur
10.00 Herra Bean Mr. Bean
10.25 Söngvaskáld Megas
11.15 Fólkið í blokkinni
11.45 Músíkmolar
12.00 Aukafréttatími. Úrslit forsetakosninga
12.15 Djók í Reykjavík
12.45 Rjómi
13.45 Menningin - samantekt
14.10 Átta raddir Sigrún Hjálmtýsdóttir
14.55 Unga Ísland 1990-2000
15.25 Garn
16.45 Veröld sem var Best í heimi
17.15 Draugagangur
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Stundin okkar Þessi með vindsokknum og löggunni og bófanum.
18.25 Matarmenning - Gin
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.40 Sumarlandinn
20.15 Þegiðu og syntu Fyrsta íslenska konan til að synda yfir Ermarsundið
21.30 Músíkmolar
21.40 Viktoría Victoria III
22.30 Framúrskarandi vinkona. Saga af nýju ættarnafni My Brilliant Friend. The Story of a New Name Önnur sería ítölsku þáttaraðarinnar um vinkonurnar Elenu og Lilu.
23.30 Maximilian og María af Búrgund Maximilian and Marie de Bourgogne
01.00 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

07.00 PGA Tour 2020 Útsending frá lokadegi RBC Heritage.
11.55 PGA Tour 2020 Útsending frá Travelers Championship.
17.00 PGA Tour 2020 Bein útsending frá lokadegi Travelers Championship mótinu.
22.00 PGA Highlights 2020
22.55 Solheim Cup 2019 Hápunktarnir frá Solheim Cup.
23.40 2019 Champions Tour Year in Review

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
11.30 The Voice US
13.00 The Bachelorette
14.25 Carol's Second Act
16.05 Survivor
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 A Million Little Things
18.20 This Is Us
19.05 Með Loga
20.00 The Block
21.20 Madam Secretary
22.10 Godfather of Harlem Stórbrotin þáttaröð sem byggð er á sannri sögu. Glæpaforinginn Bumpy Johnson snýr aftur heim til Harlem eftir tíu ár í fangelsi og kemst að því að það er allt í hers höndum í gamla hverfinu hans.
23.10 City on a Hill
00.05 Love Island
01.00 Hawaii Five-0
01.45 Seal Team
02.30 The Affair Ögrandi verðlaunaþáttaröð um áhrifin sem framhjáhald hefur á tvö hjónabönd.
03.30 Black Monday Skemmtileg þáttaröð frá Showtime sem fjallar um stærsta hrun hlutabréfa á Wall Street frá upphafi. Atburðurinn er sannur og átti sér stað mánudaginn 19. október 1987 en hér er skálduð saga um mennina sem gerðu allt vitlaust á Wall Street.
04.00 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.55 Morgunbæn og orð dagsins
07.00 Fréttir
07.03 Tríó
08.00 Morgunfréttir
08.05 Á tónsviðinu
09.00 Fréttir
09.03 Samtal
10.00 Fréttir
10.05 Veðurfregnir
10.15 Bók vikunnarHin óróleguu
11.00 Guðsþjónusta í Keflavíkurprestakalli
12.00 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
13.00 Bítlatíminn (1 af 10)
15.00 Glans
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Sumartónleikar
17.25 Orð af orði
18.00 Kvöldfréttir
18.10 Raunir, víti og happ
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Óskastundin
19.40 Orð um bækur
20.35 Gestaboð
21.30 Úr gullkistunni Hringurinn
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Á reki með KK
23.10 Frjálsar hendur
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

10.10 The Jane Austin Book Club
11.55 Fantastic Beasts. The Crimes of Grindelwald
14.05 Dodgeball. A True Underdog Story
15.35 The Jane Austin Book Club
17.15 Fantastic Beasts. The Crimes of Grindelwald
19.25 Dodgeball. A True Underdog Story
21.00 Masterminds
22.30 Charlie's Angels
00.05 Miss Bala
01.50 Masterminds

STÖÐ 2

08.00 Strumparnir
08.20 Blíða og Blær
08.45 Dóra og vinir
09.05 Mæja býfluga
09.20 Adda klóka
09.45 Zigby
09.55 Mia og ég
10.20 Lína langsokkur
10.45 Latibær
11.05 Lukku láki
11.30 Ævintýri Tinna
12.00 Nágrannar
12.20 Nágrannar
12.40 Nágrannar
13.05 Nágrannar
13.25 Nágrannar
13.45 Friends
14.10 Friends
14.30 Friends
14.55 Katy Keene
15.40 Áttavillt
16.05 BBQ kóngurinn
16.40 60 Minutes
17.40 Víglínan
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Sportpakkinn Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
19.00 Samkoma
19.25 Nostalgía
19.55 Vitsmunaverur
20.25 Rebecka Martinsson
21.15 Prodigal Son
22.00 Pennyworth
22.55 Queen Sugar
23.40 The Nest
00.40 Grantchester
03.00 Grantchester
03.45 Shameless

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

07.00 Barnaefni
20.00 Friends
20.20 Friends
20.45 Mom
21.00 Empire
21.50 Steypustöðin
22.20 Magnum P.I
23.05 Roswell, New Mexico
23.50 Friends
00.10Friends
00.35Mom

STÖÐ 2 SPORT

07.50 Arsenal - Chelsea 03/04
08.15 KA - Víkingur R.
10.00 Grótta - Valur
11.40 KR - Valur 2019
12.05 KR - HK
13.45 Fylkir - Breiðablik
15.30 Pepsi Max Stúkan
16.45 Stjarnan - KA Bein útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
19.00 ÍA - KR Bein útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
21.05 Arsenal - Chelsea 02/03
21.35 Celta Vigo - Barcelona Útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni.
23.15 Leicester - Chelsea

STÖÐ 2 SPORT 2

06.40 Athletic Club - Mallorca
08.20 Brescia - Genoa
10.05 Norwich - Manchester United
11.50 Sheffield United - Arsenal Bein útsending frá leik í FA Cup.
14.50 Leicester - Chelsea Bein útsending frá leik í FA Cup.
17.20 Newcastle - Manchester City Bein útsending frá leik í FA Cup.
19.50 Espanyol - Real Madrid Bein útsending.
21.55 Osasuna - Leganes
23.35 Atletico Madrid - Alavés

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

DAGSKRÁ

Mánudagur

HRINGBRAUT

20.00 Hafnir Íslands 2017 Heimildaþættir um hafnir Íslands og samfélög hafnarbyggða. Þættirnir eru í umsjón Lindu Blöndal og Friðþjófs Helgasonar.
20.30 Fasteignir og heimili Upplýsandi og fróðlegur þáttur um allt sem viðkemur fasteignum og góðum húsráðum.
21.00 Mannamál - sígildur þáttur Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Hér ræðir Sigmundur Ernir Rúnarsson við þjóðþekkta einstaklinga um líf þeirra og störf.
21.30 Bílalíf Fjörlegur og fjölbreyttur þáttur um bílana okkar í leik og starfi.

RÚV SJÓNVARP

09.00 Heimaleikfimi
09.10 Spaugstofan 2002-2003
09.35 Eyðibýli Öxney
10.15 Maður er nefndur Bragi Árnason
10.45 Tíu fingur Bryndís Halla Gylfadóttir
11.40 Úr Gullkistu RÚV. Brautryðjendur Dóra G. Jónsdóttir
12.05 Símamyndasmiðir
12.35 Úr Gullkistu RÚV. Gulli byggir
13.05 Sumarlandinn
13.30 Þegiðu og syntu Fyrsta íslenska konan til að synda yfir Ermarsundið
14.45 Gettu betur 2005 Borgarholtsskóli - Menntaskólinn við Sund
15.35 Faðir, móðir og börn
16.05 Úr Gullkistu RÚV. Fólk og firnindi Ó, þú yndislega land
17.05 Poppkorn 1986
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Eysteinn og Salóme
18.13 Hinrik hittir
18.18 Hvolpasveitin
18.19 Sara og Önd
19.00 Fréttir Helstu fréttir dagsins af innlendum og erlendum vettvangi. Alla daga, árið um kring.
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Sumarlandinn
19.45 Kanarí
20.05 Á fjöllum - Líf skýjum ofar Mountains - Life Above The Clouds Heimildarþættir frá BBC í þremur hlutum sem fjalla um fjallasvæðin miklu Himalaja, Klettafjöll og Andesfjöll. Hrjóstug og óútreiknanleg landsvæði sem þó iða af lífi. Einstök dýr og magnað fólk á heima þar hátt yfir sjávarborði. Heimildarþættirnir opna fyrir okkur heim skýjum ofar.
21.00 Músíkmolar
21.10 Tvíburi Twin
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Leif Ove Andsnes og Harmónían Leif Ove og Harmonien
23.20 Sviptingar í Sádi-Arabíu-House of Saud. A Family at War
00.10 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

08.00 PGA Tour 2020 Útsending frá lokadegi Travelers Championship.
13.00 2019 PGA Tour Year in Review
13.20 2019 Playoffs Official Film
14.10 2019 Presidents Cup Official Film
15.00 PGA Tour 2020 Útsending frá lokadegi Travelers Championship.
20.00 PGA Highlights 2020
20.55 Presidents Cup 2019 Útsending frá lokadegi Presidents Cup.

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
11.30 Dr. Phil
12.15 The Late Late Show
13.00 The Bachelorette
14.25 The Neighborhood
14.25 Rel
14.50 The Block
16.05 Survivor
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 Speechless
19.30 Carol's Second Act
20.00 The Block
21.00 Seal Team
21.50 The Affair
22.50 Black Monday
23.20 The Late Late Show
00.05 Love Island
01.00 Hawaii Five-0
01.45 Reef Break
02.30 The InBetween
03.15 Blood and Treasure
04.00 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Flugur Lög frá árinu 1980
11.00 Fréttir
11.03 Sumarmál. Fyrri hluti
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Sumarmál. Seinni hluti
14.00 Fréttir
14.03 Til allra átta
15.00 Fréttir
15.03 Á slóðum sjóræningja í Karíbahafi Söguríkar sólskinseyjar
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Hátalarinn
17.00 Fréttir
17.03 Miðjan og jaðarinn Straumhvörf
18.00 Kvöldfréttir
18.10 Brot úr Morgunvaktinni
18.35 Hvar erum við núna? Hálendið
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Sumartónleikar
20.35 Hátalarinn
21.35 Kvöldsagan. Njáls saga (9 af 25)
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Sumarmál. Fyrri hluti
23.05 Sumarmál. Seinni hluti
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

12.00 Two Brothers
13.45 Lego Scooby-Doo! Blowout Beach Bash
15.00 Middle School
16.30 Two Brothers
18.10 Lego Scooby-Doo! Blowout Beach Bash
19.25 Middle School
21.00 Father Figures
22.50 Lion
00.45 American Animals
02.35 Father Figures

STÖÐ 2

08.00 Heimsókn
08.20 Masterchef USA
09.00 Bold and the Beautiful
09.20 Gilmore Girls
10.00 Splitting Up Together
10.20 Suits
11.05 NCIS
11.45 Um land allt
12.35 Nágrannar
12.55 Britain's Got Talent
15.05 Stelpurnar
15.25 Doghouse
16.10 Friends
16.30 Modern Family
16.55 Modern Family
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.48 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.05 Spegill spegill
19.30 Bakað með Sylvíu Haukdal
19.40 Patrekur Jaime. Æði
19.55 Hestalífið
20.05 Katy Keene
20.50 The Nest
21.55 Queen Sugar
22.40 60 Minutes
23.25 Blindspot
00.10 Lethal Weapon
02.15 Lethal Weapon
02.55 Animal Kingdom
03.40 Animal Kingdom
04.25 Animal Kingdom

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

08.00 Barnaefni
20.00 Friends
20.20 Friends
20.45 Mom
21.05 Roswell, New Mexico
21.50 You're the Worst
22.15 Wrecked
22.40 Friends
23.00 Supernatural
23.40 Friends
00.05 Mom

STÖÐ 2 SPORT

07.50 Arsenal - Chelsea 02/03
08.20 Breiðablik - Keflavík
10.00 Mjólkurbikarmörkin 2020
11.10 Pepsi Max Mörkin
12.15 Fylkir - Þróttur R. Útsending frá leik í Pepsi Max deild kvenna.
13.55 Rosengård - Vittsjö
15.35 Stjarnan - KA
17.20 ÍA - KR
19.05 Víkingur R. - FH Bein útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
21.15 Pepsi Max Tilþrifin
22.00 Arsenal - Liverpool 00/01
22.25 Valur - FH 2019
22.45 Arnold Classic Sýndar svipmyndir frá Arnold Classic mótinu sem fram fór í Columbus í Ohio. Það voru meira ein 18 þúsund keppendur sem mættu til leiks og tóku þátt í 45 íþróttagreinum og viðburðum.
23.30 Arnold Classic

STÖÐ 2 SPORT 2

06.05 Villarreal - Valencia
07.45 Sampdoria - Bologna
09.30 Udinese - Atalanta
11.10 AC Milan - Roma
12.50 Parma - Inter
14.35 Granada - Eibar
16.15 Napoli - SPAL
17.55 Ítölsku mörkin 2019/2020
18.50 Spænsku mörkin
19.50 Getafe - Real Sociedad Bein útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni.
21.55 Levante - Real Betis
23.35 Newcastle - Manchester City

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,8 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin





Nýjasta línan frá Hildi er skreytt skærum og glaðlegum litum og hefur slegið í gegn.

Var beðin um að hanna fyrir Cher

Hildur Yeoman er alltaf jafn vinsæl meðal íslenskra kvenna en fátt gleður hana meira en að sjá konu líða vel í flík frá sér. Nýjasta línan hennar heitir Cheer up.

Sjálf hafði ég það nú frekar gott, ég varð ekki lasin, né neinn í fjölskyldunni. En það tók auðvitað á að mega ekki hitta fjölskylduna og að eiga ömmur og afa sem eru í áhættuhópi. Búðin mín var opin meðan á þessu stóð, með lágmarks opnunartíma svo að ég hitti fólk allan tímann. En ég vildi að sjálfsögðu ekki bera neitt í þau svo ég lokaði mig ansi mikið af," segir Hildur þegar hún er innt eftir hvernig fordæmalausir tímar vegna COVID-19 hafa haft áhrif á líf hennar og rekstur.

Hildur hefur unnið verslunarstörf frá því hún var unglingur og segir að það hafi verið ansi furðuleg tilfinning að aðstoða konur við að finna sér kjóla án þess að mega koma nálægt þeim.

Rómantískir bíltúrar

„Í sumum tilvikum stóð ég bara bak við borð í hæfilegri fjarlægð og benti á það sem þær vantaði. Ég er vön að veita lúxusþjónustu og fannst þetta þess vegna mjög erfitt. En sem betur fer vorum við komin með fína netverslun og það versluðu langflestir á netinu. Við maðurinn minn vorum í því að skutla hingað og þangað eða senda út á land. Áttum rómantíska skutlbíltúra í úthverfin, nú þekki ég alls konar hverfi sem ég hafði ekki komið í áður," segir Hildur brosandi.

Hún segist fljótt hafa gert sér grein fyrir þeim vandamálum sem gætu komið upp vegna faraldursins.

„Framleiðslan myndi mögulega stoppa ef ég gæti ekki pantað efni. Ég var líka komin í pælingar um gengisbreytingar og alheimskreppu. Ég var orðin ansi svartsýn og tæp á taugum þarna á tímabili," segir hún.

Vitundarvakning

Hildur segist hafa fundið fyrir ákveðinni vitundarvakningu þegar kemur að stuðningi við íslensk fyrirtæki í kjölfar faraldursins.

„Fólk áttar sig á því að ef það vill að uppáhalds búðin, veitingastaðurinn eða hönnuðurinn þeirra gangi þá þarf að styðja við þetta. Það er líka eins gott að það gangi betur núna heldur en í COVID. Þú getur rétt ímyndað þér hvernig var að reyna að selja fína kjóla þegar það voru engin afmæli, fermingar, frumsýningar, ekkert partí og ekkert stuð," segir hún.



Sumar, sól og bjartari tímar voru innblástur Hildar að nýjustu línunni.

Hildur segist að sama skapi hafa tekið eftir sterkari umhverfismeðvitund meðal Íslendinga.

„Fyrir nokkrum árum kvartaði fólk meira undan verði. Fötin mín eru ekki ódýr og föt eiga ekki að vera ódýr. Þetta er fjárfesting og það á að hugsa vel um þau, hengja þau fallega upp, laga saumsprettur og ekki vera að þvo þau of mikið. Við þurfum heldur ekki að eiga svona mikið af fötum.

Ábyrgðin liggur hjá framleiðendum en ekki síður hjá neytendum. Það er algjör friðþæging að kaupa bol úr lífrænni bómull sem þú ætlar bara að nota einu sinni og henda svo. Það er ekkert umhverfisvænt við það. Við erum að reyna að laga og gera betur, en þú verður líka að kjósa með veskinu þegar vel er gert," segir Hildur.

Hún segist eiga í einstaklega góðu og persónulegu sambandi við verksmiðjuna sína í Eistlandi.

„Við framleiðum aldrei mikið af neinu, ég vil ekki sitja uppi með stóran lager, það er mjög óumhverfisvænt. Ég er mjög heppin að þau leyfa mér að prufa mig áfram með snið og efni. Eins virða þau umhverfissjónarmið okkar og halda upp á minni efnisbúta sem falla til þegar efnið er klippt. Við hendum því aldrei efnum og höfum verið að nýta efnisafgangana í allskonar skemmtileg verkefni. Til dæmis nýttum við afgangs pallíettuefni í toppa til styrktar UN Women núna á HönnunarMars," segir Hildur.



Hildur segir það hafa reynst henni afar erfitt að geta ekki boðið upp á þá lúxusþjónustu sem hún er vön að gera meðan á faraldrinum stóð. MYNDIR/SAGA SIG





„Ég nota mikið tónlist þegar ég er að hanna og að þessu sinni var mikið um suðræna tónlist en einnig mikið diskó."



Meira flæði

Segðu mér frá nýjustu línunni þinni, hvernig varð hún til og hvaðan fékkstu innblástur?

„Við hönnuðum línuna í vetur. Við fylltum stúdíóið af sumarinnblæstri, vorum með exótísk blóm og höfðum sankað að okkur efnum í björtum litum. Ég nota mikið tónlist þegar ég er að hanna og að þessu sinni var mikið um suðræna tónlist en einnig mikið diskó. Skærir litir og sexí snið."

Nafnið á línunni, Cheer up, segir hún vera vísun í bjartari tíma, sól, sumar og stuð.

„Eftir þennan endalaust erfiða og dimma vetur þá þurfum við gleðibombu, fyrir mér stendur línan fyrir það. En svo hefur þetta líka vísun í það að við byrjuðum að vinna línuna út frá samstarfi við tónlistarkonuna og íkonið Cher. Við vorum fengin til að hanna tillögur að sviðsfatnaði á Cher. Við fengum því miður ekki verkefnið, þar sem gamall vinur hennar, Bob Mackie, ákvað að taka þetta að sér. Það er erfitt að keppa við þann snilling en Cher er víst voða ánægð með línuna og vonandi sjáum við hana í Cheer up! Það væri nú algjör draumur í dós."

Ertu byrjuð að huga að næstu línu?

„Já, ég er byrjuð að vinna að næstu línu, það gerist yfirleitt þegar ég er að hanna línu að önnur fæðist út frá henni. Svo er ég mikið að huga að því þessa dagana hvernig ég vil hafa flæðið í minni vinnu, það er oft mikill hraði í tískubransanum og ég er að reyna að finna minn takt. Við hér heima pössum alls ekki inn í útlenska módelið af „seasons", enda er þetta að mínu mati úrelt. Mig langar frekar að gera stíla sem ferðast á milli og eru ekki bundnir við eina línu."

Verslun Hildar er við Skólavörðustíg 22b en einnig er hægt að kaupa línuna á hilduryeoman.com.

steingerdur@frettabladid.is

OPIÐ LAUGARDAG 10-15

STÓR HUMAR



VELJUM ÍSLENSKT STYRKJUM ÍSLENSKT

TÚNFISKUR



TÚNFISKSTEIKUR



HUMARSÚPA FISKIKÓNGSINS



TILBÚIN



Fiskikóngurinn

Sogavegi 3 • Höfðabakka 1
Sími 555 2800



OPIÐ LAUGARDAG 10-15









LOK Á POTTA





NÓG TIL BÆNG!

HEITIRPOTTAR.IS

HÖFÐABAKKI 1 - SÍMI 7772000

Lífið í vikunni 21.06.20-27.06.20



ÓÁFENG SÓKN

„Það er oft þannig að sem fótboltamann langar mann að geta drukkið eitthvað annað en vatn í veislum, en getur kannski ekki farið í áfengi," sagði fótboltakappinn Rúrik Gíslason sem hefur verið á góðri siglingu utan vallar sem framleiðandi Glacier Gin en það er nú einnig fáanlegt óáfengt.



BÓKMENNTAILMURINN

Systurnar Rósa, Inga og Lilja Birgisdætur opnuðu sýninguna Ó-lykt með rithöfundinum og þjóðfræðingnum Vilborgu Bjarkadóttur í ilmsetrinu Fischer. Á sýningunni sem er liður í HönnunarMars er rýnt í hvernig ilmur getur auðgað ímyndunaraflið og dregið fólk inn í heim skáldskapar.



LITRÍKT KOSSAFLENS

Þótt Hinsegin dagar renni ekki upp fyrr en í ágúst er hinsegin bjórinn Kysstu mig Nr.T25 byrjaður að streyma og til þess að fagna fjölbreytileikanum sem aldrei fyrr sendir Borg brugghús bjórinn frá sér undir fánum tíu hinsegin hópa.



DOPPÓTT LEGO-FÓLK

LEGO-fólk sem er svo staðfast að það mælir allt í doppum er búið að þétta kubbaraðir sínar með stofnun Aðdáendafélags um LEGO sem ætlað er að skapa vettvang til að kubba og spjalla saman og auk þess að efla alþjóðleg tengsl og breiða út kærleiksboðskapinn.





„Allir mínir bestu vinir eru Púllarar og ég horfi stundum á leikina með þeim," segir Þráinn Ævarsson í Stáliðjunni og nýtir dauðan tíma í skurðarvélinni til að skera út stálslegin merki Liverpool og fleiri klúbba. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Púllarar á einum nagla

Meistaratitill Liverpool eykur álagið á Stáliðjuna þar sem merki liðsins er skorið sem veggskraut úr tveggja millimetra stálplötum.

Liverpool varð Englandsmeistari í knattspyrnu í fyrsta sinn í þrjátíu ár á fimmtudagskvöld og Þráinn Ævarsson hjá Stáliðjunni ætlar að bregðast við langþráðum titlinum með því að láta bæta 2020 við Liverpool-merkið sem skorið er úr tveggja millimetra stálplötum hjá fyrirtæki hans. Þá útilokar hann ekki tímabundna fjöldaframleiðslu.

„Það var ákveðið að ef við yrðum meistarar þá yrði farið í það að bæta 2020 undir þetta skilti og við byrjum greinilega á því núna eftir helgi," segir Þráinn sem ákvað að stíga varlega til jarðar þrátt fyrir gott útlit.

„Við þorðum náttúrlega að sjálfsögðu ekki að gera það fyrr og okkur var snarlega bannað að fara að „jinxa" þetta eitthvað með því að byrja strax. En núna verða skorin út nokkur svona. Hundrað stykki eða eitthvað," segir Þráinn sem reiknar með aukinni eftirspurn sem þó hafði þegar tekið kipp eftir að útvarpsmaðurinn Gulli Helga setti mynd af skiltinu sínu á Instagram í síðustu viku.



Gulli Helga er hress með skiltið sitt.

Töff á vegg

„Þetta er búið að vera að spyrjast ágætlega út núna upp á síðkastið og jú, jú, það kom sko svo sannarlega smá „boost" frá honum Gulla," segir Þráinn.

„Ég setti þetta bara inn á Instagramið hjá mér og er svo eiginlega ekki búinn að gera annað en að svara fólki hvar er hægt að fá þetta," segir Gulli og bætir við að stálskorið Liverpool-merkið sé verulega töff þegar það er komið upp á vegg.

„Þetta er nú ekki mjög flókið sko. Þetta er fyrirtæki sem pabbi heitinn átti og ég var staddur þarna þegar ég sá að þeir voru byrjaðir að skera þetta úr járni og ég fékk eitt merkið hjá þeim," segir Gulli um skiltið sitt sem hann segist bara hengja upp á vegg þegar það er leikur. „En þetta er ógeðslega flott og sýnir það bara hversu áhuginn á boltanum er mikill."

„Þetta er úr tveggja millimetra stáli og er svo sem engin hrikaleg léttvara en það er ekkert vandamál að setja þetta upp á vegg eða neitt þannig. Það er bara einn nagli," segir Þráinn. „Og ef út í það er farið getum við gert þetta í öllum stærðum," segir Þráinn sem hóf þessa framleiðslu fyrir hálfgerða tilviljun.

Púllararnir heitastir

„Þetta byrjaði eiginlega bara um jólin þegar ég gerði Manchester United skilti í jólagjöf handa vini mínum. Þegar lítið er að gera í skurðarvélinni setjum við plötu í og byrjum að skera og setjum þetta saman. Þetta er bara fín aukabúgrein með smíðinni," segir Þráinn sem hefur auk Liverpool og United til dæmis gert merki Arsenal og er með KR-merkið í vinnslu.

Þótt Þráinn sé ekki bundinn við Liverpool breytir það engu um að eftirspurnin er mest frá stuðningsfólki þess. „Þetta eru langmest Púllararnir enda eru þeir mestu geðsjúklingarnir á landinu. Þeir eru bara heitustu fótboltaaðdáendurnir og lifa sig einhvern veginn meira inn í þetta."

toti@frettabladid.is

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*

Snarlid

















Ný sería af snarlinu

Á Snarlid.is er að finna fjöldann allan af stuttum matreiðslumyndböndum fyrir börn, unglinga og alla sem eru að taka sín fyrstu skref í eldhúsinu.

Í myndböndunum má finna skemmtilegar uppskriftir og góð ráð!

Snarlið er eitt af samfélagsverkefnum Krónunnar sem hefur það að markmiði að vekja áhuga hjá krökkum á fjölbreyttari og hollari fæðu.

Matti, Móey, Áslaug, Alexandra, Karl og Baldvin eru krakkar á aldrinum 9-12 ára sem sýna snilldartakta í eldhúsinu í nýrri seríu Snarlsins.

Kíktu á Snarlid.is

KRÓNAN

BYKO



Allt að **50%** afsláttur!

SUMAR ÚTSALA

• **Sláttuvélar -25-30%** • **Rafmagns- og bensíngarðverkfæri -25-30%** • **Öll grill -25-30%** • **Öll Damixa blöndunartæki -25%** • **Valin Grohe blöndunartæki -10-30%** • **Öll Gjöco málning -20%** • **Salerni -25%** • **Baðkör -25%** • **Handlaugar -25%** • **Sturtubotnar -25%** • **Sturtuvinklar og -klefar -25%** • **Stálvaskar -25%** • **Mottur og dreglar -25%** • **Baðfylgihlutir -25%** • **Baðinnréttingar -25%** • **Valinn Snickers vinnufatnaður -20-50%** • **Háþrýstidælur -20-30%** • **Einhell ryksugur -20%** • **Járnhillur -20%** • **Tröppur og stigar -20-35%** • **Verkfæratöskur -20%** • **Verkfæraskápar -25%** • **Valin rafmagnsverkfæri -20-30%** • **Blá BOSCH verkfærasett -25%** • **Cofra öryggisskór og stígvél -20-50%** • **Blóm, tré og runnar -30%** • **Öll reiðhjól** *(ekki rafmagnshjól)* **-25%** • **Garðhúsgögn -25%** • **Fræ -40%** • **Ferðatöskur -40%** • **Leikföng** *(ekki trampólín)* **-25%** • **Blómapottar og garðskraut -30%** • **Endurvinnslutunnur -30%** • **Öll glös -30%** • **Matar- og kaffistell -30%** • **Kósývörur -30%** • **Silkiblóm -25%** • **Barnabílstólar -25%** • **Bílakerrur -20%** • **Tongrun bílavörur -20%** • **Motul bílavörur -30%** • **Garðhús -20%** • **SONAX bílavörur -20%** • **Emibig ljós -30%** og fleiri sértilboð á byko.is

GARDENA

Tilboðsverð

25%

Rafmagnssláttuvél

Powermax 42E, 1200 W, sláttubreidd 32 cm. Létt og þægileg í notkun.

22.496

54904073

Almennt verð: 29.995



GARDENA

Tilboðsverð

25%

Hekkklippur

Easycut 450/50, Léttar og þægilegar hekkklippur sem eru frábærar til að snyrta litla og miðlungsstóra runna..

11.246

54909831

Almennt verð: 14.995





20%

BOSCH

Tilboðsverð

Universal 130 bör

Ein vinsælasta háþrýstidælan frá BOSCH, mjög létt og meðfærileg á hjólum. 130 bör, 380 l/klst, 7,8 kg, 1700 W, 3 í 1 stútur, sápubox.

26.956

74810238

Almennt verð: 33.695

GROHE

Tilboðsverð

25%

Handúðari

Frábært sturtusett frá Grohe með króm húðun. Sturtuhausinn er með kalksteins vörn svo það safnist ekki upp í honum. Jafn úði.

5.621

15327853

Almennt verð: 7.495





25%



GROHE

Tilboðsverð

Handlaugartæki

Krómað Concetto handlaugartæki með einu handfangi og botnventli með lyftitappa.

13.496

15332204

Almennt verð: 17.995

Auðvelt að versla á byko.is

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

25-30% afsláttur - Öll grill

Tilboðsverð

Gasgrill

ROGUE R365, grillgrind 51x46cm úr pottjárni.

74.996

506600035

Almennt verð: 99.995

25%



Broil King
Great Barbecues Every Time

30%

Tilboðsverð

Gasgrill

ROYAL 320 með þremur ryðfríum brennurum, og grillgrindum úr pottjárni sem hægt er að snúa við.

55.997

50657512

Almennt verð: 79.995



NAPOLEON

30%

Tilboðsverð

Kolagrill

Pro22K-LEG, 57cm. Flott kolagrill sem getur grillað allt að 23 hamborgara í einu. Lokið opnast til hliðar. Með kolagrind úr stáli og öskupott sem tekur við útbrunnum kolum og auðvelt er að fjarlægja til að tæma.

44.097

506600090

Almennt verð: 62.995

Snickers WORKWEAR

30%

Tilboðsverð

Bómullarhúfa

Mjúk og teygjanleg húfa með stóru Snickers Workwear logoi, 100% nómull. Ein stærð.

1.887

93445000

Almennt verð: 2.695



Tilboðsverð STANLEY 20%

Verkfærabox

Svört og gul taska frá Stanley sem er sérstaklega hönnuð til að geyma verkfæri. Taskan er úr þykkum pólýester með hörðum vatnsheldum botni sem inniheldur polypropylene sem gerir töskuna sérstaklega sterka og endingargóða.

6.932

70193950

Almennt verð: 8.665



Tilboðsverð

GJØCO

Interiør 10

Lyktarlítil vatnsþynnanleg akrýlinnimálning. Þekur vel og gefur slitsterkt yfirborð sem auðvelt er að þrífa. Notast á flest alla fleti innandyra t.d. spónaplötur, gips, múr og steinsteypu.

10.076

80602709

Almennt verð: 12.595

Umhverfisvottuð málning



20% afsláttur öll GJØCO innimálning

Frábært verð! Gerðu verðsamanburð!
Verð á lítra 1.120

25% afsláttur Öll reiðhjól *ekki rafmagns

Tilboðsverð

Reiðhjól

16", gult.

16.496

49620062A

Almennt verð: 21.995

16"



KENT A century of cycling

Tilboðsverð

Reiðhjól

16", blátt/bleikt.

16.496

49620063A

Almennt verð: 21.995

16"



KENT A century of cycling



30%

Tilboðsverð

Longbow eik

Einstaklega fallegt harðparket frá Krono Original. Stærð: 192x1285mm Þykkt: 8mm AC5/33.

1.979kr/m²

0113628

Almennt verð: 2.872kr/m²

DECUS

73%

Tilboðsverð

Gólf- og veggflísar

Sexhyrndar gólf- og veggflísar. Stærð: 14x16,3cm Litur: Marmaralíki Marquina Flísar eru seldar í heilum pökkum. Það eru 58stk. í m2. Verð miðast við stykki..

1.992kr/m²

18087651

Almennt verð: 7.384kr/m²

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

FRÉTTABLAÐIÐ

550 5000

RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is

AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is

PRENTUN Torg ehf.

DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Auglýsingaefnið lendir á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað!

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma **550 5050** eða sendu tölvupóst **orn@frettabladid.is.**

BAKÞANKAR



Margrétar Kristmannsdóttur

Í dag er ég 100%

Það er einhver hátíðarbragur yfir deginum í dag. Við vöknum með smá fiðring í maganum – það liggur eitthvað í loftinu og við finnum að kjördagur getur breytt miklu. Við skynjum ábyrgðina og mætum á kjörstað til að velja okkur þjóðhöfðingja. Í dag stöndum við öll jöfn – eigum jafnmikið í forsetanum okkar. Einn kjósandi – eitt atkvæði.

En allt mun þetta breytast að ári þegar kosið verður til Alþingis en þá munu um 250.000 Íslendingar hafa tækifæri til áhrifa. Það sem fæstir vita þó er að áhrif þeirra eru æði mismikil.

Við hjón höfum undanfarin ár kosið í Kraganum – en í því kjördæmi eru allra lélegustu atkvæði landsins. Hvert atkvæði þar vegur aðeins um 50% af atkvæði í NV-kjördæmi þannig að við hjónin verðum að mæta bæði á kjörstað til að hafa sömu áhrif og einn kjósandi þar. Reykvíkingar eru aðeins betur settir því þeirra vægi er 65% og örlítið batnar staðan á Suðurlandi þegar talan er komin í 75%.

Kjósandi sem býr á Akranesi hefur þannig helmingi meira vægi en kjósandi í Mosfellsbæ svo dæmi sé tekið þó einungis 30 km skilji á milli. Þetta fyrirkomulag eru leifar gamalla tíma og er löngu tímabært að hver kjósandi hafi eitt atkvæði sem gildir 100%. En þessu úrelta kerfi er auðvitað viðhaldið því einhver telur sig græða á því – þannig er það alltaf.

Eitt af baráttumálum fyrir næstu alþingiskosningar verður jöfnun atkvæða enda engin glóra í því að einn daginn hafi kjósandi 100% vægi en falli síðan í verðgildi um helming næst þegar kjördagur rennur upp. En í dag ætla ég að njóta þess að vera 100% kjósandi og kjósa forsetann minn – í þeirri von að ég verði ég ekki hálfdrættingur að ári.





© Inter IKEA Systems B.V. 2020



ÄPPLARÖ bekkur **8.950,-**



HÅLLÖ sessur 62×62cm **3.250,-/stk.**



SJÄLLAND borð og tveir stólar með örmum **33.800,-**



TOSTERÖ geymslupoki fyrir sessur

2.990,-

Fyrir okkur og umhverfið

Langar þig í legubekk á svalirnar, borð fyrir garðveisluna eða hirslu fyrir garðáhöldin og sessurnar? ÄPPLARÖ er útihúsgagnalína með allt sem þú þarft – hvort sem þú ert með litlar svalir eða stóran garð. Allar einingarnar í ÄPPLARÖ línunni eru úr gegnheilum akasíuvið af sjálfbærari uppruna. Sterkbyggð húsgögn sem endast og eru framleidd á sjálfbærari máta fyrir okkur og umhverfið.



ÄPPLARÖ kollur **3.450,-**



ÄPPLARÖ stóll með örmum **7.950,-**



7.950,-

ÄPPLARÖ hægindastóll



HÅLLÖ sessur 44×44cm **1.650,-/stk.**



SAMSÖ sólhlíf

3.950,-

GRYTÖ sólhlífarstandur **5.950,-**



ÄPPLARÖ sætiseining **8.950,-**



ÄPPLARÖ geymslubekkur **17.950,-**



SALTHOLMEN borð og tveir fellistólar

10.350,-



TILBOÐ

Stjúpur

~~1.390,-~~ **1.090,-/10 stk.**

Kíktu á dásamlega sumarblómamarkaðinn í gróðurhúsunum, sjón er sögu ríkari!



ÄPPLARÖ fellborð og fjórir stólar **32.750,-**

VEITINGASTAÐURINN

Aðeins í júní

Lambasteik og meðlæti **1.295,-**



Piri piri kjúklingalæri og meðlæti **995,-**



Verslun opin 11-20 - veitingastaður opinn 11-19:30 - **IKEA.is**

IKEA